



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 13/2009 varðandi kostnaðargreiningu
fyrir opinn aðgang að koparheimtaugum**

(markaður 11 skv. eldri tilmælum)

17. júlí 2009

EFNISYFIRLIT

Bls.

1	Samantekt og niðurstöður ákvörðunar PFS	4
2	Ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11).....	6
2.1	Almennt	6
2.2	Nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá - Kostnaðargreining	8
2.3	Gjaldskrá Mílu.....	9
3	Málsatvik	10
3.1	Ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11).....	10
3.2	Upphafleg kostnaðargreining Mílu.....	10
3.3	Bréfaskipti PFS og Mílu í kjölfar upphaflegrar kostnaðargreiningar	10
3.4	Boðunarbréf PFS.....	12
3.5	Bréfaskipti PFS og Mílu í kjölfar boðunarbréfs PFS	13
3.6	Uppfærð kostnaðargreining og andmæli Mílu	14
3.7	Bréfaskipti PFS og Mílu í kjölfar uppfærðrar kostnaðargreiningar og andmæla Mílu	14
4	Niðurstaða PFS	16
4.1	Almennt	16
4.2	Línufjöldi.....	18
4.2.1	Upphafleg kostnaðargreining – Rekstrarupplýsingar vegna ársins 2007	18
4.2.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS.....	19
4.2.3	Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu.....	21
4.2.4	Afstaða PFS.....	21
4.3	Fjárfesting.....	23
4.3.1	Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007	23

4.3.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS.....	26
4.3.3	Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu.....	30
4.3.4	Afstaða PFS.....	34
4.4	Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC).....	40
4.4.1	Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007.....	40
4.4.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS.....	42
4.4.3	Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu.....	47
4.4.4	Afstaða PFS.....	49
4.5	Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum (e. working capital).....	53
4.5.1	Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007.....	53
4.5.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS.....	53
4.5.3	Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu.....	53
4.5.4	Afstaða PFS.....	53
4.6	Rekstrarkostnaður og -tekjur.....	55
4.6.1	Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007.....	55
4.6.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS.....	59
4.6.3	Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu.....	63
4.6.4	Afstaða PFS.....	64
4.7	Samandregin niðurstaða.....	68
4.7.1	Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007.....	68
4.7.2	Fyrirhuguð ákvörðun PFS.....	69
4.7.3	Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu.....	70
4.7.4	Afstaða PFS.....	71

1 Samantekt og niðurstöður ákvörðunar PFS

Í ákvörðun PFS nr. 26/2007 segir að gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu Mílu ehf. (Mílu) skuli byggjast á sögulegum kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Taka skal mið af rekstri sambærilegar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt.

Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð sem ávallt má krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum.

Grunnverð koparheimtauga samsvarar árlegum rekstrarkostnaði heimtaugakerfisins um land allt sem byggja skal á sögulegum kostnaði. Við árlegan rekstrarkostnað er heimilt að bæta afskriftum af fjárfestingum sem ekki er búið að afskrifa og hæfilegum hagnaði að mati PFS. Niðurstaðan skal gilda sem meðalgrunnverð fyrir landið allt. Aukagjaldið fyrir skiptan aðgang skal miðast við viðbótarkostnað Mílu af því að veita skiptan aðgang.

Í þeirri kostnaðargreiningu sem hér er til umfjöllunar er grunnverð fyrir aðgang að koparheimtaug byggt á sögulegum kostnaði. Kostnaðargreiningin nær eingöngu til mánaðarlegra verða fyrir aðgang að koparheimtaug og fyrir skiptan aðgang en ekki til einskisgjalda sem Míla kann að innheimta (t.d. stofngjöld) né verða fyrir tengda aðstöðu, svo sem hýsingar. Sérstök kostnaðargreining verður gerð fyrir slík gjöld sem tengjast aðgangi að koparheimtaugum.

PFS hefur yfirfarið og endurmetið þá kostnaðarútreikninga sem Míla lagði fram, en á grundvelli hennar fór Míla upphaflega fram á 94% hækkun gjaldskrár heimtaugaleigu sem samsvarar um [...] ¹ króna hækkun tekna á ársgrundvelli eða [...] á tekjum aðgangsnettsins. Upphafleg kostnaðargreining byggðist á rekstrarupplýsingum ársins 2007. Í kjölfar boðunarbréfs PFS afhenti Míla stofnuninni uppfærða kostnaðargreiningu sem byggði á rekstrarupplýsingum ársins 2008. Samkvæmt henni fór félagið fram á um 42% hækkun.

Niðurstaða PFS er á þá leið að miða skuli fjárfestingarstofn á árinu 2008 við framreiknaðan stofn ársins 2001 og hann var metinn í kostnaðargreiningu árið 2002, þ.e. [...] millj. kr. miðað við meðalverðlag ársins 2008. Framangreind hækkun á stofni samsvarar um 66% hækkun frá árinu 2001 í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Míla metur hins vegar fjárfestingu sína í koparnetinu í árslok 2008 [...] millj. kr. sem er 106% hækkun m.v. stofn fjárfestingar í árslok 2001. Félagið styðst við sögulegan kostnað í sínum útreikningum og framreiknar fjárhæðir með byggingarvísitölu til ársloka 2008. PFS hafnar framangreindri niðurstöðu Mílu um að mat fjárfestingar. Stofnunin hafnar m.a. framreikning Mílu til árslokaverðlags 2008 og að stofn fjárfestingar sé hærri að raungildi en í fyrri kostnaðargreiningu. Kostnaðargreiningin sem gerð var árið 2002 er enn grundvöllur núverandi verðlagningar og er eini raunhæfi samanburðurinn að mati PFS þegar metið er hvort aðgangsnet Mílu teljist hagkvæmt

¹ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

uppbyggt í dag, en stofnuninni ber skylda að gera slíkan samanburð þegar stuðst er við sögulegan kostnað, sbr. reglugerð 960/2001.

Niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) er að WACC fyrir Mílu skuli vera 8,7% á árinu 2008. Í fyrri ákvörðunum stofnunarinnar hefur komið skýrt fram að WACC útreikningar skuli byggjast á raunvöxtum enda metur PFS það svo að um raunkostnað sé að ræða þegar stuðst er við sögulegan kostnað og fjárfestingar eru framreiknaðar miðað við vísitölu. Innfalið í nafnvöxtum er verðbólguálag, sem búið er að taka tillit til við framangreint endurmat á fjárfestingarstofni. Jafnframt hefur í fyrri ákvörðunum PFS verið tillit tekið til skattahagræðis vaxta í samræmi við reglugerð nr. 960/2001.

Míla fer fram á að tekið sé tillit til fjárbindingar í birgðum félagsins. Niðurstaða PFS er að fjárbinding í veltufjármunum er sett á núll, þ.e. komi ekki til viðbótar heildarfjárbindingar félagsins eins og Míla fer fram á.

PFS telur rétt að styðjast við upplýsingar frá Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2008 að fjárhæð tæplega [...] millj. kr. enda telur stofnunin að hagræðing hafi átt sér stað í rekstri aðgangsnetsins á undanförunum árum. Þá telur PFS rétt að draga frá framangreindum rekstrarkostnaði aðgangsnetsins tekjur vegna stofngjalda o.fl., en kostnaður vegna þeirra var ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði aðgangsnetsins. Þessar tekjur námu rúmlega [...] millj. kr. á árinu 2008. PFS telur því rétt að þessar tekjur dragist frá metnum árlegum heildarkostnaði aðgangskerfisins. Því ákvarðast rekstrarkostnaður aðgangsnetsins [...] millj. kr. á árinu 2008.

PFS hafnar þeirri aðferð Mílu að bæta 25% álagningu á rekstrarkostnað ársins þar sem hún er í raun tekin í gegnum fjármagnskröfu (WACC) og er því ekki tekið tillit til þeirrar álagningar í mati á rekstrarkostnaði aðgangsnetsins.

PFS hafnar þeirri aðferð Mílu að framreikna niðurstöðu sína um gjaldskrá miðað við vísitölu. Kostnaðargreining sem grundvallast á sögulegum kostnaði byggir á því að allar fjárhæðir séu á verðlagi þess árs sem verið er að greina og aðrar forsendur miðist við viðkomandi ár.

Það er niðurstaða PFS að ekki sé rétt að nota viðmið (e. benchmark) sem grundvöll ákvörðunar varðandi verðlagningu Mílu á þessu stigi, sérstaklega vegna óvissu í gengismálum og að verð byggð á kostnaðargrunni ársins 2008 liggja nú fyrir.

Í samræmi við útreikninga PFS er það niðurstaða stofnunarinnar að mánaðarlegt grunnverð heimtaugar sé 916 kr. (neðra tíðnisvið) og fyrir skiptan aðgang 302 kr. (efra tíðnisvið), alls er því gjald fyrir fullan aðgang 1.218 kr. sem er 6,18% hækkun frá núverandi gjaldskrá. Byggist þetta á kostnaðargrunni ársins 2008.

PFS samþykkir því uppfærða kostnaðargreiningu Mílu með nánar tilgreindum breytingum og heimilar Mílu því að miða við ofangreind verð frá og með 1. september 2009 svo framarlega sem félagið tilkynnir leigutökum um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 30 daga fyrirvara, sbr. 3. kafla viðmiðunartilboðs Mílu fyrir opinn aðgang að heimtaugum, dags. 1. apríl 2009. Að öðrum kosti frestast gildistaka verðbreytinganna þar til félagið hefur uppfyllt umrætt ákvæði viðmiðunartilboðsins.

Míla skal uppfæra viðmiðunartilboð sitt fyrir opinn aðgang að heimtaugum eigi síðar en við gildistöku hinnar nýju verðskrár.

2 Ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11)

2.1 Almennt


Með ákvörðun PFS nr. 26/2007, frá 21. desember 2007, útnefndi PFS Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum. Umræddur markaður samsvarar markaði 11 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA frá árinu 2004. Fram kom að markaðurinn næði yfir:

- heimtaugar á koparlínupari
- heimtaugagreinar
- skiptan aðgang

Fram kom að heimtaug væri heiti notað um símalínu sem tengir nettengipunkt hjá notanda við tengigrind símsstöðvar eða sambærilegan búnað. Koparheimtaugar væru í flestum tilvikum tveggja eða fjögurra víra koparlínur og þjónuðu hver fyrir sig einum viðskiptavini. Jarðstrengir sem lögju frá símsstöðvum gætu verið með allt að 1000 koparlínum eða meira í einstaka tilfellum. Stærstu jarðstrengirnir væru lagðir út frá símsstöðvunum en eftir því sem lengra drægi frá símsstöð greindust strengirnir oftast í minni strengi. Síðasta spottann frá götuskáp inn í hús væru lagðir strengir með fáeinum línum nema þegar um væri að ræða fyrirtæki, stofnanir eða stór fjölbýlishús. Dæmi væru um að radíósambönd hefðu verið notuð í stað koparlína til þess að veita einstökum sveitabæjum símaþjónustu.

Smásölupjónusta sem reiddi sig á aðgang að heimtaug, ýmist fullan aðgang eða skiptan, gæti verið ein af eftirfarandi:

- Talsímaþjónusta og gagnaflutningur með upphringimótöldum.
- Samnetsþjónusta (ISDN).
- Bandbreiður gagnaflutningur, þ.m.t. Internet.
- Leigulínur.



Dæmi um koparheimtaugar

Þá kom fram að PFS hefði með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum. Á grundvelli niðurstöðu umræddrar markaðsgreiningar hefði PFS ákveðið að útnefna Mílu ehf. (Mílu) með umtalsverðan markaðsstyrk á markaðinum og leggja viðeigandi kvaðir á fyrirtækið.

PFS ákvað að leggja á Mílu skyldu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum og þjónustu á heildsölustigi. Jafnframt voru lagðar á kvaðir um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Mílu var gert skylt að birta viðmiðunartilboð fyrir aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Míla skyldi gera kostnaðarlíkan til útreikninga á gjaldskrá og skyldi hún vera sundurliðuð í grunnverð, aukagjald fyrir skiptan aðgang og gjöld fyrir tengda aðstöðu.

Markmið fjarskiptalöggjafarinnar og PFS með markaðsgreiningunni væri að greina stöðu samkeppni á fjarskiptamarkaði og leggja á viðeigandi kvaðir til að efla samkeppi, væri hún ekki talin vera nægjanlega virk, eins og niðurstaðan á umræddum markaði gæfi til kynna.

Eftirfarandi kveðir voru lagðar á Mílu í tengslum við leigu á koparheimtaugum í heildsölu (markaður 11):

1. Kvöð um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um **aðgang** að heimtaugum og þjónustu á heildsölustigi
2. Kvöð um að gæta **jafnræðis** við leigu koparheimtauga. Míla skyldi veita öllum leigjendum heimtauga, þ.m.t. eigin deildum og tengdum fyrirtækjum, þjónustu með sömu skilmálum, afgreiðsluhraða, verðum, gæðum og framboði.
3. Kvöð um að viðhafa **gagnsæi** við leigu koparheimtauga. Míla skyldi m.a. birta opinberlega viðmiðunartilboð um heimtaugar sem yrði viðhaldið og uppfært eftir þörfum og lagt fyrir PFS til samþykktar eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar um markað 11.
4. Kvöð um **bókhaldslegan aðskilnað** með því að skilja rekstur koparheimtauga frá öðrum rekstri í bókahaldi. Jafnframt skyldi aðskilja fjárfestingar í koparheimtaugakerfinu frá öðrum fjárfestingum Mílu. Míla skyldi fyrir 1. apríl árlega afhenda PFS álitsgerð sem innihéldi upplýsingar og yfirlit vegna kvaðarinnar um bókhaldslegan aðskilnað.
5. Kvöð um að ákveða **gjaldskrá** fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Gjaldskráin skyldi vera sundurliðuð í grunnverð, aukagjald fyrir skiptan aðgang og gjöld fyrir tengda aðstöðu. Míla skyldi gera kostnaðarlíkan til útreikninga á heimtaugaleigu, eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar um markað 11.

2.2 Nánar um kvöð um eftirlit með gjaldskrá - Kostnaðargreining

Skylda Mílu til að kostnaðargreina verð fyrir heimaugaleigu byggist á kvöðinni um eftirlit með gjaldskrá og styðst einnig við kvöðina um aðgang og bókhaldslega aðgreiningu.

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS kvöð á Mílu um að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu skyldi byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð sem ávallt má krefjast óháð notkun heimaugarinnar.
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum.

Þegar aðgangur skiptist á milli tveggja mismunandi fjarskiptafyrirtækja skal sá greiða grunnverðið sem hefur aðgang að neðra tíðnisviði á koparheimtauginni en hinn greiðir aukagjaldið.

Grunnverð koparheimtauga skal miðast við árlegan rekstrarkostnað heimaugakerfisins um land allt sem skal byggja á sögulegum kostnaði. Við árlegan rekstrarkostnað er heimilt að bæta afskriftum af fjárfestingum sem ekki er búið að afskrifa og hæfilegum hagnaði að mati PFS. Niðurstaðan skal gilda sem meðalgrunnverð fyrir landið allt. Aukagjaldið fyrir skiptan aðgang skal miðast við viðbótarkostnað Mílu af því að veita skiptan aðgang.

Allar breytingar á gjaldskrá Mílu vegna heimaugarleigu þarf að tilkynna til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

Í samræmi við 3. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti lagði PFS þá kvöð á Mílu að gera kostnaðarlíkan fyrir heimaugar sem sýni hvernig kostnaðarliðir eru heimfærðir á mismunandi kostnaðarbera og staði. Jafnframt áskildi PFS sér þann möguleika að nota heimild laganna til að taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt. PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar hvort hentugra væri að styðjast við LRIC² aðferð frekar en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár. Míla skyldi ljúka gerð kostnaðarlíkansins eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar nr. 26/2007.

Kvöð var lögð á Mílu um að færa kostnaðarbókhald yfir rekstur koparheimtauga sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði. Skyldi Míla afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar væru til að úthluta kostnaði og skila til PFS skýrslu frá óháðum endurskoðanda um að samræmi sé á milli lýsingar Mílu og útfærslu í bókhaldskerfi.

² Langtíma viðbótarkostnaður

Kvöðin um kostnaðarbókhald styður við kvöðina um að gjaldskrá taki mið af kostnaði og er nauðsynleg við framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði og getur stutt eftirlit með jafnræði.

2.3 Gjaldskrá Mílu

Gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugaleigu við birtingu ákvörðunar þessarar er sem hér segir:

Verð heimtauga, fullur og skiptur aðgangur í kr. án vsk.

Grunnverð og tegund aðgangs	Mánaðargjald
Grunnverð fyrir heimtaug *	862
Fullur aðgangur að heimtaug	1.147
Skiptur aðgangur að efra tíðnisviði heimtaugar	285

**Ávallt er innheimt grunnverð fyrir aðgang að heimtaug.*

Til frekari upplýsinga eru í eftirfarandi töflu sýndar hækkunir á verði heimtauga frá árinu 2001.

Hækkunir á verði á heimtauga, fullur og skiptur aðgangur í kr. á mánuði án vsk.

Dags.	Neðra tíðnisvið heimtaugar	Skiptur aðgangur að efra tíðnisviði	Fullur aðgangur	Hækkun í %
2.1.2001	757	250	1.007	0,0%
1.12.2002	825	272	1.097	9,0%
1.4.2005	862	285	1.147	4,5%

3 Málsvik

3.1 Ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11)

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007, frá 21. desember 2007, var m.a. lögð kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá á heildsölumarkaði fyrir aðgang að heimtaugum (M11). Félagið skyldi gera kostnaðarlíkan og afhenda það PFS innan sex mánaða frá birtingu ákvörðunar, þ.e. eigi síðar en 21. júní 2008.

3.2 Upphafleg kostnaðargreining Mílu

Þann 14. júlí 2008 sendi Míla kostnaðarlíkan til PFS til yfirferðar. Þar kemur fram lýsing á reiknilíkani, kostnaður við fjárbindingu og helstu niðurstöður kostnaðargreiningar. Míla lagði m.a. til grundvallar rekstrarkostnað ársins 2007 og framreiknaða stöðu fjárfestinga miðað við árslok 2007. Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) var sögð [...]. Kostnaðargreiningin var nánar útfærð af hálfu Mílu með bréfum, dags. 8. desember 2008 og 15. janúar 2009, auk annarra skýringa og sundurliðana sem PFS hefur borist frá Mílu í kjölfar fyrirspurna þar að lútandi.

Samkvæmt ofangreindri kostnaðargreiningu Mílu næmi grunnverð heimtaugarleigu [...] kr. á mánuði og verð fyrir skiptan aðgang [...] kr. á mánuði miðað við verðlag ársins 2007. Heildarverð fyrir fullan aðgang næmi því samtals [...] kr. Míla framreiknaði síðan tölur frá árinu 2007 til verðlags í nóvember 2008 í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar og mat grunnverð [...] kr. á mánuði og verð fyrir skiptan aðgang [...] kr. Heildarverð fyrir fullan aðgang [...] kr. á mánuði. Framangreind beiðni um verðhækkun fól í sér 94% hækkun frá núverandi verði.

3.3 Bréfaskipti PFS og Mílu í kjölfar upphaflegrar kostnaðargreiningar

Með bréfi, dags. 12. september 2008, sendi PFS Mílu nánar tiltekna spurningar vegna umræddrar kostnaðargreiningar. Óskað var eftir nánari útskýringum á línufjölda, rekstrarkostnaði, 25% álagningu á rekstrargrunn, forsendum WACC útreiknings, tekju- og kostnaðarskiptingu koparheimtaugar, stofnverð fjárfestinga, afskriftarforsendum og sundurliðun rekstrargjalda. Einnig var óskað eftir að félagið afhenti stofnuninni viðskiptaáætlun varðandi uppbyggingu heimtauganetsins, m.a. varðandi hugmyndir um ljósleiðaravæðingu í stað koparheimtauga, væri slík áætlun fyrir hendi.

Með tölvupósti, dags. 25. september 2008, óskaði Míla eftir lýsingu á því hvað viðskiptaáætlun innihéldi og hvers vegna slíka áætlun þyrfti. Samdægurs svaraði PFS því til að ekki væri ætlast til þess að Míla gerði viðskiptaáætlun eftir á ef slík gögn væru ekki þegar fyrir hendi.

Með bréfi, dags. 8. desember 2008, sendi Míla PFS svör vegna flestra ofangreindra spurninga stofnunarinnar. Fram kom að svör við öðrum spurningum yrðu send á innan tíðar.

Með bréfi, dags. 22. desember 2008, óskaði PFS eftir að Míla gerði grein fyrir forsendum vegna línufjölda, rekstrarkostnaðar, stofnverða fjárfestinga, afskrifta, ásamt ósk um afhendingu virðisrýrnunarprófs sem gert hefði verið samhliða ársreikningi Mílu fyrir rekstrarárið 2007.

Með bréfi, dags. 22. janúar 2009, sendi Míla stofnuninni svar vegna ofangreindra spurninga. Míla fékk ekki séð með hvaða hætti PFS þyrfti á virðisrýrnunarprófi að halda vegna kostnaðargreiningar sem byggði á sögulegum kostnaði. Óskaði Míla eftir frekari rökstuðningi frá PFS þar að lútandi.

Með bréfi, dags. 29. janúar 2009, sendi PFS félaginu spurningar vegna kostnaðargreiningar á hýsingu og aðgangi að koparheimtaugum, ásamt tengdri aðstöðu. Óskað var eftir kostnaðargreiningu á leiguverði, nágrennishýsingu, tengigrind, stofngjöldum, flutningi, útskiptingu og yfirtöku lína. Óskað var eftir sambærilegri sundurgreiningu kostnaðar og á markaði M11, M13, M14 þar sem kostnaður var settur í aðgreind fylki (e. matrix).

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2009, sendi PFS Mílu rökstuðning vegna virðisrýrnunarprófsins sem PFS hafði óskað eftir. Einnig voru Mílu veittar nánari útskýringar vegna annarra spurninga.

Með bréfi, dags. 5. mars 2009, sendi Míla stofnuninni svör vegna bréfsins frá 23. febrúar s.á. í máli Mílu kom fram að ársreikningurinn hefði verið áritaður af endurskoðendum og slíkt ætti að nægja PFS til fullvissu um að eignir félagsins hefðu ekki orðið fyrir virðisrýrnun.

Með bréfi, dags. 11. mars 2009, sendi Míla stofnuninni svör vegna spurninganna frá 29. janúar 2009 vegna hýsingar, einskisgjalda og aðgangs að koparheimtaugum. Taldi Míla að eðlilegt væri að ljúka kostnaðargreiningu og nýrri verðlagningu á heimtaugum (mánaðarlegu leiguverði) áður en ráðist yrði í að útbúa verðskrá fyrir hýsingu.

Með bréfi, dags. 20. mars 2009, sendi PFS Mílu ítrekunarbréf varðandi afhendingu virðisrýrnunarprófsins. Hótaði stofnunin beitingu dagsekta ef afhending ætti sér ekki stað án ástæðulauss dráttar.

Með bréfi, dags. 3. apríl 2009, afhenti Míla stofnuninni umbeðið virðisrýrnunarpróf vegna ársins 2007.

Með tölvupósti, dags. 6. apríl 2009, sendi PFS Mílu fyrirspurn varðandi stofngjöld. Óskað var eftir sundurliðun á tekjum stofngjalda vegna koparlína annars vegar og ljóslína hins vegar. Ennfremur hvort kostnaður á mótí umræddum tekjum hefði verið færður í kostnaðargreiningu fyrir mánaðarleg heimtaugaleiguverð. Svar Mílu barst með tölvupósti daginn eftir.

Með tölvupósti, dags. 20. apríl 2009, óskaði PFS upplýsinga varðandi tiltekið atriði í svari Mílu frá 7. apríl, þar sem talað var um að PFS gæti lækkað kostnaðinn um „sem nemur útreiknuðum stofngjöldum“. Sama dag staðfesti Míla framangreint, þ.e. að [...] millj. kr. tilheyrðu markaði 11.

Með tölvupósti, dags. 24. apríl 2009, sendi PFS Mílu fyrirspurn. Spurt var um hvort einhver kostnaður sem tengdist hýsingu væri gjaldfærður í kostnaðargreiningu þá sem varðaði mánaðargjöld heimtauga. Svar Mílu barst samdægurs og var á þá leið að svo væri ekki.

3.4 Boðunarbréf PFS

Með bréfi, dags. 20. maí 2009, sendi PFS Mílu fyrirhugaða ákvörðun varðandi kostnaðargreiningu fyrir aðgang að heimaugum til andmæla. Niðurstaða PFS var í grófum dráttum á þá leið að kostnaðargreining sú sem Míla hefði afhent PFS gæfi ekki tilefni til breytinga gildandi verðum þegar PFS hefði gert tiltekna leiðréttingar á ákveðnum forsendum sem Míla hefði lagt til grundvallar. Þar sem fram hafði komið í máli Mílu, að verulegar hækkunir verðlags síðan árið 2007 hefðu valdið því að rekstur félagsins væri orðinn óhagkvæmari en áður, veitti PFS félaginu færi á að afhenda stofnuninni nýja kostnaðargreiningu byggða á gögnum um rekstur og fjárfestingu félagsins á árinu 2008. Stofnunin væri tilbúin til að yfirfara slíka kostnaðargreiningu og gera viðeigandi breytingar á gjaldskrá ef niðurstaðan gæfi tilefni til.

Fram kom í ofangreindu boðunarbréfi PFS að beiðni Mílu um 94% hækkun gjaldskrár samsvaraði nálægt [...] tekjuhækkun á ársgrundvelli eða [...] á tekjum aðgangsnettsins. Samkvæmt upplýsingum Mílu hefði rekstrarhagnaður aðgangsnettsins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) aukist á tímabilinu 2005 til 2007, bæði sem hlutfall af tekjum og í krónum talið.

Í framangreindri kostnaðargreiningu væri grunnverð fyrir aðgang að koparheimaug byggt á sögulegum kostnaði og miðaðist við árið 2007. Kostnaðargreiningin næði eingöngu til aðgangs að koparheimaug og fyrir skiptan aðgang en ekki fyrir hýsingu, aðgang að aðstöðu eða einskiptisgjöld tengdum koparheimaug. Ennfremur næði kostnaðargreiningin ekki til ljósnetts Mílu enda væri sú þjónusta ekki bundin kvöðum, a.m.k. ekki enn sem komið væri.

Þá kom fram að PFS hygðist hafna þeirri aðferð Mílu að framreikna niðurstöðu sína varðandi gjaldskrá með vísitölu til verðlags í nóvember 2008. Kostnaðargreining sem grundvallaðist á sögulegum kostnaði byggði á því að allar fjárhæðir væru á verðlagi þess árs sem verið væri að greina. Aðrar forsendur miðuðust við viðkomandi ár, þ.m.t. raunverulegur rekstrarkostnaður ársins, einingafjöldi, fjárfestingar, endingartími, fjármagnskostnaður svo og aðrir þeir þættir sem tilheyrðu viðkomandi ári. Hefðu forsendur kostnaðar breyst milli ára myndi sú breyting koma fram í nýrri kostnaðargreiningu sem byggði á rauntölum úr rekstri viðkomandi árs.

PFS hefði í hyggju að miða fjárfestingarstofn á árinu 2007 við framreiknaðan stofn ársins 2001 ([...] millj. kr.) sem væri síðan hækkaður um 1,1% í samræmi við fjölgun línueininga í notkun á milli umræddra ára. Skyldi hann því vera [...] millj. kr. miðað við meðalverðlag ársins 2007. Framangreind hækkun á stofni samsvaraði um 41,4% hækkun frá árinu 2001, en með þessu móti væri Mílu að fullu tryggður sami raun afskriftargrunnur fjárfestingar og ef eingöngu væri miðað við virkar línur. Ef taka ætti tillit til hærri stofns fjárfestingar yrði að mati PFS þörf á að endurskoða forsendur um að miða eingöngu við fjölda línueininga eða línuígilda í notkun.

Þá kom fram að PFS hefði í hyggju að miða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) fyrir aðgangsnet Mílu við 8,6%. Í fyrri ákvörðunum stofnunarinnar frá árunum 2002 og 2005 hefði komið skýrt fram að WACC útreikningar skyldi byggjast á raunvöxtum enda mæti PFS það svo að um raunkostnað væri að ræða þegar byggt væri á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu. Inni í nafnvöxtum væri verðbólguálag, sem búið væri að taka tillit til við framangreint endurmat á stofni fjárfestingar. PFS hefði því í hyggju að byggja

WACC útreikninga á raunvöxtum. Jafnframt hefði í fyrri ákvörðunum PFS verið tekið tillit til skatta og væri það í samræmi við reglugerð nr. 960/2001. Í virðisrýrnunarprófi Mílu, sem væri hluti ársreiknings félagsins fyrir árið 2007, hefði Míla komist að þeirri niðurstöðu að ávöxtunarkrafan (WACC) væri rétt metin [...]%, en þar væri m.a. miðað við nafnvexti og tekið tillit til 18% tekjuskattssparnaðar vaxta. [...].

Einnig kom fram að PFS hefði í hyggju að styðjast við upplýsingar Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2007 að upphæð tæplega [...] millj. kr., en þó með fyrirvara um skiptingu kostnaðar milli sviða. PFS teldi rétt að draga frá rekstrarkostnaðinum tekjur vegna stofngjalda o.fl., en kostnaður vegna þeirra væri ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði aðgangsnetsins. Þessar tekjur næmu rúmlega [...] millj. kr. á árinu 2007, en PFS teldi rétt að þessar tekjur yrðu dregnar frá metnum árlegum heildarkostnaði aðgangskerfisins og skiptist á rekstrarkostnað og árgreiðslu. Þar af dragast [...] millj. kr. frá rekstrarkostnaði ársins, en [...] millj. kr. frá árgreiðslu fjárfestingar. Því hygðist PFS meta rekstrarkostnað aðgangsnetsins á um [...] millj. kr. á árinu 2007. Þá hygðist PFS hafna þeirri aðferð Mílu að leggja 25% álagningu á rekstrargjöld ársins og væri því ekki tekið tillit til þeirrar álagningar í mati á rekstrarkostnaði aðgangsnetsins.

Ennfremur kom fram að PFS hefði ekki í hyggju að nota viðmið (e. benchmark) sem grundvöll ákvörðunar verðs Mílu að svo stöddu, sérstaklega vegna óvissu í gengismálum, auk þess sem kostnaðargreind verð lægju fyrir. Almennt hefðu verð á heimtaugaleigu farið lakkandi í Evrópu á undanförunum árum og mikilvægt væri að verðþróun á Íslandi héldist í hendur við það sem best gerðist á sambærilegum mörkuðum þannig að starfsemi Mílu teldist rekin á hagkvæman hátt í samanburði við rekstur sambærilegrar þjónustu.

Það væri því niðurstaða PFS að kostnaðargreining sú sem Míla hefði afhent PFS gæfi ekki tilefni til breytinga gildandi verðum þegar PFS hefði gert ofangreindar leiðréttingar á forsendum þeim sem Míla hefði lagt til grundvallar, enda væri munurinn innan við 1% sem telja yrði innan skekkjumarka.

Að lokum kom fram að þar sem fram hefði komið í máli Mílu, að verulegar hækkanir verðlags síðan árið 2007 hefðu valdið því að rekstur félagsins væri orðinn óhagkvæmari en áður, veitti PFS félaginu færi á að afhenda stofnuninni nýja kostnaðargreiningu byggða á gögnum um rekstur og fjárfestingar ársins 2008. Stofnunin væri reiðubúin að yfirfara slíka kostnaðargreiningu og gera viðeigandi breytingar á gjaldskrá ef niðurstaðan gæfi tilefni til. Kysi Míla að halda sig við kostnaðargreiningu sem byggðist á fjárhagsupplýsingum ársins 2007 hefði PFS í hyggju að staðfesta þá niðurstöðu sem boðuð væri í bréfi þessu. Míla byðist því hér með tækifæri til að andmæla fyrirhugaðri ákvörðun PFS áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.

3.5 Bréfaskipti PFS og Mílu í kjölfar boðunarbréfs PFS

Með tölvupósti, dags. 5. júní 2009, sendi PFS Mílu umbeðna töflu vegna línueininga vegna ársins 2001 sem byggð var á skjali Landssíma Íslands, dags. 14. október 2002. Skjalið sýndi fjölda línueininga í notkun í árslok 2001 og var notað í kostnaðargreiningu heimtauga sem lauk á árinu 2002.

Með tölvupóst, dags. 5. júní 2009, sendi PFS Mílu umbeðið bréf PFS til Landssíma Íslands hf., dags. 29. desember 2004, sem hafði að geyma álit PFS við ýmsum álitaefnum sem forveri Símans hafði borið upp vegna kostnaðargreininga. Þar var m.a. fjallað um WACC útreikninga, en PFS hafði fengið Deloitte sér til aðstoðar varðandi það atriði.

3.6 Uppfærð kostnaðargreining og andmæli Mílu

Með bréfi, dags. 10. júní 2009, bárust andmæli Mílu við fyrirhugaða ákvörðun PFS. Míla andmælti ákveðnum þáttum í fyrirhugaðri ákvörðun³ en óskaði jafnframt eftir því að stofnunin miðaði endanlega ákvörðun sína við fjárhagsupplýsingar ársins 2008. Andmælin snéru einkum að:

1. WACC útreikningi,
2. álagi á rekstrarkostnað og
3. útreikningi á stofnverði fjárfestinga.

Míla reiknaði nýtt gjald fyrir heimtaug miðað við fjárhagsupplýsingar ársins 2008 þar sem búið væri að taka tillit til þeirra athugasemda PFS sem ekki væri ágreiningur um⁴. Niðurstaða útreiknings Mílu var á þá leið að verð fyrir fullan aðgang skyldi nema [...] kr. í stað 1.147 kr. nú. Það væri hækkun upp á um 42%. Samkvæmt þessu hækkaði verð fyrir neðra tíðnisvið úr kr. 862 í [...] og verð fyrir efra tíðnisvið úr kr. 285 kr. í kr. [...].

Fram kom að rekstrarkostnaður ársins 2008 sem tengdist umræddri kostnaðargreiningu hefði numið um [...] kr. (eftir að hafa dregið um [...] milljón kr. stofngjöld frá). Míla bætti síðan við rúmunum [...] milljónum sem kostnaði vegna fjárbindingar. Árgreiðsla fjárfestinga næmi síðan rétt tæpum [...] kr. (eftir að hafa dregið rúmar [...] millj. kr. stofngjöld frá) miðað við [...] % WACC hlutfall. Nánari grein verður gerð fyrir andmælum og sjónarmiðum Mílu sem fram komu í ofangreindu andmælabréfi í sérstökum köflum í umfjöllun um hin ýmsu álitaefni í kafla 4 hér að neðan.

3.7 Bréfaskipti PFS og Mílu í kjölfar uppfærðrar kostnaðargreiningar og andmæla Mílu

Með tölvupósti, dags. 16. júní 2009, óskaði PFS eftir nánari skýringum, sundurliðunum og útreikningum vegna hinar uppfærðu kostnaðargreiningar frá 10. júní. Spurningarnar snéru að

³ Míla kvaðst að þessu sinni ekki ætla að fjalla um fyrirhugaða niðurstöðu PFS vegna samanburðar milli landa (e. benchmark), þrátt fyrir að ljóst væri að samanburður við önnur lönd myndi leiða það í ljós að verð fyrir heimtaug á Íslandi væri allt of lágt miðað við gengi evru í dag. Að mati Mílu myndi gengi krónunnar ekki styrkjast á næstu árum.

⁴ Í ofangreindu bréfi Mílu kom m.a. fram það mat Mílu að stofnunin leitaði allra leiða til að komast hjá verðhækkun á heimtaug. Það væri ef til vill skiljanleg afstaða þar sem erfiðara væri að verja hækkun gagnvart almenningi en enga. Á undanförunum mánuðum hefðu orkufyrirtækin, sem að mörgu leyti væri í svipuðum rekstri og Míla, hækkað verð með einfaldri ákvörðun stjórna félaganna. Míla þyrfti á hinn bóginn að eyða verulegum fjármunum í að undirbyggja rök fyrir nauðsynlegri hækkun. PFS gæti í krafti stöðu sinnar óskað eftir frekari gögnum, sem þýddi að málin gætu dregist á langinn og þörfin fyrir hækkun yrði sífellt meiri. Jafnvel þó svo að reiknað væri út frá niðurstöðu ársins 2008 væri ljóst að þegar og ef til hækkunar kæmi, yrði grunnur hækkunar orðinn allt að eins árs. Stofnunin yrði að finna einhverja greiðfærari leið til að þau verð sem Míla byggði við tækju meira mið af verðlagsþróun.

vöxtum af skuldabréfum Mílu, fjölda línuleggja, fjölda heimtauga, útreikningum á línúgildum, meðalvísitölu ársins 2008 og upplýsingum um fjárfestingu ársins 2008.

Með tölvupósti, dags. 19. júní 2009, barst svar frá Mílu við ofangreindum spurningum öðrum en spurningunni um raunvexti af skuldabréfum Mílu sem vísað var til fjármálasviðs Skipta hf. til frekari úrvinnslu. Svar við þeirri spurningu barst síðan með tölvupósti, dags. 22. júní s.l.

Með bréfi, dags. 22. júní 2009, barst PFS rekstraryfirlit frá Mílu fyrir árið 2008 sem átti að sýna að hýsingargjöld krefðust hækkunar. Fram kom að Míla hefði tekið saman tekjur og gjöld vegna hýsingar á árinu 2008 og niðurstaðan sýndi að um verulegt tap væri að ræða á þjónustunni. Míla fór fram á það að gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu) yrði áfram tengd byggingarvísitölu eins og áður tíðkaðist⁵.

Með tölvupósti, dags. 25. júní 2009, sendi PFS Mílu ýmsar spurningar varðandi ofangreinda kostnaðargreiningu varðandi hýsingu.

Með tölvupósti, dags. 3. júlí 2009, sendi PFS Mílu spurningar varðandi sundurliðun tekna, kostnaðar og eignfærslna.

Með tölvupósti, dags. 10. júlí 2009, barst PFS svar vegna sundurliðun tekna, kostnaðar og eignfærslna.

Með tölvupósti, dags. 13. júlí 2009, sendi PFS Mílu spurningar vegna mismun tekna.

Með tölvupósti, dags. 13. júlí 2009, sendir Míla svar vegna spurninga um mismun tekna.

Með tölvupósti, dags. 15. júlí 2009, sendi PFS Mílu spurningar vegna heimfærslu kostnaðar aðgangsnetsins.

Með tölvupósti, dags. 15. júlí 2009, sendir Míla svar vegna spurninga um heimfærslu kostnaðar aðgangsnetsins.

Með tölvupósti, dags. 15. júlí 2009, sendi PFS Mílu nánari spurningar vegna heimfærslu kostnaðar aðgangsnetsins.

Með tölvupósti, dags. 15. júlí 2009, sendir Míla nánari svör vegna spurningar um heimfærslu aðgangsnetsins.

⁵ Með ákvörðun PFS nr. 1/2009 frá 19. febrúar 2009 bannaði PFS Mílu að hækka hýsingargjöld í takt við þróun byggingarvísitölu frá og með 1. janúar 2008 þar sem ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) frá 21. desember 2007 hafði kveðið á um að Míla skyldi kostnaðargreina hýsingarverð sín. Míla kærði umrædda fyrrgreinda ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti hina kærðu ákvörðun með úrskurði nr. 2/2009 frá 19. júní s.l. PFS mun taka umrædda kostnaðargreiningu Mílu fyrir hýsingu til meðferðar í sérstöku máli sem tengist þeirri kostnaðargreiningu sem hér er til úrlausnar aðeins með óbeinum hætti.

4 Niðurstaða PFS

4.1 Almennt

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaug (M11) var Mílu gert að gera kostnaðarlíkan sem sýnir hvernig kostnaðarliðir eru heimfærðir á mismunandi kostnaðarbera og staði.

Í kostnaðargreiningu Mílu sem hér er til umfjöllunar er grunnverð fyrir aðgang að koparheimtaug byggt á sögulegum kostnaði í samræmi við ofangreinda kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins. Kostnaðargreiningin nær eingöngu til aðgangs að koparheimtaug (mánaðarleg leigugjöld) en ekki til aðstöðuleigu (hýsingar) eða einskiptisgjalda (t.d. stofngjalda). Sérstök kostnaðargreining verður gerð fyrir slík gjöld.

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerð nr. 960/2001⁶, ERG Common Position⁷ og Commission Recommendation (2005/698/EC)⁸ og IRG Regulatory Accounting⁹. Einnig verður stuðst við viðurkenndar upplýsingaveitur eins og Bloomberg og Ibbotson, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum.

PFS leggur jafnframt til grundvallar þær forsendur og þá aðferðafræði sem notuð var við kostnaðargreiningu árið 2002 á aðgangsneti Símanns, að meginstefnu til. Í þeirri kostnaðargreiningu var lögð ítarleg vinna í að greina einstaka þætti í rekstri og fjárfestingu koparheimtauga og tengdum búnaði. PFS telur að þá hafi verið lagður grunnur að gjaldskrá sem byggði á mati á hagkvæmt uppbyggðu og reknu kerfi.

Míla var stofnuð á árinu 2007 og hófst eiginlegur rekstur félagsins þann 1. apríl 2007. Meginstarfsemi Mílu felst í þeim rekstri sem áður tilheyrði fjarskiptaneti Símanns, þ.e. uppbyggingu og rekstri á fjarskiptaneti og þjónustu sem því tengist. Eignir sem tilheyrðu framangreindri starfsemi fluttust yfir til Mílu ásamt skuldum og eigin fé. Míla selur sína þjónustu í heildsölu til fjarskiptafyrirtækja. Um [...] % af tekjum Mílu eru vegna viðskipta við systurfyrirtækið Símann, en Síminn og Míla eru 100% í eigu Skipta hf. Þegar fjallað er um Mílu þá er jöfnum höndum verið að vísa til einkahlutafélagsins Mílu og reksturs og uppbyggingar á fjarskiptaneti Símanns fyrir þann tíma er Míla hóf rekstur.

PFS leggur til grundvallar rekstrarkostnað ársins 2008 á verðlagi þess árs og framreiknaða stöðu fjárfestinga á meðalverðlagi þess árs. Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

⁶ Reglugerð nr. 960/2001 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

⁷ ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29.

⁸ COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

⁹ IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.

Í ákvörðun þessari notar PFS heitið *aðgangsnét* (einnig nefnt notendanet) sem samheiti yfir heimtaugar (markaður 11) og lúkningarluta leigulína (markaður 13). Þegar lagt er mat á árlegan rekstrarkostnað og fjárfestingu í aðgangsnétinu þá er PFS sammála því mati Mílu að nauðsynlegt sé að greina kostnað heimtauga (markaður 11) og lúkningarluta leigulína (markaður 13) sameiginlega, þar sem mjög erfitt er að skipta kostnaði aðgangsnetsins á milli framangreindra markaða. PFS metur því aðgangsnetið í heild, en stofnunin telur að sú aðferð að skipta kostnaði á grundvelli línugilda hverju sinni sé best til þess fallin að aðgreina kostnað á milli viðkomandi markaða þegar þörf er á, t.d. við verðlagningu lúkningarluta leigulína. Hluti heimtaugar (markaður 11) er metinn 95,4% af rekstri og fjárfestingu aðgangsnetsins, en hluti lúkningarluta leigulína (markaður 13) er metinn 4,6% skv. þessum forsendum.

PFS hefur lagt áherslu á að flýta yfirferð umræddrar kostnaðargreiningar Mílu sem lögð var fram í júlí 2008, en stofnunin hefur þurft að leita eftir ýmsum viðbótargögnum og skýringum hjá félaginu til að fá þá heildarmynd af rekstri og efnahag félagsins sem stofnunin taldi nauðsynlega. Gagnasöfnunin fólst í fyrirspurnum um ýmis atriði auk óska um ítarlegar sundurliðanir einstakra liða og leiðréttingar. Með svörum Mílu í desember til maí s.l. og andmælum Mílu og uppfærðri kostnaðargreiningu miðað við rekstrarárið 2008 sem barst með bréfi, dags. 10. júní s.l., telur PFS sig hafa fengið þær lágmarksupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á útreikninga félagsins á gjaldskrá koparheimtauga.

Í boðunarbréfi sínu, dags. 20. maí s.l., kvaðst PFS ekki hafa í hyggju á þessu stigi að nota viðmið (e. benchmark) sem grundvöll ákvörðunar verðs Mílu eins og henni væri heimilt. Sérstaklega var vísað til óvissu í gengismálum og þess að kostnaðargreind verð lægju fyrir. Almennt hefði verð á heimtaugaleigu farið lakkandi í Evrópu á undanförunum árum og taldi PFS mikilvægt að verðþróun á Íslandi héldist í hendur við það sem best gerðist á sambærilegum mörkuðum. Þótt Míla væri ekki sammála þessari afstöðu PFS gerði félagið ekki efnislegar athugasemdir við þær fyrirætlanir PFS¹⁰. Því er ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um þetta atriði í ákvörðun þessari.

Í kafla 4 hér að neðan gefur að líta forsendur og niðurstöðu ákvörðunar PFS í máli því sem hér er til meðferðar. Fjallað er um helstu þætti sem PFS telur mikilvæga sem forsendur fyrir fyrirhugaðri afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir heimtaugaleigu í sérstökum undirköflum. Umræddir þættir eru eftirfarandi:

1. Línufjöldi
2. Fjárfesting
3. WACC
4. Kostnaður vegna veltufjárbindingar
5. Rekstrarkostnaður

Hver undirkafli er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir upphaflegri kostnaðargreiningu Mílu, því næst fyrirhugaðri ákvörðun PFS, þá uppfærðri kostnaðargreiningu og andmælum Mílu og loks ákvörðun PFS varðandi sérhvert atriði. Í kafla 4.7 er síðan niðurstaða PFS dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

¹⁰ Míla kvaðst að þessu sinni ekki ætla að fjalla um fyrirhugaða niðurstöðu PFS vegna samamburðar milli landa (e. benchmark), þrátt fyrir að ljóst væri að samamburður við önnur lönd myndi leiða það í ljós að verð fyrir heimtaug á Íslandi væri allt of lágt miðað við gengi evru í dag. Að mati Mílu myndi gengi krónunnar ekki styrkjast á næstu árum.

4.2 Línufjöldi

4.2.1 Upphafleg kostnaðargreining – Rekstrarupplýsingar vegna ársins 2007

Míla reiknaði línufjöldann miðað við tekjufærð afnotagjöld félagsins af einstökum línunum. Þannig voru tekjur sundurliðaðar niður á heimtaugar og leigulínur og reiknað út línuígildi, þar sem eitt ígildi jafngildi einingarverði heimtaugar. Þessir útreikningar voru í samræmi við þá aðferð sem notuð var í fyrri kostnaðargreiningum sem gerðar hafa verið á notendanetinu.

Míla taldi að NMS kerfið (línuskráningarkerfi Mílu) væri óhentugt til að ná fram stöðu aftur í tímum án mikillar fyrirhafnar. Míla lagði fram eftirfarandi töflur um fjölda lína og línuígilda í bréfi sínu, dags. 8. desember 2008:

Meðalfjöldi lína 2007

„Meðalfjöldi lína reiknast þannig (hver línueining miðast við 2ja víra línulegg)

[...] ¹¹

* Fyrstu tvær línurnar í töflunni teljast til heimtauga en aðrar línur eru leigulínur.“

Línur alls 2007 (31.12.2007)

Línufjöldi í árslok 2007 var eftirfarandi (hver línueining miðast við 2ja víra línulegg)

[...] ¹²

* Fyrstu tvær línurnar í töflunni teljast til heimtauga en aðrar línur eru leigulínur.“

Línuígildi er tengdust markaði 11 væru því [...] (95,4%) og línuígildi er tengdust markaði 13 væru [...] (4,6%). Samtals [...] línuígildi. Í neðangreindri töflu mátti sjá nánari útlistun á útreikningi á fjölda lína:

¹¹ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

¹² Tafla felld brott vegna trúnaðar.

Í töflunni hér að neðan má sjá nánari útlístun á útreikningi á fjölda lína.

[...]¹³

Þá kom fram í máli Mílu að félagið aðgreindi ekki línur í PSTN eða ISDN, enda væri enginn munur á þessum línur í koparkerfinu, hvorki tæknilega né varðandi verð. Í neðangreindri töflu fylgdi yfirlit yfir fjölda lína á efra og neðra tíðnisviði í árslok 2007:

Fjöldi lína á efra og neðra tíðnisviði í árslok 2007

Línur skiptast þannig á efra og neðra tíðnisvið

[...]¹⁴

4.2.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS

Fram kom í boðunarbréfi PFS að við mat á línufjölda hefði PFS í hyggju að beita sömu aðferð og gert hefði verið árið 2002 við síðustu kostnaðargreiningu heimtaugarinnar. Eingöngu væri miðað við fjölda notenda hverju sinni en ekki heildarfjölda lína. Samhliða skyldi fjárfesting í aðgangnetinu vera hagkvæm. Þar sem allur rekstrarkostnaður væri metinn inn í þann ramma sem kostnaðargreiningunni væri skammtaður þyrfti að gera ríkar kröfur um að rekstur byggðist á hagkvæmt reknu kerfi.

Við útreikning á gjaldskrá heimtaugaleigu væri öllum línur umbreytt í línúgildi samkvæmt ákveðnum stuðlum í þeim tilgangi að heimfæra kostnað á mismunandi vörur sem byggðist á notkun heimtauga. Hver línueining skyldi miðast við 2ja víra línulegg. Línúgildi skyldi reiknast sem línueining * stuðull eins og fram kæmi í neðangreindri töflu:

¹³ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

¹⁴ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

Stuðlar fyrir umreikning línueininga yfir í línuígildi

Tegund	Stuðull	Markaður
Heimtaugar	1,00	11
Skiptur aðgangur (efra tíðnisvið)	0,33	11
Grunnlínur	1,00	13
Grunnlínur upp að 2 Mb.	1,33	13
64 kbits lína	1,00	13
128 kbits lína	1,00	13
256 kbits lína	1,10	13
512 kbits lína	1,20	13
2 Mbits lína	1,40	13

PFS hafði í hyggju að styðjist við tölur Mílu um fjölda lína á árinu 2007 sem fram kæmu í bréfi félagsins, dags. 8. desember 2008, og tölur úr kostnaðargreiningu á árinu 2002 vegna fjölda lína á árinu 2001. Fjöldi lína væri síðan umreiknaður yfir í línuígildi sem væri grunneining gjaldskrár, sbr. yfirlit Mílu.


Fjöldi línueininga og línugilda 2001 og 2007

	2001	2007	Breyting	%
Fjöldi lína í notkun í árslok (línueiningar)	[...]	[...]	[...]	1,1%
Fjöldi línuígilda í árslok	[...]	[...]	[...]	14,8%
Meðalfjöldi línuígilda á árinu	[...]	[...]	[...]	14,6%

Í árslok 2007 tilheyrðu [...] línuígildi (95,4%) markaði 11 og [...] línuígildi (4,6%) markaði 13. Sömu prósentur ættu við þegar horft væri til meðalfjölda línuígilda. PFS taldi því rétt að miða við þessa skiptingu sem grunn ef skipta þyrfti fjárfestingum og rekstrarkostnaði aðgangsnetsins á milli þessara markaða. Eins og fram kæmi í framangreindri töflu hefði línur í notkun, mælt í línueiningum, fjölgað um [...], eða 1,1%. Á sama tíma hefði línuígildum hins vegar fjölgað um [...], eða 14,8%, til ársloka ársins 2007.

Ofangreind fjölgun línuígilda skýrðist fyrst og fremst af fjölgun skipts aðgangs (aðallega vegna ADSL tenginga), en þessar tengingar hefðu verið [...] í árslok 2001 og hafði þeim fjölgað í [...] í árslok 2007. Þegar skiptum aðgangi væri umbreytt í línuígildi væri stuðullinn 0,33 notaður, sem þýddi að línuígildum vegna skipts aðgangs hefði fjölgað úr [...] í árslok 2001 í [...] í árslok 2007. Eftirfarandi mynd sýndi fjölda heimtauga og skipts aðgangs í árslok 2001 og 2007. Tölur væru byggðar á upplýsingum frá Mílu.

Fjöldi heimtauga og skipts aðgangs í notkun árin 2001 og 2007 (markaður 11)¹⁵



4.2.3 Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu

Míla bendir á að útreikningur á fjölda línuleggja væri ekki réttur. Hið rétta væri að fjöldi lína væri [...] en ekki [...] í árslok 2001. Skýringin væri sú að í töflu þeirri sem Míla afhenti PFS með upphaflegri kostnaðargreiningu væri hver lína tveir leggir, en gleymst hefði að margfalda allar línurnar í töflunni nema 64 og 128 kb/s með tveimur. Þetta þýddi að línuleggjum hefði í raun fækkað á þessu tímabili.

Skýringin á ofangreindri fækkun lína væri sú að í dag væru leigðar mun færri hefðbundnar stafrænar leigulínur en áður, þar sem viðskiptavinir hefðu í auknum mæli keypt ADSL þjónustu í stað leigulína. Hér væri því um tilflutning á milli þjónustuflokka að ræða.

Niðurstaða Mílu varðandi fjölda línúgilda á árinu 2008

Það var niðurstaða Mílu að meðalfjöldi 2 víra línúgilda væri [...] á árinu 2008 og [...] í árslok þess árs.

4.2.4 Afstaða PFS

PFS fellst á að leiðrétta fjölda línueininga í árslok 2001 úr [...] í [...]. Auk þess hefur PFS uppfært eftirfarandi töflu sem sýnir fjölda línueininga (línuleggja) og línúgilda á árinu 2001 annars vegar og á árinu 2008 hins vegar enda eru þær tölur lagðar til grundvallar í útreikning á heimtaugaleigu.

[...]¹⁶

¹⁵ Tölur um fjölda heimtauga og skipts aðgangs á lóðrétta ás myndarinnar felldar brott vegna trúnaðar.

¹⁶ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Þó má segja að í grófum dráttum hefði fjöldi lína (línueiningar) í notkun í árslok 2007 fækkað um 2,8% miðað við árslok 2001. Fjöldi línúgilda fjölgaði hins vegar um 13,8% á sama tímabili og meðalfjöldi línúgilda innan árs fjölgaði um 15,6% á sama tímabili.



Línueiningum hefur fækkað á tímabilinu um tæplega 3%, en PFS lækkar ekki fjárfestingarstofn sem því nemur þar sem fækkunin er innan eðlilegra vikmarka að mati stofnunarinnar. (Sjá nánar í umfjöllun um fjárfestingu).

Á árinu 2008 tilheyrðu [...] línuígildi (95,4%) markaði 11 að meðaltali og [...] línuígildi (4,6%) markaði 13 að meðaltali. Hlutfallsleg skipting milli markaðar 11 og markaðar 13 er óbreytt frá árinu 2007.

4.3 Fjárfesting

4.3.1 Upphafleg kostnaðargreining – Fjárfestingarupplýsingar vegna ársins 2007

Fram kom að heimitaugakerfi Mílu samanstæði af skurðum, lögnum, koparheimtaugum, notendafjölsímum, notendaörbylgjum, NMS skráningarkerfi, tengigrindum og ýmsum tækjabúnaði.

Míla mæti fjárfestingu í koparheimtaugum með því að framreikna árlega fjárfestingu á tímabilinu 1999–2007 með byggingarvísitölu í árslok 2007. Við útreikning á fjárfestingu í koparlögnum væru 18 ár lögð til grundvallar í útreikningi á stofnverði viðkomandi fjárfestingar, þ.e. 18 ára endingartími. Afskriftir væru hins vegar miðaðar við 18 ár á landsbyggðinni og 10 ár á höfuðborgarsvæðinu. Tengdur búnaður væri einnig endurmetinn með byggingarvísitölu til ársloka 2007, en miðað væri við 5 - 6,67 ára endingartíma.

Fjárfesting á verðlagi hvers árs næmi alls [...] millj. kr., þar af í koparheimtaugum [...] millj. kr. og öðrum kerfishlutum [...] millj. kr. Uppreiknuð fjárfesting miðað við byggingarvísitölu í árslok 2007 næmi alls [...] millj. kr., þar af í koparheimtaugum [...] millj. kr. og öðrum kerfishlutum [...] millj. kr. Hefði Míla stuðst við 20 ára endingartíma koparlagna þá næmi uppreiknuð fjárfesting [...] millj. kr. í árslok 2007.

Í svarbréfi Mílu til PFS, dags. 15. janúar 2009, kæmi eftirfarandi fram:

Samandregið yfirlit yfir fjárfestingar og afskriftartíma

Kerfishlutar	Stofnverð	Afskriftartími (ár)
Kopar - höfuðborgarsvæðið	[...]	10
Kopar - landsbyggðin	[...]	18
Notendafjölsímar.....	[...]	6,67
Notendaörbylgjur.....	[...]	6,67
NMS kerfið.....	[...]	5
Tækjabúnaður.....	[...]	5
Tengigrindur	[...]	18
	[...]	

Sundurliðuð fjárfesting á verðlagi hvers árs

[...] ¹⁷

Sundurliðuð fjárfesting framreiknuð með byggingarvístölu til ársloka 2007

Byggingarvísitala í árslok 2007 377,9 stig

[...] ¹⁸

Í ofangreindu svarbréfi Mílu, dags. 15. janúar 2009, gerði félagið grein fyrir forsendum við mat á fjárfestingum í heimtaugakerfinu. Þar kom m.a. fram að stofnverð á kopar væri reiknað á sama hátt og í kostnaðargreiningunni 2002. Stofn ársins 1999 væri uppreiknaður þannig að samanlagðar fjárfestingar árána 1994-1999 væru uppfærðar með því að margfalda með árafjölda (18 ár – 8 ár, þ.e. árin 2000-2007) og deilt í með fjölda ára (1994-1999). Þá væri bætt við fjárfestingum árána 2000-2007. Stuðst væri við byggingarvístölu. Þetta væri einnig gert við höfuðborgarsvæðið, en þar miðaðist árgreiðslan við 10 ár, þar sem í raun þyrfti að dreifa fjárfestingum síðustu 18 ára niður á 10 ár.

¹⁷ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Taflan sýnir sundurliðun fjárfestinga á verðlagi hvers árs frá árinu 1994 til 2007. Sundurliðað er eftir koparnotalínunum á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, fjölsímum, örbylgjum, tækjum og búnaði, tengigrindum og NMS.

¹⁸ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Taflan sýnir sundurliðun fjárfestinga framreiknaða með byggingarvístölu til ársloka 2007 frá árinu 1994 til 2007. Sundurliðað er eftir koparnotalínunum á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, fjölsímum, örbylgjum, tækjum og búnaði, tengigrindum og NMS.

Míla skýrir 10 ára afskriftartíma koparkerfisins á höfuðborgarsvæðinu m.a. með eftirfarandi hætti í upphaflegri greinargerð sinni frá júlí 2008:

„Stofnverð fjárfestinga í koparkerfinu er miðað við árslok á hverju ári. Líftími koparstrengja er 18 ár. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í koparstrengjum er [...] % og er áætlað að líftími þess hluta koparkerfisins sé um 10 ár. Reiknað er með að ljósnet leysi af koparkerfið á einum áratug á höfuðborgarsvæðinu, en síðar meir á landsbyggðinni.“

Í bréfi til Mílu, dags. 12. september s.l., spurði PFS um hvort viðskiptáætlun lægi að baki framangreindum fyrirætlunum. Míla svaraði með bréfi, dags. 15. janúar 2009, með eftirfarandi hætti:

„Ekki hefur verið unnin eiginleg viðskiptaáætlun um lagningu á ljósneti vs. kopar í heimtaugum í ný hverfi, þar sem slíkt liggur yfirleitt ekki fyrir með löngum fyrirvara. Míla fylgir uppbyggingaráætlunum borgarinnar og annarra sveitarfélaga og stýrir almennt ekki uppbyggingarhraða. Það hefur þó verið tekin sú ákvörðun að í öllum nýjum hverfum, s.s. í Úlfarsárdal, Leirvogstungu og Tjarnarbyggð, að leggja eingöngu ljósleiðara. Sú regla hefur gilt á undanförunum árum að hverfi eru um það bil 5-6 ár að byggjast upp. Í þeim hverfum sem byrjað hefur verið að leggja ljósleiðara og kopar verða þau hverfi kláruð með þeim hætti. Þannig má ætla að innan 4-5 ára verði eingöngu lagður ljósleiðari. Hvert hlutfallið verður milli kopars annars vegar og ljósnets hins vegar er óljóst.“

Sé horft til þróunar í samsetningu fjárfestinga í aðgangsneti Mílu er ljóst að þáttur ljósnets fer ört vaxandi. Sambærileg þróun í lagningu heimtauga á nýbyggingarsvæðum (green field) á sér stað á Norðurlöndunum. Ljósnet leysir koparheimtaug af hólmi. Almennt er reiknað með að tæknibreytingar í samskiptum (fjarskiptum) sem verða heimilum aðgengileg í nánustu framtíð feli í sér þörf fyrir aukna bandbreidd. Á meðfylgjandi samantekt sést að árleg fjárfesting í koparheimtaugum er mun minni á árinu 2008 en árið 2004, á meðan að margföldun er í fjárfestingu í ljósneti á sama tíma. Á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi sést þessi þróun enn betur.

Á liðnu ári eru fjárfestingar í ljósneti umfangsmeiri en í koparheimtaugum á höfuðborgarsvæðinu. Þessar breytingar styðja að okkar mati að afskriftartími sé stytur á höfuðborgarsvæðinu. Þó svo að samdráttur sé hafinn í byggingariðnaði og fyrirhugaðar fjárfestingar í aðgangsneti komi til með að dragast saman næstu árin, er það okkar mat, að eftirspurn eftir bandbreiddum heimtaugum í aðgangsneti komi til með að ráða ferðinni í framtíðinni og þar af leiðandi fari hlutdeild ljósnets vaxandi á kostnað koparheimtauga án tillits til hversu mikið sé fjárfest. Sé litið á hlutfallslega skiptingu milli svæða eða skiptingu innan kerfa sést þetta einnig glögg. Hlutdeild ljósnets á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið úr [...] % árið 2004 í [...] % árið 2008, en á landsbyggðinni er koparheimtaug enn með yfirgnæfandi hlutdeild. Hlutdeild lagðra koparheimtauga á höfuðborgarsvæðinu lækkar úr [...] % í [...] %. Lækkunin er mun meiri heldur en á landsbyggðinni, en reiknað er með að ljósvæðing komi til með að ganga hægar á landsbyggðinni.

Á árinu 2004 eru [...] % af fjárfestingum í heimtaugum í kopar og ljósnetfjárfestingar nema um [...] %. Á síðastliðnu ári er meiri jöfnuður. Með því að reikna út veginn árlegan meðalvöxt á milli árána 2004 og 2008 kemur í ljós að árlegur meðalvöxtur í ljósneti er [...] % á sama tíma og samdráttur er um [...] % í koparheimtaugum. Vöxturinn er í við meiri á höfuðborgarsvæðinu í ljósnetinu, en helmingi meiri samdráttur er á höfuðborgarsvæðinu samanborið við allt landið.

Að ofangreindu má vera ljóst að koparheimtaugar eru á undanhaldi á höfuðborgarsvæðinu og styður það styttri afskriftartíma.“

4.3.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS

Fram kom í boðunarbréfi PFS að með hliðsjón af mati á þeirri fjárfestingu sem þyrfti til þess að veita fjarskiptaþjónustu skyldi leggja mat á virði þeirra eigna sem nauðsynlegar væru til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Í þeim tilgangi að líkja sem mest eftir aðstæðum á samkeppnismarkaði skyldi PFS við slíka ákvörðun leitast við nota sviptvirði eigna. Heimilt væri að byggja á sögulegum kostnaði eins og fram kæmi í ákvörðun PFS á markaði 11. Þegar stuðst væri við sögulegan kostnað við mat á eignum skyldi PFS í slíkum tilfellum hafa til samanburðar áætlað verð sem myndi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

Við mat á árlegum afskriftum eigna sem tengdust framboði þjónustunnar skyldi beita beinlínu afskriftaraðferð, þ.e. afskrift væri fundin með því að deila endurmetnum stofni fjárfestingar með áætluðum endingartíma.

Hægt væri að meta fjárfestingar með ýmsum hætti. Mögulegt væri að nota markaðsverð búnaðar, vísitölu eða aðrar nálganir. Oftast þyrfti að reikna með að búnaður væri endurnýjaður með nýrri búnaði en fyrir væri vegna tækni- og verðþróunar, enda væri eldri búnaðurinn oft ekki framleiddur lengur. Grundvallaratriðið væri að miða við að nýr búnaður uppfyllti kröfur um sambærileg afköst og gæði þjónustu. Hins vegar gæti verið eðlilegt að miða við að sögulegur kostnaður búnaðar sem keyptur hefði verið síðastliðin 1-2 ár endurspeglaði kostnað við nýjan búnað að mestu.

Við val á aðferð teldi PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gæfi kost á niðurstöðu sem væri eðlileg og sanngjörn á báða bóga og verðlagningu sem væri í takt við raunverulegan kostnað, en tryggði jafnframt eðlilegan arð af viðkomandi starfsemi. Þær leiðir sem helst kæmu hér til greina væru að nota aðferð sem byggði alfarið á sögulegum kostnaði eða nota saman aðferðir sem annars vegar byggðu á sögulegum kostnaði og hins vegar á verðsamanburði¹⁹.

Varðandi mat á fjárfestingum kom fram að PFS teldi rétt að byggja í megindráttum á þeim grunni sem lagður hefði verið í kostnaðargreiningu er gerð hefði verið á árinu 2002 og væri undirstaða núverandi verðlagningar á heimtaugaleigu en sú kostnaðargreining byggðist á sögulegum kostnaði. Framlögð greining Mílu byggði að mestu leyti á þeim forsendum sem þá hefðu verið lagðar til grundvallar.

Í kostnaðargreiningunni frá 2002 hefði heimtaugakerfið verið metið á [...] millj. kr. á verðlagi í árslok 2001, sem samsvaraði [...] millj. kr. á meðalverðalagi ársins 2007 framreiknað miðað við byggingarvísitölu. Til grundvallar voru lagðar fjárfestingar s.l. 5-20 ára eftir kerfishlutum framreiknað miðað við byggingarvísitölu í árslok 2001 og heimtaugar í notkun sem deilitala þegar einingarverð voru reiknuð, sbr. umfjöllun um línufjölda. PFS mæti það svo að eðlilegra hefði verið að miða við meðalverðlag ársins 2001 við framreikning á stofni fjárfestingar við útreikning á núverandi gjaldskrá. PFS vísaði að öðru leyti til kostnaðargreiningarinnar frá árinu 2002 varðandi rökstuðning og skýringar á mati á fjárfestingum í heimtaugakerfinu eins og það stóð í árslok 2001.

¹⁹ Einnig kom fram að PFS myndi jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar hvort hentugra væri að styðjast við LRIC aðferð (langtíma viðbótarkostnaður) í framtíðinni frekar en að byggja á sögulegum kostnaði. LRIC aðferðin tryggði gagnsæi og eftirlitsaðili væri ekki háður upplýsingum úr bókhaldi fjarskiptafyrirtækis.

Ekki væri til sérstök vísitala sem mælir fjárfestingu í heimtaugakerfi sérstaklega, en vísitala byggingarkostnaðar kæmist næst því að mæla þróun verðlags viðkomandi fjárfestingar og yrði hún notuð við framreikning fjárfestinga í fyrri kostnaðargreiningu á árinu 2002. PFS hefði því í hyggju að samþykkja notkun Mílu á byggingarvísitölu við framreikning fjárfestinga að þessu sinni, frekar en t.d. að leggja til notkun vísitölu neysluverðs eða samsetta vísitölu. PFS teldi rétt að nota meðalvísitölu ársins 2007 við framreikning fjárfestinga, en við það skapaðist samræmi í verðlagi milli fjárfestinga og reksturs ársins 2007. Míla notaði vísitölu miðað við árslok 2007 við framreikning fjárfestinga en við það skapaðist ójafnvægi verðlags að mati PFS.

Míla notaðist við annan endingartíma í kostnaðargreiningu sinni fyrir árið 2007 en gert hefði verið í greiningunni árið 2002. Félagið hefði m.a. stýtt endingartíma notendalína (skurðir, koparstrengir o.þ.h.) úr 20 árum í 18 ár úti á landi og í 10 ár á höfuðborgarsvæðinu án þess að samræma að fullu stofn fjárfestingar á móti. Míla hefði komist að þeirri niðurstöðu að endurmetinn stofn væri [...] millj. kr. miðað við verðlag í árslok 2007.

PFS mæti það svo að Míla hefði ekki lagt fram fullnægjandi efnisleg rök fyrir því að stytta endingartíma notendalína úr 20 árum í 18 ár. Almennt væri miðað við 20 ár eða lengri endingartíma í slíkum útreikningum og því væri ekki að mati PFS ástæða til að breyta fyrri niðurstöðu að þessu leyti.

Þrátt fyrir að PFS væri sammála Mílu um að ljósleiðarar myndu í auknum mæli koma í stað koparstrengja á næstu árum og áratugum gæti stofnunin ekki fallist á þá aðferð að meta stofn fjárfestingar notendalína á höfuðborgarsvæðinu miðað við 18 ár og afskrifa síðan á 10 árum eins og Míla gerði. Slíkt endurmat þyrfti að haldast í hendur við endingartíma viðkomandi eignar enda augljóst að framkvæmd Mílu gengi í berhöggi við þá aðferð sem lögð væri til grundvallar við útreikning árgreiðslu. PFS liti svo á að stytting líftíma koparheimtaugakerfisins á höfuðborgarsvæðinu væri viðskiptaleg ákvörðun Mílu. Slík ákvörðun gæti ekki réttlætt hærri verðlagningu á koparheimtaug sem afleiðing hærri árlegra afskrifta eins og Míla færi fram á. Auk þess hefði fyrirtækið ekki getað lagt fram viðskiptaáætlun sem stýddi framangreinda niðurstöðu sína.

PFS teldi því rétt að miða við óbreyttan afskriftartíma. PFS hefði því í hyggju að byggja á því að viðmið um endingartíma væri með eftirfarandi hætti eins og áður:

Notendalínur	20 ár
Fjölsímar	5 ár
Örbylgjur	5 ár
Tæki og búnaður	10 ár
Tengigrindur	20 ár
NMS kerfi	10 ár

PFS minnti ennfremur á ákvæði 2. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga. Þar segði að þegar kvöð væri lögð á fjarskiptafyrirtæki um að gjaldskrá miðaðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvíldi sönnunarbyrðin á fyrirtækinu. Þegar Míla legði til slíkar grundvallarbreytingar á gildandi framkvæmd og viðurkenndri aðferðafræði væri mikilvægt að félagið færði ótvíræð efnisleg rök fyrir breytingunum. Það hefði félagið ekki gert að mati PFS.

Ef gengið væri út frá tölum frá Mílu yfir fjárfestingar áráanna 2002 til 2007 og tillit tekið til meðalfjárfestingar á ári miðað við stofn í árslok 2001 fengist eftirfarandi niðurstaða:

Eignir með 20 ára endingartíma væru metnar samkvæmt fjárfestingum síðastliðinna 6 ára (2002 til 2007) og miðað við hlutfallið 14/20 af stofni ársins 2001. Eignir með 10 ára endingartíma væru með sama hætti metnar á grundvelli fjárfestinga 2002 til 2007 auk 4/10 af stofni í árslok 2001. Þessi aðferð væri sambærileg við útreikninga Mílu í sinni kostnaðargreiningu varðandi meðhöndlun eldri fjárfestinga.

Stofnverð í árslok 2001 ásamt viðbót 2002 – 2007 (á verðlagi hvers árs)

[...] ²⁰

PFS hefði framreiknað fjárfestingar Mílu til verðlags ársins 2007 samkvæmt meðal byggingarvísitölu sem leið til að finna stofn fjárfestingar sem lagður yrði til grundvallar við mat á árgreiðslu. Framreiknaðar fjárfestingar samkvæmt framangreindum forsendum næmu alls [...] millj. kr. á meðalverðlagi ársins 2007.

Stofnverð framreiknað m.v. meðal byggingarvísitölu ársins 2007

[...] ²¹

Frá árslokum 2001 til ársins 2007 hefði byggingarvísitala hækkað um 40% en neysliverðsvísitala (verðbólga) um 25% á sama tímabili. Miðað við framangreindar tölur hefði stofn heimtaugakerfisins hækkað um 53% á sama tíma eða úr [...] millj. kr. í [...] millj. kr. Á sama tíma hefði fjöldi lína í notkun aðeins aukist um 1,1%, mælt í línueiningum (2ja víra línuleggjum). Hins vegar hefði línugildum fjölgað um tæplega 15% á tímabilinu, en sú aukning væri fyrst og fremst tilkomin vegna aukningar á nýtingu efra tíðnisviðs heimtauga (skiptur aðgangur) sem þegar væru í notkun og skýrði því ekki mikla aukningu fjárfestinga á tímabilinu frá fyrri árum. Míla hefði ekki talið framkvæmanlegt að meta þann kostnaðarauka sem fælist í nýtingu efra tíðnisviðsins sérstaklega enda mjög samofin grunnkostnaði.

PFS teldi mikilvægt að hafa í huga að sú aðferð að deila fjárfestingu og rekstrarkostnaði á virkar línur hverju sinni gerði það að verkum að Mílu væri tryggð full endurheimta kostnaðar (100% nýting). Á móti gerði PFS þá kröfu að uppbygging Mílu hverju sinni á kerfi sínu

²⁰ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

²¹ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

teldist hagkvæm út frá þessum forsendum. Með því væri ekki verið að leggja dóm á hvort vel hefði verið staðið að uppbyggingu eða ekki, heldur einungis hvernig stofn fjárfestingar væri metinn á mótí fjölda notenda heimtauga hverju sinni og þar með þróun gjaldskrár sem byggðist á framangreindum forsendum.

Með þetta í huga teldi PFS ekki réttlæt看legt að samþykkja stofn fjárfestingar til útreiknings árgreiðslu sem væri hærri en sem næmi framreiknuðum stofni ársins 2001 með vísitölu byggingarkostnaðar til verðlags ársins 2007 og fjölgun lína í notkun (grunnaðgangur heimtaugar). PFS gengi út frá þeirri forsendu að stofn fjárfestingar hefði verið metinn hagkvæmur í fyrri greiningu m.t.t. fjölda lína í notkun á þeim tíma og skapaði þar með þann grunn sem gjaldskrárlíkanið byggði á. Línur í notkun hefði aðeins fjölgað um 1,1% á tímabilinu eða um tæplega [...] línueiningar. Þar við bættist að hækkun byggingarvísitölu væri töluvert umfram hækkun almenns verðlags og hækkun rekstrarkostnaðar Mílu á tímabilinu.

Sú aukna fjárfesting sem átt hefði sér stað, sérstaklega á árunum 2002 til 2005 borið saman við fyrri ár, þyrfti að skoða í samhengi við fjölgun lína í notkun á sama tíma. Ef notendum heimtauga fjölgaði óverulega, en fjárfestingarkostnaður hækkaði töluvert umfram verðlag milli ára, væri hætt við að notendur myndu gjalda þess í formi hærri gjaldskrár. Slík sjálfvirkni í hækkun gjaldskrár vegna fjárfestinga gæti verið hvati til óarðbærra fjárfestinga sem væru hvorki fyrirtækinu né viðskiptavinum þess til hagsbóta.

Að öllu framangreindu virtu hefði PFS í hyggju að miða stofn fjárfestingar á árinu 2007 við framreiknaðan stofn ársins 2001, kr. [...] millj., sem væri síðan hækkaður um 1,1% í samræmi við fjölgun línueininga í notkun á milli áranna 2001 og 2007 og skyldi hann því vera kr. [...] millj., miðað við meðalverðlag ársins 2007. Framangreind hækkun á stofni samsvaraði um 41,4% hækkun frá árinu 2001 sem væri töluvert umfram hækkun rekstrarkostnaðar félagsins og almenns verðlags á tímabilinu. Með þessu mótí væri Mílu að fullu tryggður sami raunafskriftargrunnur fjárfestingar og ef eingöngu væri miðað við virkar línur. Jafnframt hefði PFS í huga með þessu að tillit yrði tekið til þess að fyrirtækið hefði svigrúm til eðlilegrar endurnýjunar koparheimtaugakerfisins.

Niðurstaða um endingartíma og stofn fjárfestingar

Lýsing	Endingar- tími ár	Stofn 2007
Kopar	20	[...]
Fjölsímar	10	[...]
Örbylgjur	10	[...]
Tæki og búnaður	5	[...]
Tengigrindur	5	[...]
NMS	10	[...]
Fjárfesting samtals*		[...]

*Ekki hefur verið tekið tillit til hlutdeildar stofngjalda í heildarfjárfestingu aðgangsnetsins. Sjá nánar umfjöllun um stofngjöld á bls. 44.

Ef taka ætti tillit til hærri stofns fjárfestingar en að framan greindi væri að mati PFS þörf á að endurskoða forsendur um að miða eingöngu við fjölda lína eða línuígilda í notkun og þá þyrfti einnig að taka tillit til fjölda uppsettra lína og vannýtingu þeirra.

PFS væri ljóst að ekki væri hægt með nákvæmum hætti að skipta heildarfjárfestingu í heimtaugakerfinu á milli markaða 11 (heimtaug) og 13 (lúkning leigulína), enda væri í grunninn um sama kostnað að ræða að mestu. Gera yrði þó ráð fyrir að kostnaður vegna leigulína væri að einhverju leyti hærri vegna búnaðar o.fl., en með umreikningsstuðlum yfir í línuígildi væri lögð til nálgun til að veða inn þennan viðbótarkostnað vegna leigulína. Ef fjárfestingu í aðgangsnétinu væri skipt niður eftir fjölda línuígilda þá tilheyrðu um 95,4% markaði 11 og um 4,6% markaði 13.

4.3.3 Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu

Eins og fram kemur í kafla 4.2.3 hér að framan í umfjöllun um uppfærða kostnaðargreiningu og andmæli Mílu vegna boðaðra útreikninga PFS á línufjölda hafnaði félagið alfarið þeirri aðferðarfræði PFS að framreikna stofnverð fjárfestinga ársins 2001 til 2007 og bæta síðan við 1,1% vegna fjölgunar lína. Ennfremur taldi félagið að útreikningur PFS á fjölda línuleggja væri ekki réttur. Vísast til ofangreinds kafla varðandi frekari sjónarmið Mílu um þetta atriði.

Að mati Mílu væru nokkrar ástæður fyrir því að forsendur PFS varðandi aðferðarfræði við framreikning fjárfestinga árána 2001-2007 væru rangar. Nefna mætti eftirfarandi ástæður:

- Uppbygging hverfa og íbúáþróun
- Breiðbandsvæðing
- Ljósnetvæðing
- Framreikningur til meðalverðs

Uppbygging hverfa og íbúáþróun

Fram kom að Míla stýrði ekki uppbyggingu hverfa eða íbúáþróun á Íslandi. Ef sveitarfélög tækju ákvörðun um að ráðast í uppbyggingu á nýjum hverfum yrði Míla lögum samkvæmt að tryggja það að verðandi íbúar hefðu aðgang að koparheimtaug eða eftir atvikum ljósheimtaug. Í því sambandi vísaðist til ákvörðunar PFS nr. 25/2007 þar sem lögð hefði verið alþjónustuskylda á Mílu að því er varðandi tengingu við almenna talsímanetið. Míla gæti því ekki hafnað því eða frestað að byggja upp netkerfi sitt þrátt fyrir að fyrirtækið teldi það hæpið að íbúar flyttust í viðkomandi hverfi og ásættanleg nýting næðist þannig á fjárfestinguna.

Þá yrði Míla að fylgja sveitarfélögum og orkuveitum í viðhaldsframkvæmdum, þar sem mjög kostnaðarsamt væri að fara út í slíkar framkvæmdir eins síns liðs. Það væri staðreynd að meginhluti af kostnaði við lagningu heimtaugar fælist í að grafa skurði fyrir lagnirnar. Með þessu móti hefði Míla, ásamt viðkomandi sveitarfélögum og orkuveitum, náð að gæta hagræðis í framkvæmdum þar sem kostnaður við að brjóta upp götur og leggja lagnir skiptust á fleiri en einn aðila. Míla hefði því ekki haft neitt val í þessum efnum og hafnaði fyrirtækið því alfarið að PFS synjaði Mílu um að leggja raunverulegar fjárfestingar sem grunn í útreikningum á stofnkostnaði fjárfestinga.

Að mati Mílu gæfi það ennfremur augaleið að flutningur fólks milli staða innanlands leiddi til verri nýtingar á fjárfestingum félagsins. Þannig hefði á síðustu áratugum orðið mikil hreyfing íbúa frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og lægju þá ónýttar línur í mörgum

byggðarlögum. Þar sem um alþjónustu væri að ræða væri óásættanlegt að PFS léti það óhagræði sem af þessari þróun hlytist lenda á Mílu.

Á heimasíðu Fasteignaskrár Íslands væru birtar upplýsingar um þróun á fjölda íbúða á landinu. Þar mætti sjá að íbúðum hefði fjölgað um 22.660 eða 21,1% á landinu öllu á tímabilinu 2001-2008. Gera mætti ráð fyrir að Míla hefði lagt heimtaug í langstærstan hluta þessara íbúða. Mesta fjölgunin væri á höfuðborgarsvæðinu en einnig væri mikil fjölgun á þeim landsvæðum þar sem skipulögð hefðu verið ný hverfi, s.s. á Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi eystra.

Þróun á fjölda íbúða á landinu eftir landshlutum

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	Breyting	Breyting %
Höfuðborgarsvæðið	66.447	67.820	69.654	71.549	73.225	75.619	77.626	79.596	13.149	19,8%
Norðurland eystra	10.065	10.168	10.365	10.562	10.785	11.724	11.907	12.148	2.083	20,7%
Austurland	4.707	4.717	4.738	4.819	4.977	5.095	5.310	5.371	664	14,1%
Norðurland vestra	3.699	3.712	3.720	3.753	3.780	3.178	3.200	3.218	- 481	-13,0%
Suðurland	7.598	7.760	7.958	8.231	8.597	8.932	9.216	9.478	1.880	24,7%
Suðurnes	5.639	5.766	5.970	6.114	6.345	6.868	8.753	9.707	4.068	72,1%
Vestfirðir	3.353	3.336	3.305	3.356	3.409	3.415	3.406	3.408	55	1,6%
Vesturland	5.198	5.298	5.447	5.531	5.741	5.966	6.265	6.440	1.242	23,9%
Samtals	106.706	108.577	111.157	113.915	116.859	120.797	125.683	129.366	22.660	21,2%
Breyting milli ára		1,8%	2,4%	2,5%	2,6%	3,4%	4,0%	2,9%		

Heimild: Fasteignaskrá Íslands (www.fasteignaskra.is)

Það væru því engan vegin haldbær rök hjá PFS í þessu tilviki að hafna því að taka til greina fjárfestingu í heimtaugum í nýjum hverfum vegna þess að það gæti verið hvati til óarðbærra fjárfestinga. Í ljósi þess sem rakið væri hér að framan væri þess krafist að PFS endurskoðaði þetta mat og tæki til greina fjárfestingar Mílu í nýjum hverfum.

Breiðbandsvæðing

Á árinu 1995 hefði forveri Mílu byrjað að leggja breiðband (coax) í nýbyggingahverfi á höfuðborgarsvæðinu og einnig í hverfi þar sem um mikið viðhald væri að ræða. Í sömu hverfi hefðu jafnframt verið lagðir koparstrengir. Þessar fjárfestingar skiptust jafnt á milli breiðbands og kopars í bókhaldi félagsins. Það væri því ljóst að á árunum 1995 til 2005 hefðu fjárfestingar í koparkerfinu verið mun lægri en þær hefðu annars verið, ef ekki hefði verið lagt út í lagningu breiðbands. Fjárfestingar í breiðbandi hefðu ekki verið lagðar til grundvallar í kostnaðarútreikningum fyrir heimtaug þrátt fyrir að færa mætti rök fyrir því að fjárfesting í breiðbandi væri einungis sá viðbótarkostnaður (jaðarkostnaður) sem hlytist af því að leggja coax strengi við hlið koparstrengja í skurði.

Hér að neðan mætti sjá yfirlit yfir fjárfestingu í breiðbandi á árunum 1995 til 2007.

	Á nafnverði	Framreiknað
2007	[...]	[...]
2006	[...]	[...]
2005	[...]	[...]
2004	[...]	[...]
2003	[...]	[...]
2002	[...]	[...]
2001	[...]	[...]
2000	[...]	[...]
1999	[...]	[...]
1998	[...]	[...]
1997	[...]	[...]
1996	[...]	[...]
1995	[...]	[...]
		[...]
Stofn		[...]

Framreiknaðar fjárfestingar í breiðbandi næmu tæpum [...] kr. á þessu tímabili og uppreiknaður stofn miðað við 20 ára endingartíma væri tæplega [...] kr. Ljóst væri að koparkerfið hefði notið mjög góðs af því að breiðband hefði verið lagt samhliða koparkerfinu á þessu tímabili. Fjárfesting í kopar hefði án efa orðið mun hærri en raunin var ef þessi fjárfesting hefði ekki komið til, en framreiknaðar fjárfestingar til ársins 2001 næmu [...] kr., en af þeirri tölu mætti gera ráð fyrir að einungis lítill hluti af þeim kostnaði væri jaðarkostnaður vegna breiðbandsins.

Ljósnetsvæðing

Síðustu tvö ár hefði Míla lagt ljósnet í nýbyggingarhverfi í stað koparstrengja. Þessi fjárfesting væri ekki meðtalin í kostnaðargreiningu fyrir kopar og næmi um [...] kr. árin 2007 og 2008 að nafnverði. Þessi hverfi væru flest enn í byggingu og fyrirsjáanlegt að ekki yrðu miklar tekjur af þeim í nánustu framtíð, sökum þess ástands sem nú ríkti á fasteignamarkaði. Hefði Míla lagt koparstrengi í þessi hverfi væri þessi fjárfesting hluti af kostnaðargreiningu fyrir koparheimtaug, en þar sem svo væri ekki lögju miklar fjárfestingar ónýttar í jörðu sem ekki fengjust neinar tekjur fyrir. Eins og fram hefði komið hefði Míla ekkert val um það hvort ætti að leggja strengi í þessi hverfi eða ekki og því skekkti það myndina að þessar fjárfestingar væru ekki hluti af kostnaðargrunninum.

Míla myndi þó ekki fara fram á slíkt nú, heldur væri hér einungis verið að benda á að miklar fjárfestingar, sem Míla hefði lagt út í til að uppfylla alþjónustukvöð, væru ekki hluti af þessari kostnaðargreiningu og ljóst væri að Míla myndi ekki fá tekjur af þessum fjárfestingum í nánustu framtíð.

Framreikningur til meðalverðlags

Míla mótmælti þeirri fyrirætlun PFS að framreikna aðeins fjárfestingar til meðalverðlags 2007 en miða á sama tíma við línufjölda í lok árs 2007. Réttara væri að framreikna rekstrarkostnað til ársloka til að hafa allar fjárhæðir á sama verðlagi og/eða tíma, enda væri það krafa Mílu að allar fjárhæðir yrðu reiknaðar til núvirðis. Ef PFS reiknaði fjárfestingar aðeins til meðalverðlags 2007 (færði þannig stofn fjárfestinga enn lengra aftur í tímann í stað þess að færa þær til dagsins í dag) yrði að deila upp í stofninn með línufjölda á miðju ári 2007.

Sú aðferð að framreikna fjárfestingar til ársloka og deila upp í með stöðu í árslok væri vel þekkt aðferð í reikningsskilum og fjármálaútreikningum. Hins vegar hefði Míla ekki rekist á útreikninga þar sem framreiknað væri til meðalverðlags og deilt í með stöðu í árslok enda myndi slík aðferðarfræði fela í sér ósamræmi í forsendum útreikninga.

Niðurstaða Mílu varðandi framreikning fjárfestinga til ársloka 2008

Framreiknaðar fjárfestingar til ársloka 2008 væru eftirfarandi að mati Mílu:

[...]²²

Gert væri ráð fyrir sama líftíma og PFS mælti fyrir um í boðunarbréfi sínu. Rétt væri að benda á að PFS miðaði við 5 ára líftíma í tengigrindum og tækjabúnaði í útreikningum sínum í stað 20 ára og 10 ára eins og stofnunin hafði í hyggju að gera. Þá miðaði hún við 10 ára líftíma á fjölsímum og örbylgjum í stað 5 ára eins og fyrirhugað var.

²² Tafla felld brott vegna trúnaðar.

Niðurstaða útreiknings á 2 víra heimtaug væri því [...] kr. mánuði miðað við neðangreindan fjárfestingarstofn:

[...]²³

4.3.4 Afstaða PFS

Í 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem hagkvæmilega rekin telst og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins. Jafnframt segir í reglugerð nr. 960/2001 að þegar stofn fjárfestingar styðst við sögulegan kostnað skal PFS hafa til samanburðar áætlað verð fjárfestingar sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

Það er mat PFS að sá grunnur sem lagður var í kostnaðargreiningu sem gerð var árið 2002 og er grundvöllur núverandi aðferðarfræði sé eini raunhæfi samanburðurinn við til að meta hvort aðgangsnét Mílu teljist hagkvæmt uppbyggt net í dag. Mikil vinna var lögð í að meta aðgangsnetið á þeim tíma á heimtaugaleigu og hefur ekki verið ágreiningur um framangreindan stofn fjárfestingar fram að núverandi kostnaðargreiningu Mílu. Kostnaðargreining frá árinu 2002 hefur verið undirstaða verðlagningar heimtaugaleigu til fjölda ára.

PFS hefur einnig metið hvort réttara sé að bera niðurstöðu kostnaðargreiningar saman við viðmið á sambærilegum mörkuðum í Evrópu frekar en að styðjast við fyrri kostnaðargreiningu þegar lagt er mat á hagkvæmt rekið aðgangsnét. Sé tekið mið af kostnaðargreindum verðum í Evrópu þá er kostnaðargreint verð fyrir fullan aðgang hærra en ef stuðst væri við fyrrgreint viðmið. Þrátt fyrir það telur PFS miðað við þær óvenjulegu aðstæður sem nú ríkja á Íslandi og vegna óstöðugleika íslensku krónunnar sé ekki rétt á þessum tímamarki að byggja ákvörðun um gjaldskrá Mílu á erlendum samanburði.

PFS getur ekki samþykkt mat Mílu á stofni fjárfestingar í aðgangsnétinu sem eingöngu byggir á sögulegum kostnaði fyrirtækisins án þess að hafa samanburð til viðmiðunar sem að mati

²³ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

PFS getur talist endurspeglu hagkvæmt uppbyggt net. PFS ber skylda að gera slíkan samanburð og telur að með því að taka mið af því mati sem fram fór á árinu 2002 sé stofnunina að uppfylla skyldu sína í þessu efni og að meðalhófs sé gætt við framkvæmd samanburðar. Að öðrum kosti er aðeins um þann kost að ræða að mati PFS að endurskoða forsendur mats fjárfestinga í grundvallaratriðum. Slíkt mun sjálfkrafa leiða til þess að ekki verði lengur stuðst við sögulegan kostnað heldur verði beitt aðferð sem er óháð kostnaði viðkomandi fyrirtækis eins og t.d. LRIC aðferðin gerir.

Framlögð greining Mílu fyrir árið 2008 byggir á sögulegum kostnaði og að mestu á þeim forsendum sem lagðar voru í kostnaðargreiningu frá árinu 2002. Míla metur fjárfestingu sína í aðgangsnétinu í árslok 2008 [...] millj. kr. sem er 106% hækkun m.v. stofn fjárfestingar í árslok 2001. Félagið styðst við sögulegan kostnað í sínum útreikningum og framreiknar fjárhæðir með byggingarvísitölu til ársloka 2008.

Í kostnaðargreiningunni sem gerð var árið 2002 var heimtaugakerfið metið á [...] millj. kr. miðað við meðalverðlag ársins 2001, sem samsvarar [...] millj. kr. á meðalverðlagi ársins 2008 framreiknað miðað við byggingarvísitölu. Til grundvallar voru lagðar fjárfestingar s.l. 5-20 ára eftir nethlutum framreiknað miðað við byggingarvísitölu og heimtaugar í notkun sem deilitala þegar einingarverð voru reiknuð. (Sjá umfjöllun um línufjölda).

PFS telur rétt að nota meðalvísitölu við framreikning fjárfestinga, en við það skapist samræmi í verðlagi milli fjárfestinga og rekstrarkostnaðar þess árs sem lagt er til grundvallar. Aðferðin er í samræmi við almenna framkvæmd á fjarskiptasviði í slíkum útreikningum. Míla notar vísitölu miðað við árslok 2008 við framreikning fjárfestinga en við það skapaðist ójafnvægi verðlags að mati PFS og veldur skekkju í útreikningi árgreiðslu.

Ekki er til sérstök vísitala sem mælir fjárfestingu í heimtaugakerfi sérstaklega. Almennst styður PFS notkun neysliverðsvísitölu við framreikning fjárfestinga í fjarskiptastarfsemi, sbr. kostnaðargreiningar á DSL- og farsímaþjónustu, þar sem neysliverðsvísitalan kemst næst því að mæla þróun almenns verðlags (verðbólgu) í landinu. Þrátt fyrir framangreint telur PFS að vísitala byggingarkostnaðar komist næst því að mæla þróun verðlags viðkomandi fjárfestingar og einnig var hún notuð við framreikning fjárfestinga í fyrri kostnaðargreiningu á árinu 2002. PFS samþykkir því notkun Mílu á byggingarvísitölu við framreikning fjárfestinga að þessu sinni. Byggingarvísitala hækkaði um 66% en neysliverðsvísitala um 45% á árunum 2001 til 2008 (meðalvísitala) sem felur í raun í sér að Míla fær bætta hækkingu fjárfestingarkostnað sinn umfram almennst verðlag sem nemur tæplega [...] kr. á tímabilinu.

PFS vekur athygli á því að með því að heimila að fjárfestingar séu framreiknaðar m.v. byggingarvísitölu þá tryggir það Mílu að fullt tillit er tekið til verðþróunar án þess að með beinum hætti sé gerð hagræðingarkrafa á félagið í samræmi við tækniþróun og önnur slík viðmið. Ekki er sjálfgefið að slíkur framreikningur sé heimilaður með þessum hætti sem gert er.

Ef gengið er út frá tölum frá Mílu yfir fjárfestingar árunum 2002 til 2008 og tillit tekið til meðalfjárfestingar á ári miðað við stofn í árslok 2001 þá fæst eftirfarandi niðurstaða:

Eignir með 20 ára endingartíma eru metnar skv. fjárfestingum s.l. 7 ára (2002 til 2008) og miðað við hlutfallið 13/20 af stofni ársins 2001. Eignir með 10 ára endingartíma eru með sama hætti metnar á grundvelli fjárfestinga 2002 til 2008 auk 3/10 af stofni ársins 2001. Þessi

aðferð er sambærileg við útreikninga Mílu í sinni kostnaðargreiningu varðandi meðhöndlun eldri fjárfestinga.

Stofnverð 2001 ásamt viðbót 2002 – 2008 (á verðlagi hvers árs)

[...] ²⁴

PFS hefur framreiknað fjárfestingar Mílu til verðlags ársins 2008 skv. meðal byggingarvísitölu (428,8) sem leið til að finna stofn fjárfestingar sem lagður er til grundvallar við mat á árgreiðslu. Framreiknaðar fjárfestingar skv. framangreindum forsendum nema alls [...] millj. kr. á meðalverðlagi ársins 2008.

Stofnverð framreiknað m.v. meðal byggingarvísitölu ársins 2008

[...] ²⁵

Byggingarvísitalan hækkaði frá árinu 2001 til ársins 2008 (meðalvísitala) um 66% en neysluverðsvísitala (almennt verðlag) hækkaði um 45% á sama tímabili. Miðað við framangreindar tölur þá hefur stofn heimtaugakerfisins hækkað um 66% á tímabilinu eða úr [...] millj. kr. í [...] millj. kr. Á sama tíma hefur fjöldi lína í notkun fækkað um 2-3% mælt í línueiningum (2ja víra línuleggjum). Míla reiknar hins vegar fjárfestingu sína til ársloka 2008 [...] millj. kr. sem er [...]% hækkun m.v. stofn fjárfestingar í árslok 2001. Til samanburðar þá hækkað rekstrarkostnaður aðgangsnetsins um [...]% ([...] % án stofngjalda) á árunum 2001 til 2008.

Almennt verðlag (neysluverðsvísitala) hækkaði um 52% og byggingarvísitala um 84% frá árslokum 2001 til ársloka 2008. Ef miðað er við niðurstöðu Mílu og þróunin er heimfærð á hverja virka línu hefur fjárfesting hækkað um [...] % en rekstrarkostnaður um [...] % ([...] % án stofngjalda). Sú aðferð Mílu að miða við vísitölu í árslok 2008 við framreikning fjárfestinga skapar ójafnvægi verðlags þegar litið er til rekstrarkostnaðar að mati PFS.

Míla getur ekki ætlast til að eftirlitsaðili samþykki stofn fjárfestingar án nokkurra athugasemda eða viðmiða þegar stuðst er við sögulegan kostnað fyrirtækisins á síðast liðnum áratugum. Sérstaklega á það við þegar um er að ræða jafn umfangsmikla og flókna starfsemi

²⁴ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

²⁵ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

og hjá Mílu (áður Símanum). Slíkt mat á fjárfestingu í aðgangsnnetinu leggur í raun mikla sönnunarbyrði á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki ef eingöngu á að miða við niðurstöðu félagsins. Framlögð gögn Mílu uppfylla ekki slíkar kröfur og útilokað er fyrir PFS að byggja eingöngu á þeim til að leggja mat á hagkvæmni uppbyggingar annars vegar og eignfærslu fjárfestinga hins vegar. Jafnframt er rétt að ítreka að það er skylda PFS að gera samanburð við hagkvæmt uppbyggt net þegar byggt er á sögulegum kostnaði fjarskiptafyrirtækis, sbr. reglugerð nr. 960/2001.

Eins og áður segir metur PFS það svo að stofn fjárfestingar hafi verið metinn hagkvæmur í fyrri greiningu sem gerð var árið 2002, m.t.t. fjölda lína í notkun á þeim tíma og skapaði þar með þann grunn sem aðferðarfræði útreiknings gjaldskrár byggir enn á. Línunum í notkun hefur reyndar fækkað um 2-3% til ársins 2008 eða á bilinu [...] línueiningar sem að mati PFS getur kallað á leiðréttingu á stofni fjárfestingar til lækkunar. Fækkunin telst þó innan vikmarka að mati stofnunarinnar og því er stofn fjárfestingar ekki lækkaður að þessu sinni af þeim sökum.

Línuígildum hefur fjölgað um rúmlega 15% m.v. meðaltalstölur ofangreindra ára, en sú aukning er fyrst og fremst tilkomin vegna aukningar á nýtingu efra tíðnisviðs heimtauga (skiptur aðgangur) sem þegar voru í notkun og skýrir því ekki mikla aukningu fjárfestinga á tímabilinu frá fyrri árum. Míla hefur ekki talið framkvæmanlegt að meta þann kostnaðarauka sem felst í nýtingu efra tíðnisviðsins sérstaklega enda mjög samofin grunnkostnaði. Aukning tekna Mílu vegna fjölgunar línuígilda hefur reynst mjög hagfelld fyrir rekstur og fjárfestingar félagsins þar sem í flestum tilfellum er um að ræða leigu á efra tíðnisviði fyrirbyggjandi heimtaugar. Viðbótarkostnaður er því lítill, auk þess sem Míla hefur fengið greidd umsýslugjöld fyrir hverja nýja tengingu eða færslu hennar í símsstöð. Aukning skipts aðgangs á tímabilinu er um [...] þús. tengingar sem skilar yfir [...] millj. kr. leigutekjum á ársgrundvelli auk umsýslugjalda

PFS telur mikilvægt að hafa í huga að sú aðferð að deila fjárfestingu og rekstrarkostnaði á virkar línur hverju sinni gerir það að verkum að Mílu er tryggð full endurheimta kostnaðar (100% nýting) af stofni viðkomandi árs. Á móti gerir PFS þá kröfu að uppbygging Mílu hverju sinni á sínu kerfi teljist hagkvæm út frá þessum forsendum. Með því er ekki verið að leggja dóm á hvort vel hafi verið staðið að uppbyggingu eða ekki, heldur einungis hvernig stofn fjárfestingar er metinn á móti fjölda notenda heimtauga hverju sinni og þar með þróun gjaldskrár sem byggist á framangreindri aðferðarfræði.

Með framangreint í huga telur PFS ekki réttlæt看legt að samþykkja stofn fjárfestingar til útreiknings árgreiðslu sem er hærri en sem nemur framreiknuðum stofni ársins 2001 með vísitölu byggingarkostnaðar til meðal verðlags ársins 2008 eða alls [...] millj. kr.

Uppbygging hverfa og íbúáþróun

Sú aukna fjárfesting sem átt hefði sér stað, sérstaklega á árunum 2002 til 2005 borið saman við meðalfjárfestingu s.l. 20 ára skoðast í samhengi við fjölda lína í notkun. Ef notendum heimtauga fækkar en fjárfestingarkostnaður hækkar töluvert umfram verðlag á sama tíma er hætt við að notendur gjaldi þess með verulegri hækkun gjaldskrár umfram verðlag. Slík sjálfvirkni í hækkun gjaldskrár vegna fjárfestinga, getur verið hvati til óarðbærra fjárfestinga, sem er hvorki fyrirtækinu né viðskiptavinum þess til hagsbóta.

Hingað til hefur verið litið svo á að alþjónustukvöð væri fyrst og fremst íþyngjandi fyrir rekstraraðila vegna dreifbýlis. Alþjónusta gengur út á þá hugmyndafræði að allir fái notið ákveðinnar lágmarkspjónustu, í því felst í einhverjum tilvikum að langur tími getur liðið frá

Því að einstakar tengingar alþjónustuhafa beri arð fyrir fyrirtækið og í sumum tilvikum er alls óvíst að sumar tengingar og þar með sú þjónusta sem veitt er í gegnum tengingarnar skili arðsemi fyrir fyrirtækið. Auk þess má líta svo á að slíkar fjárfestingar Mílu tryggji félaginu forskot og í raun einokunaraðstöðu á mörgum stöðum í þéttbýli og á flestum stöðum úti á landi.

Þrátt fyrir að uppbygging nýrra hverfa á s.l. árum hafi ekki skilað samsvarandi fjöldun lína í notkun þá hefur orðið á sama tíma veruleg tekjuaukning vegna skipts aðgangs o.fl. Gera verður þá kröfu á Mílu að hagræðing eigi sér stað á milli ára sem komi fram í kostnaði við uppbyggingu nýrra hverfa og endurnýjun eldri lagna, sem vegi upp á móti “óhagstæðri” íbúaðþróun. Hagkvæmni og nýting koparnetsins sveiflast eftir aðstæðum á markaði, uppbyggingu nýrra hverfa og endurnýjunarþörf eldri lagna. Slíkt er ekki nýtt viðfangsefni fyrir Mílu (áður Símann) og átti einnig við þegar grundvöllur var lagður að núverandi aðferðarfræði við útreikning gjaldskrár heimtaugaleigu.

PFS telur það ekki réttlætanlegt að verð sveiflist í takt við vanýtta fjárfestingu hverju sinni, heldur eigi að miða við eins góða nálgun á því hvað teljist eðlileg fjárfesting í hagkvæmt uppbyggðu neti sem tekur mið af fjölda notenda. Jafnframt bendir PFS á að fjárfestingar í koparneti Mílu hafa dregist saman á s.l. árum og ljóst að sú þróun verði áfram þar sem ekki er lagður kopar í ný hverfi lengur. Á árunum 2007 og 2008 var fjárfest fyrir mun lægri fjárhæðir í koparnetinu en að meðaltali síðustu 20 ár og fyrirsjáanlegt að fjárfestingar munu dragast verulega saman á næstu árum. Þetta þýðir að fjárfestingar árána 2002 til 2005 munu skila sér að fullum þunga inn í afskriftarstofn koparnetsins á næstu árum m.v. þær forsendur sem PFS leggur til grundvallar ef stuðst við sögulegan kostnað.

Breiðband og ljósnet

PFS metur það svo að á hverjum tíma leitist Míla við að byggja sitt net upp með hagkvæmni í huga, þ.m.t. samnýtingu með öðrum framkvæmdum ef við á. Míla nefnir dæmi um slíkt svo sem í tengslum við breiðbandsvæðingu. Slík samnýting og uppbygging á öðrum sviðum skilar sér í hagkvæmari uppbyggingu koparnets Mílu, sem að mati PFS á að skila sér í lægri fjárfestingarkostnaði þegar til lengri tíma er litið.

Ljósnet svæðing er viðskiptaleg ákvörðun Mílu enda má leiða líkur að sú uppbygging leiði til hagkvæmari uppbyggingu aðgangsnetsins til lengri tíma litið en áframhaldandi uppbygging koparnets. Ljósnet svæðingin gefur Mílu fleiri viðskiptatækifæri vegna tæknilegra yfirburða Ljósnet svæðing umfram koparlagning og meira hæfi til tekjuöflunar.

Framreikningur til meðalverðlags

PFS fellst ekki á að fjárfestingar og rekstrarkostnaður verði framreiknaðar til ársloka eða “núvirðis” eins og Míla leggur til, enda er slíkt í andstöðu við greiningu á sögulegum kostnaði. Kostnaðargreining sem grundvallast á sögulegum kostnaði byggir á því að allar fjárhæðir séu á verðlagi þess árs sem verið er að greina. Aðrar forsendur miðast við viðkomandi ár, þ.m.t. raunverulegur rekstrarkostnaður ársins, einingafjöldi, fjárfestingar, endingartími, ávöxtunarkrafa svo og aðrir þeir þættir sem tilheyra viðkomandi ári.

Við mat árgreiðslu þá hefur í fyrri greiningu verið miðað við fjölda notenda í árslok þegar reiknaður hefur verið fjárfestingarkostnaður á hvern notanda. Að mati PFS hefur það ekki með vísitöluútreikning sem slíkan að gera heldur er spurning um hvaða aðferð telst heppilegust þegar fjárfestingarkostnaði er deilt niður á notendur sem nýta viðkomandi

fjárfestingu. Hins vegar er PFS sammála Mílu um að hentugra sé að meðalfjöldi virkra lína innan ársins verði höfð til viðmiðunar í þessum útreikningum frekar en fjöldi í árslok til samræmingar við meðhöndlun rekstrarkostnaðar. PFS mun því breyta yfir í meðalfjölda virkra lína í ákvörðun þessari frá því sem boðað var, en breytingin hefur óveruleg áhrif á niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar.

Niðurstaða um stofn fjárfestingar

Að öllu framangreindu virtu hefur PFS ákveðið að miða stofn fjárfestingar á árinu 2008 við framreiknaðan stofn ársins 2001, [...] millj. kr., til meðalverðlags ársins 2008 og nemur hann þá [...] millj. kr. Þrátt fyrir að línueiningum hafi fækkað á tímabilinu um 2-3% mun PFS ekki lækka stofninn sem því nemur þar sem fækkunin er innan eðlilegra vikmarka í slíkum útreikningum að mati stofnunarinnar.

Með þessu móti er Mílu að fullu tryggður sami raun afskriftargrunnur fjárfestingar og ef eingöngu væri miðað við virkar línur. Jafnframt hefur PFS í huga að með þessu sé tekið tillit til þess að fyrirtækið hafi svigrúm til eðlilegrar endurnýjunar koparheimtaugakerfisins.

Stofn fjárfestingar, endingartími og árgreiðsla*

[...] ²⁶

*Ekki hefur verið tekið tillit til hlutdeildar stofngjalda í fjárfestingu aðgangsnetsins í þessum tölum. Sjá nánar umfjöllun um stofngjöld á bls. 66.

Ef taka á tillit til hærri stofns fjárfestingar en að framan greinir þá er að mati PFS þörf á að endurskoða forsendur um mat eigna, fjölda lína eða línuígilda í notkun, nýtingu netsins o.fl.

PFS getur ekki samþykkt mat Mílu á stofni fjárfestingar í aðgangnetinu sem eingöngu byggir á sögulegum kostnaði fyrirtækisins án þess að hafa samanburð til viðmiðunar. PFS ber skylda til að gera slíkan samanburð og telur að með því að taka mið af því vandaða mati sem fram fór á árinu 2002 á stofni fjárfestingar sé stofnunina að uppfylla skyldu sýna í þessu efni. Að öðrum kosti telur PFS að endurskoða þurfi forsendur mats fjárfestinga í grundvallaratriðum. Slíkt mun hafa í för með sér að ekki verður lengur stuðst við sögulegan kostnað heldur verður beitt aðferð sem er óháð kostnaði Mílu eins og LRIC aðferðin gerir.

PFS er ljóst að ekki er hægt með nákvæmum hætti að skipta heildarfjárfestingu í heimtaugakerfinu á milli markaða 11 (heimtaug) og 13 (lúkning leigulína), enda er í grunninn um sama kostnað að ræða að mestu. Gera verður þó ráð fyrir að kostnaður vegna leigulína sé að einhverju leyti hærri vegna búnaðar o.fl., en með umreikningsstuðlum yfir í línuígildi er lögð til nálgun til að vega inn þennan viðbótarkostnað vegna leigulína. Ef fjárfestingu í aðgangnetinu er skipt niður eftir fjölda línuígilda þá tilheyrir um 95,4% markaði 11 og um 4,6% markaði 13.

²⁶ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

4.4 Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

4.4.1 Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007

Míla reiknaði upphaflega veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) [...] % í júlí 2008, en í útreikningum í desember 2008 reiknaði félagið WACC [...] %. Míla lagði fram eftirfarandi rökstuðning og útreikninga fyrir niðurstöðu sinni í bréfi, dags. 8. desember 2008.

Míla áskildi sér rétt til að breyta útreikningum á WACC í ljósi þeirra óvenjulegu aðstæðna sem ríktu á fjármálamörkuðum. Á þeim tíma sem liðinn væri frá því Míla skilaði frá sér útreikningum hefði rekstrarumhverfi fyrirtækisins gjörbreyst og því nauðsynlegt að taka tillit til þess í útreikningum. Svör við spurningum PFS miðuðust því við nýja útreikninga á WACC. Forsendur útreiknings Mílu væri eftirfarandi:

Áhættulausir markaðsvextir

Áhættulausir markaðsvextir væru settir 9,95% en það hefði verið áhættukrafa á ríkisskuldabréfi RIKB 19 0226 þann 26. júní 2008. Þann 5. desember 2008 hefðu þessir vextir verið 10,45%.

Betagildi

Betagildi væri 7,83. Gildið væri fundið út frá óvogaðri betu og hún voguð með raunskuldsetningarhlutfalli Mílu þann 30. september 2008. Óvoguð beta væri metin 1, en samkvæmt Damodaran.com væri óskuldsett beta fyrir fjarskiptafyrirtæki rétt rúmlega 1.

MRP (Market Risk Premium)

Markaðsálag væri metið 5,5%. Þetta álag væri staðlað álag sem viðskiptabankarnir hefðu notað við verðmöt á íslenskum fyrirtækjum.

Ávöxtunarkrafa eigin fjár (Ke)

Ávöxtunarkrafa eigin fjár reiknaðist þannig:

Kostnaður eigin fjár (Ke)	
Risk Free Rate.....	10,45%
Markaðsálag	5,5%
Valin beta	7,83
Markaðsáhætta.....	43,1%
Stærðaráætta.....	0,0%
Önnur áhætta (Alpha)	1,0%
Kostnaður eigin fjár	54,5%

Önnur áhætta væri álag vegna seljanleika. Þetta álag var metið 1%. Ávöxtunarkrafa eigin fjár ætti að miðast við ávöxtun fyrir skatta og taka þyrfti tillit til þess að ekki hefði verið tekið tillit til tekjuskatts sem hluti rekstrargjalda eins og eðlilegt væri. Kostnaður eigin fjár væri því $54,5/(1-0,15)$ eða 64,1%.

Fjármagnskostnaður (Kd)

Kd væri metinn þannig að 2,5 prósentustigs álag væri bætt við áhættulausa vexti eða 12,95%. Míla væri fjármögnuð með skuldabréfi sem útgefið væri af Skiptum. Um væri að ræða

verðtryggt lán með 8% vöxtum. Miðað við það ástand sem ríkti á fjármálamörkuðum í dag væri ljóst að þessir vextir væru metnir allt of lágir.

Gildi og forsendur kostnaðar við lántöku eftir skatt

Míla notaði ekki vexti eftir skatt heldur fyrir skatta af sömu ástæðum og raktar væru hér að ofan undir liðnum „Ávöxtunarkrafa eigin fjár (Ke).“

Skuldir og eigið fé

Miðað væri við langtímaskuldir og eigið fé Mílu þann 30. september 2008. Hlutfallsleg skipting væri þannig:

[...] ²⁷

Tölugildi WACC útreiknings

Betagildi

$$\beta_U = \beta_L / (1 + (D/E) * (1-t))$$

$$\beta_L = \beta_U / (1 + (D/E) * (1-t))$$

Betagildi	
Valin óskuldsett beta.....	1,00
Skuldsetningarhlutfall Mílu.....	6,83
Skuldsett beta	7,83

Kostnaður eigin fjár (Ke)

Vísað væri til útreikninga í liðnum „Ávöxtunarkrafa eigin fjár (Ke)“ hér að ofan. Kostnaður eigin fjár fyrir skatta væri 64,1%, þ.e. $Ke = 54,5\% / (1 - 0,15) = 64,1\%$

Vaxtakostnaður skulda (Kd)

Vaxtakostnaður fyrir skatta væri 12,95%, þ.e. áhættulausir vextir ríkisskuldabréfa í samræmi við liðinn „Áhættulausir markaðsvextir“ hér að ofan eða 10,45% að viðbættu 2,5% álagi vegna lántöku. Ekki væri miðað við vexti eftir skatta.

WACC

Vegin meðalkostnaður fjármagns (WACC) er fundinn þannig:

	Kostnaður	Skipting	Vaxtaframlag
Kostnaður við eigið fé.....	64,13%	11,1%	7,10%
Kostnaður við lánsfé.....	12,95%	88,9%	11,52%
	WACC		18,62%

Með bréfi, dags. 8. apríl 2009, afhenti Míla stofnuninni umbeðið virðisrýrnunarpróf. Þar kom fram að rekstur fjarskiptanets Mílu væri einn af þeim tekjustráumum sem stæði á bak við verðmæti viðskiptavildar félagsins. Í stofnefnahagsreikningi félagsins hefði verið færð

²⁷ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

viðskiptavild upp á [...] millj. kr. Þessi viðskiptavild kæmi til lækkunar á viðskiptavild hjá Símanum. Við útdeilingu á kaupverði í kjölfar kaupa Skipta hf. á Símanum hefði [...] millj. kr. verið úthlutað á viðskiptavild. Þá segir orðrétt:

„1. Samantekt

Í efnahagsreikningi Mílu er bókfærð viðskiptavild sem fellur undir óefnislega eign sem ber að prófa fyrir virðisrýrnun a.m.k. einu sinni á ári. Gert hefur verið mat fyrir árið 2007 hvort viðskiptavildin standi undir bókfærðu verði eða hvort vísbending er um að rýrnun hafi átt sér stað. Matið byggir á verðmati á frjálsri grófri áætlun stjórnenda félagsins til ársins 2010 sem samþykkt hefur verið af stjórn félagsins.

Samkvæmt virðisrýrnunarprófi, sem rakið er í skýrslunni, stendur rekstur Mílu vel undir bókfærðri viðskiptavild að verðmæti [...] milljörðum kr. og því ekki þörf á niðurfærslu vegna virðisrýrnunar í reikningum félagsins.“

5. Ávöxtunarkrafa

WACC Mílu er metið [...] % og er sú krafa notuð við útreikning á rekstrarvirði félagsins. Upplýsingar um skráð erlend félög í nágrannalöndunum sem stunda sambærilegan rekstur og Míla liggja ekki fyrir. Nokkur fjarskiptafyrirtæki í Evrópu eru um þessar mundir að hefja vinnu eða um það bil að ljúka vinnu við aðskilnað fjarskiptanetsins frá öðrum rekstri sínum. Þau fáu félög sem hafa lokið þessum aðskilnaði hafa ekki skráð netreksturinn sérstaklega á markað og því engar upplýsingar að hafa um lykilstærðir hjá þeim, eins og betu og D/E hlutfall, til að nota við mat á ávöxtunarkröfu.

Við mat á ávöxtunarkröfu Mílu var því farin sú leið að byggja á útreikningum á ávöxtunarkröfu Símans og gera sömu kröfu og gerð er til Símans. Færa má rök fyrir því að gera megi lægri kröfu á Mílu þar sem um stöðugri og áhættuminni rekstur er að ræða en hjá Símanum. Viðskiptavinir Mílu eru fáir en stórir og hafa í gegnum tíðina skilað félaginu stöðugu sjóðstreymi og munu, í ljósi aðstæðna á heildsölumarkaði fyrir fjarskiptaþjónustu, halda áfram að eiga viðskipti við Mílu um ókomna tíð. Að svo stöddu er þó gerð sama krafa til félaganna.

Míla metur ávöxtunarkröfuna (WACC) sem [...] % og er óvoguð beta metin [...] í virðisrýrnunarprófi félagsins fyrir árið 2007 sem dagsett er í apríl 2008.“

4.4.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS

Fram kom í boðunarbréfi PFS að veginn meðalkostnaður fjármagns (e. Weighted Average Cost of Capital) væri meðaltal þess kostnaðar sem fylgdi fjármögnun fyrirtækis. Hann réðist af því að hversu miklum hluta fjármunir fyrirtækis væru fjármagnaðir með lánsfé annars vegar og eigið fé hins vegar og kostnaði við það fjármagn sem notað væri. Mismunandi aðferðir væru mögulegar til að ákvarða ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir. PFS teldi notkun raunvaxtalíkans (WACC real) eðlilegasta við útreikning á ávöxtunarkröfu þegar fundin væri árgreiðsla fjárfestinga hverju sinni. PFS mæti það svo að um raunkostnað væri að ræða þegar byggt væri á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu og því ætti að styðjast við raunvexti í útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði. Að öðrum kosti yrði niðurstaðan bjöguð þar sem verðbólguþáttur væri innifalinn í nafnvöxtum.

Fjárfestingar sem hefðu verið færðar á kostnaðarverði væru framreiknaðar með vísitölu byggingakostnaðar eða annarri vísitölu. Slíkir útreikningar væru liðir í mati á raunvirði fjárfestinga hverju sinni þar sem reynt væri að nálgast sviptivirði eða endurkaupsverð fjárfestingarinnar á þeim tíma sem til skoðunar væri. Rekstrarkostnaður væri jafnframt raunkostnaður viðkomandi rekstrarárs sem hafður væri til viðmiðunar um kostnað á ársgrundvelli. PFS gengi út frá því að um reglulega endurskoðun á kostnaðarútreikningum

yrði að ræða og gjaldskrár endurmetnar til hækkunar eða lækkunar út frá niðurstöðu slíks endurmats.

Í umræddu boðunarbréfi gerði PFS neðangreinda grein fyrir forsendum útreikninga sinna um veginn meðalkostnað fjármagns (WACC):

WACC formúla

Til að ákveða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) væri notuð eftirfarandi formúla:

$$WACC = Ke * (E/(D+E)) + Kd * (D/(D+E))$$

þar sem:

Ke = eiginfjáarkostnaður í prósentum

E = bókfært eigið fé

Kd = lánsfjáarkostnaður í prósentum

D = vaxtaberandi skuldir

Tekið væri svo tillit til skatta (post-tax):

$$WACC = Ke * (E/(D+E)) + Kd * (1-t) * (D/(D+E))$$

þar sem:

t = tekjuskattshlutfall

Ávöxtunarkrafa á eigið fé

PFS teldi að við ákvörðun á vegnum meðalkostnaði fjármagns (WACC) skyldi notast við CAPM líkanið (e. Capital Asset Pricing Model). Helstu rök fyrir notkun CAPM væru hversu þægilegt líkanið væri í notkun og gegnsætt. Það væri einnig mest notaða aðferðarfræðin við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár, en það auðveldaði allan samanburð.

Við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár væri stuðst við CAPM líkanið:

$$Ke = Rf + \beta * (Rm - Rf)$$

þar sem:

Rf = áhættulausir vextir

Rm = vænt meðalávöxtun hlutabréfamarkaðar

$(Rm - Rf)$ = áhættuálag markaðar

β = beta stuðull sem gefur til kynna áhættu viðkomandi atvinnugreinar í samanburði við markaðinn í heild

Hér fyrir neðan væri umfjöllun um helstu breytur í CAPM líkaninu og niðurstaða PFS um hvernig stofnunin hygðist ákvarða þær.

Áhættulausir vextir (e. risk free rate)

PFS hefði í hyggju að notast við vexti verðtryggðra ríkisskuldabréfa eða skuldabréfa með ríkisábyrgð með meðaltíma (e. duration) 10 ár eða lengur til að reikna áhættulausa vexti. PFS teldi að 10 ára meðaltími eða lengri endurspegladi endingartíma eignanna sem um ræddi auk þess sem sá tími væri almennt notaður í verðmötum á fyrirtækjum. PFS teldi rétt að nota meðaltalsvexti þess tímabils sem til skoðunar væri, þ.e. eitt ár. Auk þess væri litið til meðalvaxta síðastliðinna 5 ára og leiðrétt ef óeðlileg frávik kæmu fram við samanburð

framangreindra tímabila. Aðferðinni væri ætlað að koma í veg fyrir að tímabundnar vaxtabreytingar hefðu óeðlileg áhrif á ávöxtunarkröfuna.

Miðað við þessa aðferðarfræði og að árgreiðslan væri reiknuð miðað við árið 2007 væri notast við HFF 1504 2034 verðtryggð skuldabréf Íbúðalánasjóðs. Meðalvextir tímabilsins 1. janúar 2007 til 31. desember 2007 væru 4,83% sem væri hæsta ársmeðaltalið á tímabilinu 2003 – 2007, en væri þó innan eðlilegra vikmarka að mati PFS miðað við 5 ára meðaltal árána 2003–2007.

Beta áhættustuðull β (e. beta parameter, breyta)

Að mati PFS væri nauðsynlegt að nota viðmið sambærilegra fyrirtækja erlendis þar sem fjarskiptafélög væru ekki á markaði á Ísland og velja eins samanburðarhæf viðmið og mögulegt væri. Viðmið byggðust þá á meðaltali þeirrar atvinnugreinar sem verið væri að skoða. Stuðst væri við Bloomberg upplýsingaveituna og notast við atvinnugreinina „telecommunications-fixed line telecommunications“, og miðað við vestur-Evrópsk samanburðarfélög, sem talin væru sambærilegust við íslensk félög. Niðurstaðan væri borin saman við upplýsingar frá Ibbotson og fleiri aðilum. Á grundvelli framangreindar aðferðar fengist sú niðurstaða að óvoguð (e. unlevered) beta fyrir fastlínukerfi væri á bilinu 0,4 til 0,7. Þessi framsetning, að hafa óvogaða betu á ákveðnu bili, kæmi til af því að söfnin væru nokkur og jafnframt skekktu sumar breytur safnið vegna mikilla frávika frá meðaltali og miðgildum.

Með hliðsjón af óskilvirkum markaði á Íslandi mætti gera ráð fyrir að óvoguð beta væri almennt metin í hærri kantinum hér á landi miðað við framangreind samanburðarlönd. Því hygðist PFS miða við að óvoguð beta fyrir Mílu væri 0,7. Óvogaða betu skyldi voga (e. levered) miðað við viðeigandi skuldsetningu og skatthlutfall. Nánari umfjöllun um skuldsetningu og skatthlutfall væri í samnefndum kafla. Óvoguð beta væri voguð í samræmi við Modigliani-Miller Formula, en þá væri tekið tillit til áhættu vegna skuldsetningar, auk skatthlutfalls, sbr. neðangreinda formúlu:

$$\beta_{assets} = \beta_{equity} / (1 + (1-t) * (D/E))$$

þar sem:

Beta assets β_{assets} jafngildir óvogaðri betu og beta equity β_{equity} jafngildir vogaðri betu.

Markaðsálag (e. market risk premium)

Markaðsálag hefði sögulega verið á bilinu 4%-7%. Mismunandi væri hvaða tala á þessu bili væri notuð við verðmat. PFS miðaði við sögulegt álag áhættulausra vaxta. Þar sem álag langt aftur í tímann væri skoðað þyrfti mikla breytingu til lengri tíma til að hafa áhrif á markaðsálag. PFS tæki einnig tillit til ERG/IRG viðmiða (e. benchmark) frá síðastliðnum árum og bæri saman við það sem almennt gerðist hér á landi. PFS teldi rétt að notast við 5,0% markaðsálag í þessari greiningu, sem væri í samræmi við framangreindar forsendur. PFS áskildi sér rétt að endurskoða markaðsálag árlega.

Ávöxtunarkrafa á skuldir

PFS hefði lagt til að notast yrði við raunávöxtun eins og fram hefði komið hér að ofan. Raunvextir skyldu síðan bera ákveðið vaxtaálag (e. company specific debt premium) sem endurspegladi markaðsaðstæður hverju sinni. Þetta álag væri ákvarðað af PFS. Þannig væri ekki verið að refsa eða umbuna aðilum sem hefðu ekki skuldbætt fyrirtæki sín á hagkvæmestan

hátt. PFS hefði í hyggju að gefa út skuldaálag sem nota skyldi ár hvert. Ef horft væri til erlends samamburðar væri algengt að álag væri á bilinu 1–2%, en hér á landi hefði verið algengara að álagið væri á bilinu 2–3%.

PFS teldi að færa mætti rök fyrir því að 2% álag væri hámarksálag fyrir árið 2007, en stofnunin hygðist mæla fyrir um að 2,25% skuldaálag yrði notað fyrir farsímakerfi og fastlínukerfi fyrir árin 2007 og 2008. Álagið væri í samræmi við þau kjör sem fyrirtæki héraðs hefðu fengið á síðustu misserum og væri tekið tillit til þess að miðað væri við langtímalántöku.

Skuldsetning og skatthlutfall (e. gearing)

Í 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 segði að miða skyldi við lögbundinn ársreikning viðkomandi fyrirtækis og að reikna bæri hlutfallið á milli eigin fjár og vaxtaberandi skulda. Þrátt fyrir að PFS liti á Símann og Mílu sem eina efnahagslega einingu (e. single economic unit) í samkeppnislegu tilliti teldi stofnunin rétt í þessu tilfelli að miða við efnahag hvers fyrirtækis um sig þegar skuldahlutfall væri reiknað.

Í árslok 2007 hefðu vaxtaberandi skuldir Mílu numið 16.319 millj. kr. og eigið fé 3.362 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi félagsins þann 31. desember 2007. Fyrir árið 2007 gildi því skuldahlutfallið 83% fyrir Mílu og D/E hlutfallið væri 3,50²⁸.

Skatthlutfall (e. tax rate)

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 skyldi taka tillit til frádráttarbærni vaxta gagnvart útreikningi tekjuskatts þegar vegið meðaltal fjármagnskostnaðar væri reiknað. Miðað væri við WACC eftir skatta (post-tax) þar sem það sýndi þá ávöxtun sem reksturinn þyrfti að skila til að eigendur fengu eðlilegan arð af fjárfestingu sinni, að teknu tilliti til skattahagræðis lánsfjár.

PFS teldi að tekjuskatthlutfall fyrirtækja hverju sinni væri besti mælikvarðinn við útreikning á WACC. Notkun þess væri mun gagnsærri og einfaldari heldur en notkun virks skatthlutfalls (e. effective tax rate). PFS hefði því í hyggju að notast við gildandi skatthlutfall á viðkomandi tímabili hverju sinni í þessum útreikningum, sem væri 18% á árinu 2007.

Fyrirhuguð niðurstaða PFS um ávöxtunarkröfu (WACC)

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við fyrirhugaðar forsendur PFS sem lýst hefði verið hér að framan væri sýndur í töflunni hér að neðan:

²⁸ Þá kom fram í boðunarbréfi PFS að vegna vaxandi skuldsetningar hjá fjarskiptafyrirtækjum á Íslandi íhugaði PFS að mæla með breytingu á reglugerð þess efnis að skuldahlutfall yrði ákvarðað út frá viðmiði á skuldsetningu á sambærilegum fyrirtækjum erlendis eða ákvarðað út frá hagkvæmstu skuldsetningu fyrirtækis. Þetta ætti við ef mikil skuldsetning leiddi til óhagkvæmni í fjármögnun og hás vaxtaálags.

4.4.2.1 Útreikningur á raunávöxtunarkröfu Mílu

Ávöxtunarkrafa	
Áhættulausir vextir	4,83%
Óvoguð beta	0,70
Voguð beta	3,50
Skuldir/eigið fé	4,88
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eiginfjár	22,34%
Áhættulausir vextir	4,83%
Skuldaálag	2,25%
Kostnaður skulda	7,08%
Skuldir %	83,00%
Eigið fé %	17,00%
Skatthlutfall	18,00%
Kostnaður skulda	7,08%
Ávöxtunarkrafa eiginfjár	22,34%
WACC real	8,62%

Fyrirhuguð niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) fyrir Mílu væri **8,6%** fyrir árið 2007. Míla mæti hins vegar ávöxtunarkröfuna (WACC) frá [...] % til [...] % í þeim kostnaðarútreikningum sem félagið hefði sent PFS á tímabilinu júlí til desember 2008. Mismunur á niðurstöðu Mílu og PFS skýrðist aðallega af því að Míla notaði nafnvexti, hærri áhættuálög og tæki ekki tillit til áhrifa skatta. PFS vildi í þessu sambandi sérstaklega benda á eftirfarandi atriði:

- Í fyrri ákvörðunum stofnunarinnar frá árunum 2002 og 2005 hefði komið skýrt fram að WACC útreikningar skyldu byggjast á raunvöxtum enda mæti PFS það svo að um raunkostnað væri að ræða þegar byggt væri á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu. Inni í nafnvöxtum væri verðbólguálag sem búið væri að taka tillit til við framangreint endurmat á stofni fjárfestingar. Að öðrum kosti yrði fjárfestingin metin á kostnaðarverði án verðbóta á móti nafnvöxtum sem leiddi til svipaðar niðurstöðu í árgreiðslu þegar upp væri staðið. Jafnframt hefði í fyrri ákvörðunum PFS verið tekið tillit til skatta og væri það í samræmi við reglugerð nr. 960/2001. Aðferð Mílu leiddi til þess að félagið fengi tvöfaldar verðbætur, sem að sjálfsögðu væri ekki eðlilegt.
- Í virðisrýrnunarprófi Mílu, sem væri hluti ársreiknings félagsins fyrir árið 2007, hefði félagið komist að þeirri niðurstöðu að ávöxtunarkrafan (WACC) væri rétt metin [...] %, en þar hefði m.a. verið miðað við nafnvexti, óvogaða betu [...] og tekið tillit til [...] % tekjuskattssparnaðar vaxta. [...].

4.4.3 Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu

Í andmælabréfi sínu gerði Míla tiltekna athugasemdir við afstöðu PFS varðandi veginn meðalkostnað fjármagns (WACC). Fram kom að Míla væri ekki sammála þeirri túlkun stofnunarinnar að með því að nota nafnvexti væri búið að gera ráð fyrir verðbólgu á fjárfestingum í fortíðinni og þannig þyrfti að reikna fjárfestingar á nafnverðlagi. Með því að framreikna fjárfestingar til nútíðar væri í raun verið að finna endurstofnverð fjárfestingarinnar, en hins vegar væri hægt að segja að nafnvextir endurspegluðu verðbólguvæntingar. Útreiknað verð miðað við nafnvexti ætti að gilda á líftíma fjárfestingarinnar frá og með verðákvörðunardegi. Sem dæmi væru allt aðrar verðbólguvæntingar í dag en fyrir 15 árum og endurspegluðu því nafnvextir dagsins í dag ekki þá verðbólgu sem ríkti þegar lagt hafi verið út í fjárfestinguna.

Míla gæti fallist á það sjónarmið PFS að nota raunvexti í stað nafnvaxta við útreikning á ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC), en ef sú aðferð væri valin teldi Míla hins vegar nauðsynlegt að útreiknað verð yrði framreiknað fram til þess dags sem verðið tæki gildi og **auk þess** yrði bætt við álagi vegna áætlaðrar verðbólgu á því tímabili sem verðinu væri ætlað að gilda. Þessu til rökstuðnings mætti benda á að Ofcom í Bretlandi, systurstofnun PFS, hefði notað þessa aðferðarfræði þegar stofnunin úrskurðaði um verð á heimtaug í Bretlandi²⁹.

Ef PFS hafnaði því í úrskurði að gera ráð fyrir að verðlag tæki breytingum myndi Míla aldrei ná inn tekjum fyrir kostnaði þar sem verð byggði á kostnaði í fortíðinni en ekki nútíð. Raunkostnaður myndi hins vegar taka verðlagsbreytingum og verða hærri en sögulegur kostnaður. Míla hafnaði því alfarið þeirri aðferðarfræði PFS að byggja WACC útreikninga á raunvöxtum án þess að tekið sé tillit til væntrar verðbólgu á gildistíma verðlagningarinnar. Væri það ekki gert myndi það ávallt leiða til vanáætlunar á verði fyrir heimtaugina. Því vildi Míla leggja neðangreindar forsendur til grundvallar:

Áhættulausir vextir

Þar sem Míla færi fram á að heimtaugargjald yrði endurreiknað miðað við fjárhagstölur 2008, þætti eðlilegt að miða við vexti af ríkisbréfum á því ári. Að því tilskildu að PFS féllist á kröfur Mílu varðandi notkun á raunvöxtum í WACC útreikningum gerði Míla ekki athugasemdir við útreikninga PFS á áhættulausum vöxtum. Miðað við sömu aðferðafræði væru áhættulausir vextir fyrir árið 2008 4,34%

Markaðsálag

Markaðsálag endurspeglar þá ávöxtunarkröfu sem fjárfestir gerði til fjárfestingar umfram áhættulausa vexti. Þetta álag endurspeglar því þá áhættu sem í fjárfestingunni fælist. Því meiri áhætta því herra væri markaðsálagið.

PFS tæki fram í afstöðu sinni til þessa álags að sögulega hefði þetta álag verið á bilinu 4-7% og mæti stofnunin hæfilegt álag vera 5%. Míla mæti þetta álag hins vegar 5,5% fyrir árið 2007 sem væri meðaltal umrædds sögulegs álags. Míla teldi að 5,5% álag væri hóflega áætlað. Í ljósi þess hruns sem orðið hefði í íslensku þjóðfélagi væri 5,5% álag líklega of lagt enda hefði lánshæfismat Íslands versnað verulega. Í virðisrýrnunarprófi fyrir árið 2008 hefði álagið

²⁹ <http://www.ofcom.org.uk/consult/condocs/openreachframework/statement/>.

verið metið 6,3%. Míla gerði því ráð fyrir 6,3% markaðsálagi í útreikningi á WACC fyrir árið 2008.

Ávöxtunarkrafa á skuldir

PFS mælti fyrir um að ávöxtunarkrafa á skuldir skyldi vera 2,25% álag á áhættulausa vexti. Í því samhengi nefndi stofnunin að þetta álag hefði verið 2-3% á Íslandi. Míla notaði 2,5% álag á þennan útreikning fyrir árið 2007 sem væri meðaltal álags sem gilti á þeim tíma á Íslandi. Í virðisrýrnunarprófi fyrir árið 2008 hefði áhættuálag á skuldir verið metið 3,5%. Í ljósi versnandi efnahagsástands teldi Míla að 2,25% álag fyrir árið 2008 væri allt of lágt. Míla greiddi nú þegar 8% raunvexti af láni sínu, en lánið væri [...]. Vextir tækju mið af þeim kjörum sem voru á markaði þegar Míla tók lánið við stofnun félagsins í árslok 2006. Það væri því eðlilegt að ávöxtunarkrafa á skuldir væri ekki lægri en 8%, enda væri þar um raunverulegan fjármagnskostnað Mílu að ræða.

Samkvæmt reglugerð nr. 960/2001 skyldi WACC reiknað út frá lögbundnum ársreikningi félagsins sem um ræddi. Af því mætti ráða að fjármagnskostnaður skyldi miðast við þau vaxtakjör sem fyrirtækið hefði samið um, enda réðust þau af eiginfjárlutfalli fyrirtækisins og teldust til rekstrarkostnaðar félagsins. Míla færi fram á að stofnunin féllist á það að ávöxtunarkrafa á skuldir yrði 8% (raunvextir), enda skyldi útreikningur á WACC miðast við efnahagsreikning félagsins samkvæmt áðurgreindri reglugerð og væntanlega þar með við þau vaxtakjör sem Míla byggði við í dag og næstu árin.

Skuldahlutfall

PFS hefði miðað við efnahagsreikning Mílu í árslok 2007 en Míla við stöðuna í nóvember 2008 í sínum útreikningum á heimtaugargjaldi. Þar sem Míla færi fram á að heimtaugargjald yrði endurreiknað miðað við fjárhagstölur 2008 væri einnig farið fram á að miðað yrði við stöðu efnahags 31. desember 2008.

Beta áhættustuðull

Míla gæti fallist á að nota 0,7 fyrir óvogaða betu.

Skattstuðull

Í kostnaðarútreikningum Mílu hefði ekki verið gert ráð fyrir tekjuskattsgreiðslum sem kostnað við aðgangsnetið. Af þeim sökum væri WACC reiknað fyrir skatta. Ef PFS stæði fast við þá ákvörðun sína að miða við WACC eftir skatta þyrfti að bæta reiknuðum tekjuskatti við kostnaðargrunninn. Væri ekki gert ráð fyrir tekjuskatti í kostnaðarútreikningum kæmi það í sama stað niður að miða WACC við vexti fyrir skatta og það væri enn fremur þægilegra og gagnsærra í notkun.

PFS hefði bent á að Míla notaði WACC eftir skatta í virðisrýrnunarprófi. Það væri eðlilegt að það væri gert, enda væri þar gert ráð fyrir tekjuskatti sem kostnaði í sjóðstreymisáætlun félagsins. Míla krefðist þess að annað hvort yrði tekjuskattur reiknaður og áhrifum hans bætt við rekstrarkostnað í líkaninu eða að WACC yrði reiknað fyrir skatta.

WACC niðurstaða

Samkvæmt framangreindu reiknaði Míla WACC með eftirfarandi hætti:

	Míla 2008	Míla 2007	PFS
Áhættulausir vextir	4,34%	10,45%	4,83%
Áhættuálag á vexti		2,50%	2,25%
Ávöxtunarkrafa lánsfjár	8,00%	12,95%	7,08%
Markaðsálag	6,30%	5,50%	5,00%
Sérstakt áhættuálag	0%	1,00%	0%
Óvogað beta-gildi	0,70	1,00	0,70
Vogað beta-gildi	7,65	7,83	3,49
Eiginfjárlufall	7,89%	11,07%	17,08%
D/E	11,68	8,03	4,85
Skatthlutfall	15%	15%	18%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	52,53%	54,51%	22,26%
WACC f. Skatta	12,24%	18,62%	10,51%
WACC eftir skatta	10,41%	15,82%	8,62%

Miðað við framangreindan rökstuðning yrði WACC krafa félagsins fyrir skatta (e.WACC real) **12,24%** fyrir árið 2008.

4.4.4 Afstaða PFS

PFS hefur yfirfarið forsendur og útreikninga fyrirhugaðar ákvörðunar sinnar varðandi WACC útreikninga m.a. með hliðsjón af framsetningu Mílu og Símans og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

PFS telur notkun raunvaxtalíkans (WACC real) eðlilegasta við útreikning á ávöxtunarkröfu þegar fundin er árgreiðsla fjárfestinga hverju sinni. PFS metur það svo að um raunkostnað sé að ræða þegar byggt er á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu og því eigi að styðjast við raunvexti í útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði. Að öðrum kosti verður niðurstaðan bjöguð þar sem verðbólguþáttur er innifalinn í nafnvöxtum.

Fjárfestingar sem hafa verið færðar á kostnaðarverði eru framreiknaðar með vísitölu byggingakostnaðar eða annarri vísitölu. Slíkir útreikningar eru liður í mati á raunvirði fjárfestinga hverju sinni þar sem reynt er að nálgast sviptivirði eða endurkaupsverð fjárfestingarinnar á þeim tíma sem er til skoðunar. Rekstrarkostnaður er jafnframt raunkostnaður viðkomandi rekstrarárs sem hafður er til viðmiðunar um kostnað á ársgrundvelli.

PFS gengur út frá því að um reglulega endurskoðun á kostnaðarútreikningum verði að ræða og gjaldskrár endurmetnar til hækkunar eða lækkunar út frá niðurstöðu slíks endur mats.

Áhættulausir vextir (e. risk free rate)

PFS notast við vexti verðtryggðra ríkisskuldabréfa eða skuldabréfa með ríkisábyrgð með meðaltíma (e. duration) 10 ár eða lengur til að reikna áhættulausa vexti. PFS telur að 10 ára meðaltími eða lengri endurspegli endingartíma eignanna sem um ræðir auk þess sem sá tími er almennt notaður í verðmötum á fyrirtækjum.

PFS telur rétt að nota meðaltalsvexti þess tímabils sem til skoðunar er, þ.e. eitt ár. Auk þess er litið til meðalvaxta s.l. 5 ára og leiðrétt ef óeðlileg frávik koma fram við samanburð framangreindra tímabila. Aðferðinni er ætlað að koma í veg fyrir að tímabundnar vaxtabreytingar hafi óeðlileg áhrif á ávöxtunarkröfuna.

Miðað við þessa aðferðarfræði og að árgreiðslan er reiknuð miðað við árið 2008 er notast við HFF 1504 2034 verðtryggt skuldabréf Íbúðalánasjóðs. Meðalvextir tímabilsins 1. janúar 2008 til 31. desember 2008 eru 4,34% sem er hæsta ársmeðaltalið á tímabilinu 2004 – 2008, en er þó innan eðlilegra vikmarka að mati PFS m.v. 5 ára meðaltal árána 2004 – 2008.

Beta áhættustuðull β (e. beta parameter, breyta)

Að mati PFS er nauðsynlegt að nota viðmið sambærilegra fyrirtækja erlendis þar sem fjarskiptafélög eru ekki á markaði á Ísland og velja eins samanburðarhæf viðmið og mögulegt er. Viðmið byggist þá á meðaltali þeirra atvinnugreinar sem verið er að skoða.

Stuðst er við Bloomberg upplýsingaveituna og miðað við vestur-Evrópsk samanburðarfélag, sem talin væru sambærilegust við íslensk félag. Niðurstaðan er borin saman við upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjum, Ibbotson og fleiri aðilum. Á grundvelli framangreindar aðferðar fæst sú niðurstaða að óvoguð (e. unlevered) beta fyrir fjarskiptafyrirtæki sé á bilinu 0,2 til 0,7. Þessi framsetning, að hafa óvogaða betu á ákveðnu bili, kemur til af því að söfnin eru nokkur og jafnframt skekktu sumar breytur safnið vegna mikilla frávik frá meðaltali og miðgildum.

PFS telur að færa megi rök fyrir því að áhættustuðull félags sem rekur grunnet eins og Míla gerir sé í lægri mörkun framangreinds bils. Rekstur Mílu er stöðugri og áhættuminni en hjá fjarskiptafyrirtækjum almennt, vegna aðgangshindrana og markaðsráðandi stöðu Mílu á þeim mörkuðum sem félagið starfar á. Með hliðsjón af aðstæðum hér á landi er það niðurstaða PFS að miða við að óvoguð beta fyrir Mílu sé 0,52 í samræmi við meðaltal samanburðarfélaga frekar en lægri mörk safnsins.

Óvogaða betu skal voga (e. levered) miðað við viðeigandi skuldsetningu og skatthlutfall. Nánari umfjöllun um skuldsetningu og skatthlutfall er í samnefndum kafla. Óvoguð beta er voguð í samræmi við Modigliani-Miller Formula, en þá er tekið tillit til áhættu vegna skuldsetningar, auk skatthlutfalls, sbr. neðangreinda formúlu:

$$\beta_{assets} = \beta_{equity} / (1 + (1-t) * (D/E))$$

þar sem:

Beta assets β_{assets} jafngildir óvogaðri betu og beta equity β_{equity} jafngildir vogaðri betu.

Markaðsálag (e. market risk premium)

Markaðsálag hefur sögulega verið á bilinu 4-7%. Mismunandi er hvaða tala á þessu bili er notuð við verðmat. PFS miðar við sögulegt álag áhættulausa vaxta. Þar sem álag langt aftur í tímann er skoðað þarf mikla breytingu til lengri tíma til að hafa áhrif á markaðsálag. PFS tekur einnig tillit til ERG/IRG viðmiða (e. benchmark) frá s.l. árunum og ber saman við það sem almennt gerist hér á landi.

PFS telur rétt að notast við 5,0% markaðsálag, sem er í samræmi við framangreindar forsendur, en vegna aðstæðum á markaði á Íslandi á síðustu misserum þá metur PFS álagið 5,5% í kostnaðargreiningu ársins 2008. PFS áskilur sér rétt að endurskoða markaðsálag árlega.

Vaxtaálag (e. company specific debt premium)

PFS hefur lagt til að notast verði við raunávöxtun eins og áður hefur komið fram. Raunvextir skulda bera síðan ákveðið vaxtaálag sem endurspeglar markaðsaðstæður hverju sinni. Þetta álag er ákvarðað af PFS. Þannig er ekki verið að refsa eða umbuna aðilum sem hafa ekki skuldsett fyrirtæki sín á hagkvæmasta hátt. PFS mun gefa út skuldaálag sem nota skal ár hvert.

Ef horft er til erlends samanburðar er algengt að álag sé á bilinu 1–2%, en hér á landi hefur verið algengara að álagið hafi verið á bilinu 2–3%.

PFS mælir fyrir um að 2,5% skuldaálag verði notað, þó færa megi rök fyrir lægra álagi vegna ársins 2008. Álagið er í samræmi við þau kjör sem fyrirtæki hérlendis hafa fengið á síðustu misserum og að teknu tilliti til aðstæðna á markaði, en einnig er tekið tillit til þess að miðað er við langtímalántöku.

Míla fer fram á að miðað verði við 8%ávöxtunarkröfu skulda (raunvextir) enda skildi útreikningur á WACC miðast við efnahagsreikning félagsins samkvæmt reglugerð 960/2001. Þetta eru þau vaxtakjör sem Míla byggir við í dag og næstu árin. Umrædd skuldabréfalán bera fasta 6% raunvexti og voru upphaflega lán Símanns sem heimfært var á Mílu við uppskipti Símanns og Mílu á árinu 2007. Samkvæmt upplýsingum Mílu var lagt sérstakt vaxtaálag á viðkomandi lán (2%) af móðurfélagi Mílu (Skipti) við uppskiptin.

PFS bendir á að í 9. gr. framangreindar reglugerða segir: „Ávöxtun fjármagnsins skal taka mið af **hlutfallinu á milli eigin fjár lögbundins ársreiknings og vaxtaberandi skulda** og byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC).“ Hér er átt við útreikning skuldahlutfalls, sbr. umfjöllun um skuldahlutfall hér að neðan, en ekki útreikning vaxta og því á tilvitnun Mílu ekki við um þetta atriði. Jafnframt bendir PFS á að stofnunin horfir til álags á markaði en ekki á viðkomandi félag við ákvörðun vaxtaálags.

Skuldahlutfall (e. gearing)

Í 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 segir að miða skuli við lögbundinn ársreikning viðkomandi fyrirtækis og að reikna skuli hlutfallið á milli eigin fjár og vaxtaberandi skulda. Þrátt fyrir að PFS líti á Símann og Mílu sem eina efnahagslega einingu (e. single economic unit) í samkeppnislegu tilliti þá telur stofnunin rétt í þessu tilfalli að miða við efnahag hvers fyrirtækis um sig þegar skuldahlutfall er reiknað.

Í árslok 2008 námu vaxtaberandi skuldir Mílu 18.901 millj. kr. og eigið fé félagsins 1.620 millj. kr. skv. efnahagsreikningi félagsins þann 31. desember 2008. Fyrir árið 2008 gildir því skuldahlutfallið 92% fyrir Mílu.

Skatthlutfall (e. tax rate)

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 skal taka tillit til frádráttarbærni vaxta gagnvart útreikningi tekjuskatts þegar vegið meðaltal fjármagnskostnaðar er reiknað. Miðað er við

WACC fyrir skatta af eigin fé sem sýnir þá ávöxtun sem reksturinn þarf að skila til að eigendur fái eðlilegan arð af fjárfestingu sinni, en hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis lánsfjár.

PFS telur að tekjuskattlutfall fyrirtækja hverju sinni sé besti mælikvarðinn við útreikning á WACC. Notkun þess er mun gagnsærri og einfaldari heldur en notkun virks skatthlutfalls (e. effective tax rate). PFS hefur því í hyggju að notast við gildandi skatthlutfall á viðkomandi tímabili hverju sinni í þessum útreikningum, sem var 15% á árinu 2008.

Niðurstaða PFS um ávöxtunarkröfu (WACC)

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við fyrirhugaðar forsendur PFS sem lýst hefur verið hér að framan er sýndur í töflunni hér að neðan:

Útreikningur á raunávöxtunarkröfu Mílu

Ávöxtunarkrafa	
Áhættulausir vextir	4,34%
Óvoguð beta	0,52
Voguð beta	5,60
Skuldir/eigið fé	11,50
Markaðsálag	5,50%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	35,16%
Áhættulausir vextir	4,34%
Skuldaálag	2,50%
Kostnaður skulda	6,84%
Vaxtaberandi skuldir %	92,00%
Eigið fé %	8,00%
Skatthlutfall	15,00%
Kostnaður skulda eftir skatta	5,81%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	35,16%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	41,36%
WACC	8,66%

Niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns (WACC real) fyrir Mílu er 8,7% fyrir árið 2008. Reiknað er með ávöxtunarkröfu eiginfjár fyrir skatta, en hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis vaxta af lánsfé. Ef ekki er tekið tillit til skattahagræðis vaxta í framangreindum útreikningum verður afleiðingin sú að ávöxtunarkrafa eigin fjár er ofmetin m.v. þá kröfu sem lögð er til grundvallar hverju sinni.

Míla metur hins vegar raunávöxtunarkröfuna (WACC real) 12,24% kostnaðarútreikningi sem félagið sendi til PFS í júní 2009. Mismunur á niðurstöðu Mílu og PFS skýrist aðallega af því að Míla notar hærri áhættuálag og tekur ekki tillit til skattsparnaðar skulda.

4.5 Kostnaður vegna fjárbindingar í veltufjármunum (e. working capital)

4.5.1 Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007

Í upphaflegri kostnaðargreiningu gerði Míla kröfu um 25% álag á rekstrarkostnað en ekki kröfu um kostnað vegna fjárbindingar.

4.5.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS

PFS hafnaði því að bæta við 25% álagi á rekstrarkostnað, sbr. nánari umfjöllun í kafla 4.6.2 hér að aftan.

4.5.3 Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu

Míla féllst á þá röksemd PFS að fræðilega ætti ekki að leggja álag á rekstrarkostnað. Hins vegar væri það ljóst að í rauninni félli kostnaður til aðeins fyrr en tekjur bærust og af þeim sökum væri eðlilegt að leggja álag á rekstrarkostnað til að mæta fjárbindingu sem réðist af tímamun tekna og gjalda. Almennt væri gert ráð fyrir þessari viðbótarfjárbindingu sem bundin væri í veltufé félagsins (e. net working capital) með því að bæta henni við heildarfjárbindinguna. Væri meðal annars gert ráð fyrir þessari fjárbindingu í virðisrýrnunarprófi fyrir félagið en þar væri viðbótarfjárbinding vegna veltufjár metin 7,5% af árlegri veltu félagsins. Væri það hlutfall í samræmi við raunveltufjárbindingu félagsins.

Birgðastaða Mílu hefði að meðaltali numið [...] millj. kr. á árinu 2008. Þar af hefðu birgðir af strengjum numið um [...]%. Gera mætti ráð fyrir að um 2/3 hluta strengja eða um [...] millj. kr. væru vegna koparkerfisins. Hér væri um hreina fjárbindingu að ræða. Auk þess fælist fjárbinding í tímamun á milli tekna og gjalda, en meginhluti gjalda félli til um leið og til þeirra væri stofnað á meðan greiðslufrestur tekna væri allt að 2 mánuðir. Enn fremur fælist rekstraráhætta í fyrirtæki eins og Mílu þar sem um væri að ræða fáa stóra viðskiptavinum. Það væri því hægt að færa rök fyrir því að heimila álag vegna ófyrirséðra sveiflna í tekjum, enda væri erfitt fyrir Mílu að breyta afnotagjaldi með stuttum fyrirvara.

Því væri farið fram á að gert yrði ráð fyrir fjárbindingu vegna veltufjár og henni bætt við heildarfjárbindingu félagsins. Míla miðaði við fjárbindingu sem næmi 60 daga rekstrarkostnaði til að mæta fjárbindingu vegna veltufjár. Fjárbinding næmi því [...] x 60/365 eða kr. [...]. Kostnaður vegna fjárbindingar næmi því [...] kr.

4.5.4 Afstaða PFS

Veltufjármunir (e. working capital) er sú fjárbinding sem Míla leggur til vegna efnislegra birgða ásamt annarri fjárbindingu til skemmri tíma til viðhalds rekstri félagsins. Skammtíma fjárbinding sem Míla leggur til vegna bindingar í veltufé félagsins (e. net working capital) hefur áhrif á fjárstreymi (e. cash flow) en ekki er tekið tillit til skammtímafjárbindingar í WACC útreikningum.

Tímamismunur tekna og gjalda rekstrarkostnaðar eru ekki rök fyrir sérstakri ávöxtunarkröfu til viðbótar ávöxtunarkröfu heildarfjárbindingar. Með sömu röksemdarfærslu mætti eins skoða tímamismun þeirra skatttekna sem Míla hefur í sinni vörslu þar til greiðsla skatts hefur átt sér stað, en áhrif þess eru að sama skapi ekki forsenda sérstakra ávöxtunarkröfu á Mílu til frádráttar heildarfjárbindingunni.



Rétt er að áréttu að PFS hefur ekki tekið tillit til vaxtatekna í sínum útreikningum. Á árinu 2008 hefur veltufjárbinding verið með jákvæðri breytingu sem frekar væri til lækkunar en hækkunar á heildarfjárbindingu Mílu.

Byggt á rauntölum úr ársreikningum Mílu 2007 og 2008 ásamt framangreindum forsendum er það niðurstaða PFS að fjárbinding í veltufjármunum er sett á núll, þ.e. komi ekki til viðbótar heildarfjárbindingar félagsins eins og Míla fer fram á.

4.6 Rekstrarkostnaður og -tekjur

4.6.1 Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007

Í bréfi Mílu, dags. 8. desember 2008, kom fram að beinn rekstrarkostnaður aðgangsnetsins án vaxta, afskrifta og yfirstjórnunarkostnaðar á árinu 2007 væri [...] kr. Yfirstjórnunarkostnaður væri metinn [...] kr. og því næmi heildar rekstrarkostnaður [...] kr. Framangreindur kostnaður innihéldi bæði koparheimtaugar (markað 11) og lúkningarhluta leigulína (markað 13).

Í greiningu Mílu frá júlí 2008 hefði kostnaður vegna markaðar 11 verið aðgreindur, en Míla skýrði breytta framsetningu sína með eftirfarandi hætti í bréfi sínu, dags. 8. desember 2008:

„Í útreikningum Mílu á koparheimtaug sem skilað var til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) í júlí 2008 miðaðist fjöldi lína eingöngu við heimtaugar og skiptan aðgang. Lúkningarhluti leigulína var ekki meðtalinn í útreikningum. Á móti var ákveðið hlutfall kostnaðar dregið frá heildarkostnaði í útreikningnum, en hann átti að samsvara kostnaði vegna leigulína.

Eins og PFS er ljóst, þá er rekstur koparheimtauga og lúkningarhluta leigulína óaðgreinanlegur. Sömu þræðir eru notaðir til leigu á heimtaug og leigulínu. Það er því eðlilegt að leggja heildarkostnað við koparlínukerfið til grundvallar útreikningum og taka með í útreikninginn allar línur, hvort sem um heimtaugar eða lúkningarhluta leigulína er að ræða.

Míla sendir því hér með leiðréttingu á rekstrarkostnaði og fjölda lína, þar sem fjöldi lína miðast við svokallað línúgildi. Í því felst að fjöldi lína miðast við það vægi sem viðkomandi lína hefur í grunneiningarverði heimtauga. Þessi aðferð var notuð í útreikningum til PFS á árunum 1999-2002. Fjöldi lína er reiknaður út frá mánaðarlegum tekjum ársins 2007.“

Jafnframt kom eftirfarandi fram hjá Mílu í bréfi, dags. 8. desember 2008, undir tölulíð 2 „Rekstrarkostnaður“:

„Gerð hefur verið leiðrétting á rekstrarkostnaði. Í þeim útreikningum sem sendir voru PFS í sumar var gert ráð fyrir að hluti rekstrarkostnaðar væri vegna lúkningarhluta koparleigulína og var áætlaður kostnaður dreginn frá rekstrarkostnaði við koparlínukerfi Mílu.

Þar sem þessi kostnaður er órjúfanlegur hluti af rekstrarkostnaði aðgangsnetsins og þar með talið heimtauga er rétt að telja til allan rekstrarkostnaðinn.“

2.1.1 Kostnaðarberar koparheimtaugar

Kostnaði við koparheimtaugar er skipt upp með eftirfarandi hætti:

Línukerfi

Um [...] % rekstrarkostnaðar við koparheimtaugar felst í rekstri og viðhaldi á línukerfinu sjálfu (kostnaður án vaxta og afskrifta). Í því felst m.a. viðhald og almennur rekstur vegna línurofa, almennt viðhald línukerfis og endurnýjanir á stuttum köflum. Rekstrarkostnaði er skipt upp eftir landssvæðum.

Tengingar

Um [...] % rekstrarkostnaðar við heimtaugar er vegna upptenginga. Í upptengingum felst rekstur og viðhald á línuhlið tengigrinda auk tenginga í húskassa. Þessi kostnaður er háður hreyfingum í kerfinu.

Bilanir

Rekstrarkostnaður vegna bilana nemur um [...] % af heildarkostnaði án fjármagnskostnaðar og afskrifta.

Línuumsjón

Rekstrarkostnaður við línuumsjón skiptist í megin atriðum í rekstur upplýsingakerfanna NMS kerfisins (Network Management System) og LUK (landupplýsingakerfi), línuúthlutun og þjónustuborð. Þessi kostnaður nemur um [...] % af heildarrekstrarkostnaði (án afskrifta og fjármagnskostnaðar).

Svar- og viðgerðarþjónusta er m.a. skoðun og prófanir á línunum, úrvinnsla tilkynninga og skráning þeirra.

Línuúthlutun er vinna við móttöku og afgreiðslu beiðna um línur, uppsagnir lína og skráning þeirra.

NMS er tölvukerfi sem heldur utan um skráningar á heimtaugum.

LUK heldur utan um staðsetningu strengja.

Örbylgjur

Í sumum tilfellum getur verið hagkvæmara að setja upp örbylgjusambönd í stað þess að grafa línur í jörð. Rekstrarkostnaður við örbylgjusambönd var rétt um [...] % af heildarrekstrarkostnaði án fjármagnskostnaðar og afskrifta árinu 2007. Þetta á sérstaklega við um heimtaugar inn á afskekktu sveitabæi, s.s. við innanvert Djúp.

Notendafjölsímar

Notendafjölsímar eru settir upp þar sem leysa þarf úr skorti á heimtaugum, en með því móti er hægt að veita viðskiptavinum símaþjónustu án þess að leggja út í kostnaðarfrekar framkvæmdir við línulagnir. Kostnaður við rekstur notendafjölsíma var óverulegur á árinu 2007.

2.1.2 Lýsing á kostnaðartegundum koparheimtauga

Helstu kostnaðartegundir aðgangsnetsins (þ.m.t. koparheimtauga) eru eftirfarandi:

Vinnuþáttur (bifreiðar, ferðakostnaður og vinna)

Um [...] % af heildarkostnaði við aðgangsnetið (þ.m.t. koparheimtauga) er vinnuþáttur. Um er að ræða vinnu við rekstur og viðhald koparheimtauga, þ.m.t. vinna á vettvangi. Í því felast viðgerðir á línulögnum, greining bilana, uppsetningar o.þ.h. Um [...] % af þessum kostnaði er í formi aðkeyptrar þjónustu og um [...] % er vinna starfsmanna Mílu. Um [...] % kostnaðar felst í ferðakostnaði, þ.m.t. bifreiðakostnaður.

Efni og vinnuvélar

Um [...] % kostnaðar er efniskostnaður og kostnaður við vinnuvélar. Efniskostnaður er að langmestu leyti jarðsímaefni, strengir og búnaður. Einnig er töluverður kostnaður við kaup á yfirborðsefnum, s.s. malbiki, mól og steypu.

Afskriftir og vaxtakostnaður

Um [...] % rekstrarkostnaðar er fjármagnskostnaður og afskriftir koparheimtauga. Þessi kostnaður er ekki talinn til rekstrarkostnaðar í útreikningum á leiguverði heldur sem sér liður.

Yfirstjórnarkostnaður

Um [...] % kostnaðar er yfirstjórnarkostnaður. Þar af er um [...] % vegna fjármálaþjónustu, [...] % vegna söludeildar Mílu, [...] % vegna framkvæmdastjórnar og [...] % vegna upplýsingakerfa.

2.1.3 Sundurliðun beins rekstrarkostnaðar samkvæmt bókhaldslyklum

Beinn rekstrarkostnaður telst hér vera heildarrekstrarkostnaður fyrir utan yfirstjórnarkostnað, fjármagnskostnað og afskriftir:

[...] ³⁰

Framhald beins rekstrarkostnaðar er á næstu síðu. Samtölur eru fluttar.

[...] ³¹

³⁰ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

³¹ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

2.1.5.1 - 2.1.5.5 Skipting yfirstjórnunarkostnaðar

Yfirstjórnunarkostnaður samanstendur af kostnaði við sölu og þjónustu, framkvæmdastjórn, upplýsingakerfi, fjármála- og reikningshald, greiðsluþjónustu og annarrar stöðdeildarþjónustu.

Yfirlit yfir skiptingu yfirstjórnunarkostnaðar á milli sviða (afkomueininga):

[...] ³²

5. Koparheimtaugar kostnaðar/tekjuskipting

5.1.1 - 5.1.4

Þegar byrjað var að innheimta gjald fyrir efra tíðnisvið heimtaugar þann 1. október árið 2000, var ákveðið með samþykkt Póst- og fjarskiptastofnunar að taka gjald fyrir það og að hlutfall verðsins yrði 33% af verði fyrir neðra tíðnisvið heimtaugar.

Þessi skipting var ákveðin með þeim rökum að rekstur og viðhald heimtauga þar sem efra tíðnisviðið er notað er hærri en ef eingöngu neðra tíðnisviðið er notað. Sem dæmi var ekki unnt að nýta efra tíðnisviðið þegar um notendafjölsíma er að ræða.

Önnur ástæða fyrir þessu gjaldi var sú að leigutaki sem eingöngu leigir neðra tíðnisviðið hefur aðgang að mun minni gagnahraða en ef efra tíðnisviðið er einnig notað.

Af þessum sökum var talið eðlilegt að þeir sem leigja efra tíðnisviðið (og þá einnig neðra tíðnisviðið) greiði herra verð en þeir sem leigja eingöngu neðra tíðnisviðið.

Ekki er unnt að sundurgreina þennan kostnað, enda er efra tíðnisviðið órjúfanlegur hluti af heimtauginni í heild. Viðhald og rekstur á heimtaugum er gerður á heimtaugunum í heild, en ekki efra tíðnisviði eða neðra tíðnisviði sérstaklega. Ekki hefur verið haldið utan um framkvæmdir sem hugsanlega hafa verið gerðar vegna efra tíðnisviðsins sérstaklega.

25% álagning á rekstrarkostnað

Eðlilegt er að lögð sé álagning á rekstrarkostnað til að fá fram eðlilega arðsemi af rekstri. Við útreikning á heimtaug árið 2002 var miðað við WACC (vegið meðaltal fjármagnskostnaðar).

Ástæðan fyrir því að lagt var á 25% álag á rekstrarkostnað er sú að útreikningar miðast við rekstrarkostnað ársins 2007, en ljóst er að verðskráin mun taka gildi á árinu 2009. Það var því talið eðlilegt að gera ráð fyrir að kostnaður ársins 2009 sé töluvert hærri en árið 2007, þrátt fyrir að hagkvæmi rekstrar sé höfð að leiðarljósi. Að líkindum er þessi álagning of lág miðað við þá verðbólgu sem nú ríkir.

5.1.5 – 5.1.8 Sundurliðaðar tekjur á kopalínnum

Tekjur af kopalínnum í aðgangsneti á árinu 2007 skiptast þannig:

³² Tafla felld brott vegna trúnaðar. Þar er yfirstjórnarkostnaði skipt á milli sviða eða afkomueininga, þ.e. koparheimtaugar, stofnlína og hýsingar.

[...]³³

Stofngjöld samanstanda bæði af stofngjöldum vegna koparlína og notendahluta ljóslína.“

Samkvæmt upplýsingum Mílu tilheyrðu [...] millj. kr. af [...] millj. kr. stofngjöldum í aðgangnetinu (heimtaugar og lúkningarhluti leigulína).

4.6.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS

Fram kom í boðunarbréfi PFS að Míla hafi hafið eiginlegan rekstur þann 1. apríl 2007, þegar félagið hefði tekið yfir rekstur fjarskiptanets þess sem áður tilheyrði systurfélaginu Símanum hf. Míla hafði haft tekjur frá Símanum til að standa undir fjármagnskostnaði og afskriftum á tímabilinu janúar til mars. Rekstur félagsins spannaði því í raun 9 mánuði ársins 2007. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 sýndi að hagnaður Mílu fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) hefði numið 2.718 millj. kr. eða 61% af rekstrartekjum tímabilsins.

Samandregin rekstrarreikningur Mílu fyrir 9 mán. á árinu 2007

Lýsing	Millj. kr.	%
Rekstrartekjur	4.476	100%
Rekstrargjöld	1.758	39%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)	2.718	61%

Hafa yrði í huga að inn í tekjum væri 325 millj. kr. reiknaðar tekjur vegna afskrifta tímabilsins janúar til mars, en þá hefði starfsemin verið hjá Símanum. Leiðrétt EBITDA á 9 mánaða tímabili hefði því numið 2.393 millj. kr. eða 58% af veltu. Þessi niðurstaða samsvaraði um 3,2 milljörðum kr. á ársgrundvelli. Áætlanir Mílu gerðu ráð fyrir um [...]-% vexti tekna á næstu árum og að félagið skilaði um [...]% hagnaði af tekjum fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

PFS hefði til hliðsjónar mat stofnunarinnar á hvað teldist eðlilegur og hagkvæmur rekstur heimtauganetsins í samræmi við niðurstöðu stofnunarinnar í kostnaðargreiningu sem gerð hefði verið árið 2002 og byggði á tölum úr rekstri ársins 2001. Míla hefði lagt fram ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um rekstur og tekjur félagsins á árinu 2007 ásamt umbeðnum skýringum. Hefði PFS í hyggju að byggja á þeim upplýsingum við mat sitt. Hins vegar áskildi PFS sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu ef í ljós kæmi á síðari stigum, t.d. vegna úrvinnslu annarra kostnaðargreininga fyrirtækisins, að þörf væri á nánari skoðun á skiptingu einstakra kostnaðarliða á milli afkomusviða að mati PFS. Einnig hygðist PFS byggja á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

³³ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Hún sýnir skiptingu tekna í aðgangneti á árinu 2007 á milli neðra tíðnisviðs (heimtauga og lúkningarhluta leigulína), efra tíðnisviðs (heimtauga og lúkningarhluta leigulína) og stofngjalda.

Beinn rekstrarkostnaður aðgangsnetsins jan. – des. 2007

Lýsing	Millj. kr.	%
Laun og launtengd gjöld	[...]	[...]
Viðhald og endurbætur	[...]	[...]
Akstur og dagpeningar	[...]	[...]
Húsaleiga	[...]	[...]
Hugbúnaður	[...]	[...]
Annar rekstrarkostnaður	[...]	[...]
Samtals	[...]	[...]

Beinn rekstrarkostnaður aðgangsnetsins á árinu 2007 samkvæmt framangreindu yfirliti hefði numið [...] millj. kr. Vinnulaun vægju mjög þungt og næmu um [...] % af kostnaðinum, en um [...] % af kostnaði samanstæði af viðhaldi og endurbótum á heimtauganeti Mílu (s.s. jarðsímaefni, strengir, aðkeypt þjónusta, vinnuvélar, tæki o.þ.h.). Yfirstjórnunarkostnaður næmi [...] millj. kr. eða sem næmi um [...] % ofan á beinan rekstrarkostnað. Samtals næmi heildar rekstrarkostnaður ársins 2007 því [...] millj. kr. án fjármagnskostnaðar, afskrifta og tekjuskatts. Hér væri um að ræða bæði rekstur heimtauga (markaður 11) og lúkningarhluta leigulína (markaður 13), en miðað við fjölda línúígilda væri hlutur heimtauga (markaður 11) um 95,4% og lúkningarhluta leigulína um 4,6% af heildar rekstrarkostnaði ársins.

Í kostnaðargreiningunni sem gerð hefði verið árið 2002 kæmi fram að á árinu 2001 hefði rekstrarkostnaður aðgangsnetsins numið [...] millj. kr. (skv. upplýsingum Landssíma Íslands), en niðurstaða PFS eftir endurmat á einstökum kostnaðarliðum hefði verið að rekstrarkostnaður ársins 2001 skyldi metinn á [...] millj. kr. Miðað við rekstrarkostnað ársins 2007 ([...] millj. kr.) hefði rekstrarkostnaðurinn hækkað um [...] millj. kr., eða 35%, ef miðað væri við þann kostnað sem lagður hefði verið til grundvallar árið 2001. Á sama tímabili hefði almennt verðlag hækkað um 29%. Línúígildum fjölgaði um tæplega 15% frá árinu 2001 til ársins 2007 miðað við meðalfjölda hvors árs um sig. Aukningin væri aðallega vegna mikillar aukningar á skiptum aðgangi eða leigu á efri hluta tíðnisviðs heimtauga á framangreindu árabili, en skiptur aðgangur jókst um nálægt 900% og hefði fjöldinn verið kominn í rúmlega [...] þús. tengingar að meðaltali á árinu 2007.

Tekjur aðgangsnetsins jan. – des. 2007

Lýsing	Millj. kr.	%
Tekjur af neðra tíðnisviði	[...]	[...]
Tekjur af efra tíðnisviði	[...]	[...]
Stofngjöld	[...]	[...]
Samtals	[...]	[...]

Tekjur af heimtaugaleigu og stofngjöldum hefðu numið [...] millj. kr. á árinu 2007 og hagnaður af rekstri aðgangsnetsins fyrir afskriftir og fjármagnslið (EBITDA) hefði numið [...] millj. kr. Fram hefði komið í greiningu Mílu að rekstrarhagnaður (EBITDA) hefði aukist um tæplega [...] millj. kr. á milli árana 2005 og 2007. Aukning tekna Mílu vegna fjölgunar línúígilda hefði reynst mjög hagfelld fyrir rekstur og fjárfestingar félagsins þar sem í flestum

tilfellum væri um að ræða leigu á efra tíðnisviði fyrirbyggjandi heimtaugar. Viðbótarkostnaður væri því lítil auk þess sem Míla hefði fengið greidd umsýslugjöld fyrir hverja nýja tengingu eða færslu hennar í símsstöð. Aukning skipts aðgangs á tímabilinu væri um [...] þús. tengingar sem skilaði um [...] millj. kr. leigutekjum á ársgrundvelli auk umsýslugjalda.

Reiknaðar tekjur Mílu hefðu aukist um 20% á framangreindu tímabili, aðallega vegna fjölgunar línuígilda, en einnig vegna hækkunar gjaldskrár þann 1. apríl 2005 um 4,5%. Þessi reiknaða tekjuaukning næmi [...] millj. kr. á ársgrundvelli. Auk þess væri ljóst að tekjur Mílu af ýmis konar umsýslugjöldum hefðu aukist töluvert á tímabilinu vegna gífurlegrar aukningar skipts aðgangs og meiri hreyfanleika viðskiptavina símafélaganna. Ljóst væri að tekjuauki Mílu á árabílinu 2002 til 2007 væri meiri en sem næmi hækkun rekstrarkostnaðar þrátt fyrir að gjaldskrá hækkaði einungis um 4,5% frá því að kostnaðargreind verðskrá hefði legið fyrir í lok ársins 2002 og að kostnaður hefði aukist meira en sem næmi hækkun verðlags. Tekjur Mílu hefðu því aukist vegna fjölgunar seldra línuígilda og hækkun gjaldskrár á árinu 2005. PFS vildi einnig benda á að með því að heimila Mílu (áður Símanum) að leggja 10,1% álag á rekstrarkostnað ársins 2001 við ákvörðun gjaldskrár árið 2002 hefði gjaldskrá Mílu í raun orðið um 5% of há á þeim tíma miðað við þann kostnað sem legið hefði til grundvallar á þeim tíma.

PFS væri sammála Mílu um að nauðsynlegt væri að greina kostnað heimtauga (markaður 11) og lúkningarhluta leigulína (markaður 13) sameiginlega þar sem mjög erfitt væri að skipta kostnaði aðgangsnetsins á milli framangreindra markaða. Rekstur aðgangsnetsins væri því metinn í heild, en eins og áður hefði komið fram teldi PFS að sú aðferð að skipta kostnaðinum á grundvelli línuígilda hverju sinni væri best til þess fallin að aðgreina kostnað á milli viðkomandi markaða þegar þörf væri á, t.d. við verðlagningu lúkningarhluta leigulína. Kostnaður vegna leigulína væri hærri vegna endabúnaðar o.fl. Því væri stuðull línuígildis hærri til að veða inn aukinn kostnað vegna leigulína. Hluti lúkningarhluta leigulína (markaður 13) væri 4,6% af heildar rekstrarkostnaði aðgangsnetsins og drægist frá heildarrekstrarkostnaði koparheimtauganetsins.

Míla hefði lagt til 25% álagningu á allan rekstrarkostnað ársins 2007 eða sem samsvaraði [...] millj. kr. Míla skýrði það með því að um væri að ræða eðlilega arðsemi af rekstri og að við útreikning á gjaldskrá heimtaugar árið 2002 hefði verið lagt WACC (vegið meðaltal fjármagnskostnaðar) 10,1% álag ofan á rekstrarkostnað ársins 2001. Míla hefði einnig nefnt að ástæðan fyrir því að 25% álag hefði verið lagt á rekstrarkostnað væri sú að útreikningar miðaðist við rekstrarkostnað ársins 2007, en ljóst væri að verðskráin myndi taka gildi á árinu 2009. Það væri því eðlilegt að gera ráð fyrir að kostnaður ársins 2009 yrði töluvert hærri en kostnaður ársins 2007, þrátt fyrir að hagkvæmni rekstrar væri höfð að leiðarljósi. Míla hefði talið líkur á því að þessi álagning væri of lág miðað við þá verðbólgu sem nú ríkti. Á sama tíma framreiknaði Míla niðurstöðu sína um gjaldskrá til verðlags í nóvember 2008.

PFS taldi framangreinda aðferð Mílu í andstöðu við þá aðferð sem lögð væri til grundvallar í þessari kostnaðargreiningu. Við útreikning ávöxtunarkröfu fjármagns (WACC) væri tekið tillit til ávöxtunarkröfu eigin fjár af bundnu fjármagni í eignum sem notaðar væru við framboð á þjónustu. Reiknað væri með endingartíma (afskrifta) fjárfestinga og auk alls rekstrarkostnaðar. Sérstakt álag á rekstrarkostnað því til viðbótar ætti ekki við enda væri þá verið að gera tvenns konar hagnaðarkröfu á eigið fé. Að mati PFS stæðist það ekki nánari skoðun að leyfa álagningu á allan rekstrarkostnað ársins 2001 sem næmi WACC prósentunni 10,1% í kostnaðargreiningunni sem fram hefði farið árið 2002. Með því væri í raun verið að

ofmeta kostnaðargrunn rekstrar með tilheyrandi yfirverðlagningu sem því næmi. Ljóst væri að slíkt væri ekki í samræmi við rétta beitingu umræddrar kostnaðargreiningaraðferðar.

Sú réttlætning 25% álags að gert væri ráð fyrir að rekstrarkostnaðar á árinu 2009 yrði sem því næmi hærrí en á árinu 2007 gengi ekki upp. Sú aðferð sem notuð væri við kostnaðargreininguna byggði á því að allar fjárhæðir væru á verðlagi þess árs sem verið væri að greina og að aðrar forsendur miðuðust við viðkomandi ár, þ.m.t. raunverulegur rekstrarkostnaður ársins, einingafjöldi, fjárfestingar, endingartími, fjármagnskostnaður svo og aðrir þeir þættir sem tilheyrðu viðkomandi ári. Hefði rekstrarkostnaður breyst milli ára myndi sú breyting koma fram í nýrri kostnaðargreiningu sem byggði á rauntölum úr rekstri viðkomandi árs. PFS hefði því í hyggju að hafna því að álagning væri lögð á rekstrarkostnað ársins 2007 eins og Míla gerði.

Samkvæmt yfirliti Mílu frá 8. desember s.l. hefðu tekjur af stofngjöldum kopar- og ljósleiðara tenginga numið um [...] millj. kr. á árinu 2007. Þar af væru tekjur vegna markaða 11 og 13 taldar vera um [...] millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Mílu. Kostnaður vegna þessara stofngjalda væri innifalinn í framangreindum heildarkostnaði aðgangsnetsins. PFS hefði því í hyggju að draga þessar tekjur frá kostnaði við rekstur aðgangsnetsins við útreikning gjaldskrár heimtaugaleigu, en Míla hefði ekki andmælt þeirri nálgun.

PFS hefði í hyggju að styðjast við upplýsingar frá Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2007 að upphæð [...] millj. kr., að teknu tilliti til eftirfarandi atriða:

PFS áskildi sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu ef í ljós kæmi á síðari stigum að þörf væri á nánari skoðun á skiptingu einstakra kostnaðarliða á milli aðgangsnetsins og annarra sviða fyrirtækisins að mati PFS.

PFS teldi rétt að draga frá framangreindum rekstrarkostnaði aðgangsnetsins tekjur vegna stofngjalda, en kostnaður vegna þeirra væri ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði aðgangsnetsins. Tekjur af stofngjöldum næmu [...] millj. kr. á árinu 2007, en PFS teldi rétt að þessar tekjur myndu dragist frá metnum árlegum heildarkostnaði aðgangskerfisins. Þar af dragast [...] millj. kr. frá rekstrarkostnaði ársins, en [...] millj. kr. frá árgreiðslu fjárfestingar.

PFS hefði í hyggju að hafna þeirri aðferð Mílu að leggja 25% álagningu ofan á ofangreind rekstrargjöld ársins og væri því ekki tekið tillit til þeirrar álagningar í mati á rekstrarkostnaði aðgangsnetsins.

PFS gengi því út frá rekstrarkostnaði ársins 2007 sem væri tæplega [...] millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Mílu, en frá þeim kostnaði drægjust tekjur af stofngjöldum upp á rúmlega [...] millj. kr. Niðurstaða PFS væri því á þá leið að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2007 sem lagður yrði til grundvallar útreiknings heimtaugaleigu næmi samtals [...] millj. kr.

Fyrirhuguð niðurstaða um rekstrarkostnað yrði að teljast ásættanleg að mati PFS borið saman við metinn rekstrarkostnað ársins 2001 upp á [...] millj. kr. Þetta samsvaraði 28% hækkun rekstrarkostnaðar til útreiknings gjaldskrár heimtaugaleigu á sama tíma og almennt verðlag hefði hækkað um 29%. Framangreint gæfi vísbendingu um hagræðingu í rekstri á tímabilinu sem væri í samræmi við fullyrðingu Mílu þess efnis.

4.6.3 Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu

Í andmælabréfi sínu féllst Míla á þá röksemd PFS að fræðilega væri ekki hægt að leggja álag á rekstrarkostnað. Mílu reiknaðist þannig til að rekstrarkostnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar næmi [...] kr. á árinu 2008 og skiptist þannig:

[...] ³⁴

Skipting rekstrarkostnaðar á kostnaðarþætti var sögð eftirfarandi:

[...] ³⁵

Þá kom fram að stofngjöld á árinu 2008 hefðu numið [...] kr. Míla kvaðst draga stofnkostnað frá rekstrarkostnaði og árgreiðslu fjárfestinga á sama hátt og PFS hefði mælt fyrir um. Frá rekstrarkostnaði væru því dregnar [...] kr. vegna stofngjalda. Heildarrekstrarkostnaður næmi því [...] kr.

Ennfremur kom fram að gert væri ráð fyrir fjárbindingu á veltufé sem næmi 60 daga rekstrarkostnaði ársins 2008. Fjárbinding næmi því [...] *60/365, eða [...] kr. Kostnaður vegna fjárbindingar næmi því [...] kr. PFS hefur fjallað um þetta nýja sjónarmið Mílu í sérstökum kafla hér að framan (kafla 4.5) og kemur þetta atriði því ekki til nánari skoðunar hér.

³⁴ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Rekstrarkostnaður var sundurliðaður í eftirfarandi þætti: Efni, vinna, leyfisgjöld, aðkeypt þjónusta, vinnuvélar, annar kostnaður, skrifstofukostnaður, ferðakostnaður, afskrifaðar kröfur, húsnæðiskostnaður, bifreiðakostnaður, hugbúnaðarkostnaður og yfirstjórnarkostnaður.

³⁵ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Kostnaðarþættirnir voru eftirfarandi: Kopar, radíó, fjölsími, tengingar, tengigrindur, bilanir, NMS, þjónustuborð og línuúthlutun.

4.6.4 Afstaða PFS

Míla hefur lagt fram ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um rekstur og tekjur félagsins á árunum 2007 og 2008 ásamt umbeðnum skýringum. PFS byggir á þeim upplýsingum við mat sitt. Hins vegar áskilur PFS sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu komi í ljós á síðari stigum, t.d. vegna úrvinnslu annarra kostnaðargreininga fyrirtækisins, að þörf er á nánari skoðun á skiptingu einstakra kostnaðarliða á milli afkomusviða að mati PFS. Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

PFS hefur til hliðsjónar mat stofnunarinnar á hvað teljist eðlilegur og hagkvæmur rekstur heimtauganetsins í samræmi við niðurstöðu stofnunarinnar í kostnaðargreiningu sem gerð var árið 2002 og byggði á tölum úr rekstri ársins 2001.

Rekstur Mílu á árinu 2008

Á árinu 2008 nær rekstur félagsins til alls ársins, en spannaði 9 mánuði á árinu 2007.

Samandregin rekstrarreikningur Mílu fyrir árin 2008 og 2007 (millj. kr.)

Lýsing	2008	%	2007*	%
Rekstrartekjur	5.810	100%	4.136	100%
Rekstrargjöld	2.508	43%	1.744	42%
Rekstrahagn. fyrir afskr. og fjárml. (EBITDA)	3.302	57%	2.392	58%

*Apríl – des..

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) á árinu 2008 nam 3.302 millj. kr. eða 57% af rekstrartekjum. Rekstrartekjur Mílu (og áður hjá Símanum) hafa verið vaxandi á undanföllum árum og EBITDA hagnaður aukist samsvarandi jafnframt. Hagnaður af rekstri aðgangsnetsins hefur jafnframt farið vaxandi á undanföllum árum.

Áætlanir Mílu gera ráð fyrir um [...]% samdrætti á ári á næstu tveimur árum, en [...]% á árinu 2011. Míla reiknar með um [...]% EBITDA hagnaði í áætlunum félagsins fyrir árin 2009 til 2011, en í áætlunum félagsins eru ekki væntar hækkanir á gjaldskrá félagsins. Hækki gjaldskrá heimtaugaleigu um [...]% svo dæmi sé tekið skilar það sér í tæplega [...]% hækkun EBITDA hjá Mílu.

Beinn rekstrarkostnaður aðgangsnetsins á árunum 2008 og 2007 (millj. kr.)

[...]³⁶

³⁶ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Rekstrarkostnaður var sundurliðaður í eftirfarandi þætti: 1) Laun og launatengd gjöld, 2) aðkeypt þjónusta, strengir, tæki o.fl., 3) akstur og dagpeningar, 4) húsaleiga, 5) hugbúnaður og 6) annar rekstrarkostnaður.

Beinn rekstrarkostnaður aðgangskerfisins á árinu 2008 samkvæmt framangreindu yfirliti var [...] millj. kr. Yfirstjórnarkostnaður nam [...] millj. kr. eða sem nemur um 8% ofan á beinan rekstrarkostnað. Samtals nam heildar rekstrarkostnaður ársins 2008 því [...] millj. kr. án fjármagnskostnaðar, afskrifta og tekjuskatts.

Í kostnaðargreiningunni sem gerð var árið 2002 kom fram að á árinu 2001 hefði rekstrarkostnaður aðgangsnetsins numið [...] millj. kr. (skv. upplýsingum Landssíma Íslands), en niðurstaða PFS eftir endurmat á einstökum kostnaðarliðum var að rekstrarkostnaður ársins 2001 skyldi metinn [...] millj. kr. Miðað við rekstrarkostnað ársins 2008 ([...] millj. kr.) hefur rekstrarkostnaðurinn hækkað um [...] millj. kr., eða um 36%, ef miðað er við þann kostnað sem lagður var til grundvallar árið 2001. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 45%.

Tekjur aðgangsnetsins á árunum 2008 og 2007 (millj. kr.)

[...] ³⁷

Tekjur af heimtaugaleigu kopars og stofngjöldum námu [...] millj. kr. á árinu 2008 sem er 1% hækkun frá árinu 2007, en fjöldi línúgilda breytist mjög lítið.

Línúgildum fjölgaði um rúmlega 15% frá árinu 2001 til ársins 2008 miðað við meðalfjölda hvors árs um sig. Aukningin er aðallega vegna mikillar aukningar á skiptum aðgangi eða leigu á efri hluta tíðnisviðs heimtauga á framangreindu árabili, en skiptur aðgangur jókst um nálægt 900% og var fjöldinn kominn í tæplega [...] þús. tengingar að meðaltali á árinu 2008. Aukning tekna Mílu vegna fjölgunar línúgilda hefur reynst mjög hagfelld fyrir rekstur og fjárfestingar félagsins þar sem í flestum tilfellum er um að ræða leigu á efra tíðnisviði fyrirbyggjandi heimtaugar. Viðbótarkostnaður er því lítil auk þess sem Míla hefur fengið greidd umsýslugjöld fyrir hverja nýja tengingu eða færslu hennar í símsstöð. Aukning skipts aðgangs á tímabilinu er um [...] þús. tengingar sem skilar yfir [...] millj. kr. aukningu á leigutekjum á ársgrundvelli auk umsýslugjalda. Ljóst er að tekjuauki aðgangsnets Mílu á árabilinu er meiri en sem nemur hækkun rekstrarkostnaðar, en auk framangreindrar aukningar hækkaði gjaldskrá um 4,5% á árinu 2005.

PFS er sammála Mílu um að nauðsynlegt sé að greina kostnað heimtauga (markaður 11) og lúkningarhluta leigulína (markaður 13) sameiginlega þar sem mjög erfitt er að skipta kostnaði aðgangsnetsins á milli framangreindra markaða. Rekstur aðgangsnetsins er því metinn í heild, en eins og áður hefur komið fram telur PFS að sú aðferð að skipta kostnaðinum á grundvelli línúgilda hverju sinni sé best til þess fallin að aðgreina kostnað á milli viðkomandi markaða þegar þörf er á, t.d. við verðlagningu lúkningarhluta leigulína. Kostnaður vegna leigulína er hærri vegna endabúnaðar o.fl. Því er stuðull línúgildis hærri til að veða inn aukinn kostnað vegna leigulína. Hluti lúkningarhluta leigulína (markaður 13) er 4,6% af rekstrarkostnaði aðgangsnetsins og heimtauga 95,4% (markaður 11). Sé horft til tekna af heimtaugaleigu þá skiptast tekjur í sömu hlutföllum og skv. framangreindum línúgildum.

³⁷ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Þar eru tekjur aðgangsnetsins sundurliðaðar á árunum 2007 og 2008. Sundurliðunin skiptist í 1) tekjur af neðra tíðnisviði, 2) tekjur af efra tíðnisviði og 3) tekjur af stofngjöldum.

Míla hefur fallið frá kröfu um 25% álagningu á allan rekstrarkostnað. PFS hafnaði þeirri aðferð þar sem ljóst er að slíkt er ekki í samræmi við rétta beitingu þeirrar kostnaðargreiningaraðferðar sem hér er beitt. Sjá nánar umfjöllun um tekjur og gjöld 2007

Míla er sammála PFS um að þar til kostnaðargreining stofngjalda liggur fyrir að miða við hlutföll milli rekstrarkostnaðar og árgreiðslu vegna fjárfestinga þegar stofngjöld eru dregin frá árlegum rekstrarkostnaði og árgreiðslu fjárfestingar í útreikningi gjaldskrár. Samkvæmt upplýsingum frá Mílu nema stofngjöld ársins 2008 [...] millj. kr. Í samræmi við framangreint dragast [...] millj. kr. frá rekstrarkostnaði ársins og [...] millj. kr. dragast frá árgreiðslu fjárfestingar. Hvernig stofngjöldum er skipt hlutfallslega á milli reksturs og fjárfestinga breytir litlu um niðurstöðu á útreikningi heimaugaleigu.

Míla heimfærði rekstrarkostnað aðgangsnetsins yfir á einstaka kostnaðarþætti til samræmis við flokkun fjárfestinga með eftirfarandi hætti og gefur betri heildarmynd af rekstri og fjárfestingu að mati PFS.:

Rekstrarkostnaður aðgangsnetsins á árinu 2008 skipt á kostnaðarþætti

Lýsing	2008	%
Kopar	[...]	[...]
Fjölsími	[...]	[...]
Radíó	[...]	[...]
Tengingar	[...]	[...]
Tengigrindur	[...]	[...]
Bilanir	[...]	[...]
NMS	[...]	[...]
Þjónustuborð	[...]	[...]
Línuúthlutun	[...]	[...]
Samtals	[...]	100%

Niðurstaða PFS um rekstrarkostnað

PFS styðst við upplýsingar frá Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2008 að upphæð [...] millj. kr., að teknu tilliti til eftirfarandi atriða:

PFS áskilur sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu komi í ljós á síðari stigum að þörf er á nánari skoðun á skiptingu einstakra kostnaðarliða á milli aðgangsnetsins og annarra sviða fyrirtækisins að mati PFS.

PFS telur rétt að draga frá framangreindum rekstrarkostnaði aðgangsnetsins tekjur vegna stofngjalda, en kostnaður vegna þeirra var ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði aðgangsnetsins. Tekjur af stofngjöldum námu rúmlega [...] millj. kr. á árinu 2008, en PFS telur rétt að þessar tekjur dragist frá metnum árlegum heildarkostnaði aðgangskerfisins. Þar af dragast [...] millj. kr. frá rekstrarkostnaði ársins, en [...] millj. kr. frá árgreiðslu fjárfestingar. Niðurstaða PFS er því að sá rekstrarkostnaður Mílu á árinu 2008 sem lagður er til grundvallar útreiknings heimaugaleigu nemi samtals [...] millj. kr.



Fyrirhuguð niðurstaða um rekstrarkostnað telst ásættanleg að mati PFS borið saman við metinn rekstrarkostnað ársins 2001 upp á [...] millj. kr. Þetta samsvarar um 29% hækkun rekstrarkostnaðar til útreiknings gjaldskrár heimtaugaleigu á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 45%. Framangreint gefur vísbendingu um hagræðingu í rekstri á tímabilinu.

4.7 Samandregin niðurstaða

4.7.1 Upphafleg kostnaðargreining – Fjárhagsupplýsingar vegna ársins 2007

Meginniðurstaða Mílu komu fram í kostnaðargreiningum, dags. 8. desember 2008 og 15. janúar 2009, auk annarra skýringa og sundurliðana sem PFS hefur borist frá Mílu við fyrirspurnum stofnunarinnar þar um.

Rekstrarkostnaður var grundvallaður á rekstri ársins 2007 og fjárfestingar voru framreiknaðar með byggingarvístölu til ársloka 2007.

Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) var sögð [...] %.

Samkvæmt kostnaðartölum frá Mílu frá 15. janúar 2009 þá var grunnverð heimtaugarleigu sagt [...] kr. á mánuði og verð fyrir skiptan aðgang [...] kr. á mánuði miðað við verðlag ársins 2007. Heildarverð fyrir fullan aðgang var því samtals [...] kr.

Míla framreiknar tölur frá árinu 2007 til verðlags í nóvember 2008 í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar og metur grunnverð [...] kr. á mánuði og verð fyrir skiptan aðgang [...] kr. Heildarverð fyrir fullan aðgang [...] kr. á mánuði að mati Mílu.

Framangreind beiðni um verðhækkun fól í sér 94% hækkun frá núverandi verði og 103% hækkun frá verði samkvæmt síðustu kostnaðargreiningu sem gerð var á árinu 2002.

Fjöldi línuígilda miðaðist annars vegar við meðalfjölda (fyrir rekstur) og hins vegar við stöðu í árslok (fjárfestingar).

Útreikningar Mílu (janúar 2009):

Kerfishlutar	Stofnverð	WACC	Afskriftartími (ár)	Árgreiðsla
Kopar - höfuðborgarsvæðið.....	[...]	[...]%	10	[...]
Kopar - landsbyggðin.....	[...]	[...]%	18	[...]
Notendafjölsímar.....	[...]	[...]%	6,67	[...]
Notendaörbylgjur.....	[...]	[...]%	6,67	[...]
NMS kerfið.....	[...]	[...]%	5	[...]
Tækjabúnaður.....	[...]	[...]%	5	[...]
Tengigrindur.....	[...]	[...]%	18	[...]
	[...]			[...]

Útreikningar Mílu (janúar 2009):

Leiguverð eftir breytingar

Kostnaður		Álagning	Með álagningu
Beinn rekstrarkostnaður.....	[...]	25%	[...]
Yfirstjórnarkostnaður.....	[...]	25%	[...]
Rekstrarkostnaður samtals	[...]		[...]
Kostnaður við fjárbindingu.....			[...]
Kostnaður aðgangsnetsins alls			[...]

Einingaverð	Fjöldi línuígilda	Verð árið 2007	Verð í nóv 2008
Rekstur	[...]	[...]	[...]
Fjárfesting.....	[...]	[...]	[...]
Verð á heimtaug.....		[...]	[...]
Verð á skiptum aðgangi.....		[...]	[...]
<i>Verð á heimtaug</i>	[...]		
<i>Verð á skiptum aðgangi</i>	[...]		

4.7.2 Fyrirhuguð ákvörðun PFS

Eftirfarandi kom fram í boðunarbréfi PFS.

Niðurstaða kostnaðargreiningar Mílu um 94% hækkun gjaldskrár samsvaraði nálægt [...] tekjuhækkun á ársgrundvelli eða nánast [...] á tekjum aðgangsnetsins. Í kostnaðargreiningunni var grunnverð fyrir aðgang að koparheimtaug byggt á sögulegum kostnaði og miðast við árið 2007. Kostnaðargreiningin náði eingöngu til aðgangs að koparheimtaug og fyrir skiptan aðgang.

PFS hafði í hyggju að hafna þeirri aðferð Mílu að framreikna niðurstöðu sína um gjaldskrá með vísitölu til verðlags í nóvember 2008. Kostnaðargreining sem grundvallast á sögulegum kostnaði byggði á því að allar fjárhæðir væru á verðlagi þess árs sem verið væri að greina. Aðrar forsendur miðast við viðkomandi ár.

PFS hygðist hafna útreikningi Mílu á stofni fjárfestingar, en þess í stað miða við framreiknaðan stofn ársins 2001, [...] millj. kr., sem yrði síðan hækkaður um 1,1% í samræmi við fjölgun línueininga í notkun á milli árunna 2001 og 2007 og skyldi hann því vera [...] millj. kr. miðað við meðalverðlag ársins 2007.

PFS hygðist hafna niðurstöðu Mílu um [...] % ávöxtunarkröfu, en PFS hygðist þess í stað miða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) fyrir aðgangsnét Mílu við 8,6%.

PFS hygðist styðjast við upplýsingar Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2007 að upphæð tæplega [...] millj. kr., en þó með fyrirvara um skiptingu kostnaðar milli sviða. PFS taldi rétt að draga frá framangreindum rekstrarkostnaði aðgangsnetsins tekjur vegna stofngjalda, en kostnaður vegna þeirra var ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði aðgangsnetsins. Tekjur af stofngjöldum námu rúmlega [...] millj. kr. á árinu 2007, en PFS taldi rétt að þessar tekjur yrðu dregnar frá metnum árlegum heildarkostnaði aðgangskerfisins. Þar af drægjust [...]

millj. kr. frá rekstrarkostnaði ársins, en [...] millj. kr. frá árgreiðslu fjárfestingar. Því hygðist PFS meta rekstarkostnað aðgangsnetsins [...] millj. kr. á árinu 2007.

PFS hygðist hafna þeirri aðferð Mílu að leggja 25% álagningu á rekstragjöld ársins og er því ekki tekið tillit til þeirrar álagningar í mati á rekstrarkostnaði aðgangsnetsins.

PFS hygðist ekki nota erlend viðmið (e. benchmark) sem grundvöll ákvörðunar verðs Mílu, sérstaklega vegna óvissu í gengismálum, auk þess að kostnaðargreind verð lægju fyrir.

Í samræmi við útreikninga PFS komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að grunnverð heimtaugar væri 854 kr., verð fyrir skiptan aðgang væri 282 kr. og því væri verð fyrir fullan aðgang að heimtaug 1.136 kr., byggt á kostnaðargrunni ársins 2007. PFS hygðist jafnframt mæla fyrir um það að núverandi gjaldskrá væri í gildi þar til ný kostnaðargreining hefur farið fram þar sem framangreind niðurstaða væri tæplega 1% frá núverandi gjaldskrá og væri að mati PFS innan skekkjumarka og gæfi því ekki tilefni til verðbreytinga, hvort sem litið væri til grunnverðs eða skipts aðgangs.

Fram hafði komið hjá Mílu að verulegar hækkanir verðlags frá árinu 2007 hafði valdið því að rekstur félagsins hafi orðið óhagkvæmari af þeim sökum. PFS veitti því Mílu tækifæri til að senda stofnuninni nýja kostnaðargreiningu sem byggði á gögnum um rekstur og fjárfestingu félagsins á árinu 2008. Stofnunin væri tilbúin að yfirfara slíka kostnaðargreiningu og gera viðeigandi breytingar á gjaldskrá ef tilefni reynist til. Kysi Míla að halda sig við kostnaðargreiningu sem byggðist á rekstrar- og fjárfestingarupplýsingum ársins 2007 hefði PFS í hyggju að staðfesta þá niðurstöðu stofnunin hafði gert grein fyrir. Míla bauðst tækifæri til að andmæla fyrirhugaðri ákvörðun PFS áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Svar sem hefði að geyma andmæli Mílu við fyrirhugaðri ákvörðun PFS eða ósk um að kostnaðargreiningin miðaðist við árið 2008 skyldi berast PFS eigi síðar en 10. júní s.l.

4.7.3 Uppfærð kostnaðargreining 2008 – Andmæli Mílu

Fram kom í andmælum Mílu og uppfærðri kostnaðargreiningu félagsins að niðurstaða útreiknings á 2 víra heimtaug væri því [...] kr. mánuði fyrir grunnaðgang miðað við neðangreindan árgreiðslu fjárfestinga:

[...] ³⁸

³⁸ Tafla felld brott vegna trúnaðar.

4.7.4 Afstaða PFS

Í framangreindri kostnaðargreiningu er grunnverð fyrir aðgang að koparheimtaug byggt á sögulegum kostnaði og miðast við árið 2008. Kostnaðargreiningin nær eingöngu til aðgangs að koparheimtaug og fyrir skiptan aðgang en ekki fyrir hýsingu, aðgang að aðstöðu eða einskiptisgjöld tengdum koparheimtaug. Ennfremur nær kostnaðargreining þessi ekki til breiðbands eða ljósnet Mílu enda er sú þjónusta ekki bundinn kvöðum, a.m.k. ekki enn sem komið er. Míla vinnur nú að sérstakri kostnaðargreiningu fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum, ásamt einskiptisgjöldum eins og stofngjöldum.

PFS hygðist mæla fyrir um það að núverandi gjaldskrá gildi þar til ný kostnaðargreining hefði farið fram þar sem niðurstaða PFS sem byggði á tölum frá árinu 2007 væri innan við 1% frá núverandi gjaldskrá. Niðurstaðan var að mati PFS innan skekkjumarka og gæfi því ekki tilefni til verðbreytinga, hvort sem litið væri til grunnverðs eða skipts aðgangs.

Fram hafði komið hjá Mílu að verulegar hækkunarverðlags frá árinu 2007 hefðu valdið því að rekstur félagsins hafi orðið óhagkvæmari af þeim sökum. PFS veitti Mílu því tækifæri til að senda stofnuninni nýja kostnaðargreiningu sem byggði á gögnum um rekstur og fjárfestingu félagsins á árinu 2008. Míla varð við þeirri áskorun PFS og sendi þann 10. júní s.l. beiðni þar um ásamt gögnum um rekstur og fjárfestingar ársins 2008.

Upphafleg beiðni Mílu sem byggði á rekstrarárinu 2007 var um 94% hækkun gjaldskrár sem samsvarar nálægt [...] tekjuhækkun á ársgrundvelli eða [...] á tekjum aðgangsnetsins. Með gögnum ársins 2008 lagði Míla fram útreikninga sem fela í sér beiðni um að grunnverð hækki úr 862 kr. í [...] kr. Þrátt fyrir að um lækkun sé að ræða frá fyrri útreikningum Mílu þýðir beiðnin 42% hækkun á gjaldskrá sem samsvarar tæplega [...] kr. í tekjuhækkun á ársgrundvelli. Slík hækkun er að mati PFS óraunhæf ef litið er til markaðslegra aðstæðna hvað varðar talsíma og gagnaflutning.

Þegar stofn fjárfestingar styðst við sögulegan kostnað skal PFS, sbr. reglugerð nr. 960/2001 og kvöð um eftirlit með gjaldskrá, hafa til samanburðar áætlað verð fjárfestingar sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði. Það er mat PFS að sá grunnur sem lagður var í kostnaðargreiningu sem gerð var árið 2002 og er grundvöllur núverandi gjaldskrár komist næst því að vera viðmið fyrir hagkvæmt uppbyggt net.

Míla fer fram á að stofn fjárfestingar verði alfarið byggður á sögulegum kostnaði og framreiknaður til verðlags í árslok 2008, alls [...] millj. kr. sem samsvarar 106% hækkun frá stofni fjárfestingar í árslok 2001. PFS getur ekki samþykkt mat Mílu á stofni fjárfestingar í aðgangsnnetinu sem eingöngu byggir á sögulegum kostnaði fyrirtækisins án þess að hafa samanburð til viðmiðunar. PFS ber skylda til að gera slíkan samanburð og telur að með því að taka mið af því vandaða mati sem fram fór á árinu 2002 á stofni fjárfestingar sé stofnunina að uppfylla skyldu sína í þessu efni. Að öðrum kosti er telur PFS að endurskoða þurfi forsendur

mats fjárfestinga í grundvallaratriðum. Slíkt mun hafa í för með sér að ekki verður lengur stuðst við sögulegan kostnað heldur verður beitt aðferð sem er óháð kostnaði Mílu eins og LRIC aðferðin gerir.

PFS miðar fjárfestingarstofn á árinu 2008 við framreiknaðan stofn ársins 2001 [...] millj. kr. til meðalverðlags 2008 skv. byggingarvísitölu. Stofninn hækkar með því móti í [...] millj. kr. sem samsvarar um 66% hækkun frá árinu 2001. Með þessu móti er Mílu að fullu tryggður sami raun afskriftargrunnur fjárfestingar og áður auk þess sem eingöngu er miðað við virkar línur, auk þess sem Míla fær bættan hækkandi fjárfestingarkostnað sinn umfram almennt verðlag sem nemur tæplega [...] milljarð kr. á tímabilinu.

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur PFS ákveðið að miða veginn meðalkostnað fjármagns (WACC) fyrir Mílu við 8,7%. PFS byggir WACC útreikninga á raunvöxtum. Reiknað er með ávöxtunarkröfu eigin fjár fyrir skatta, en hins vegar er tekið tillit til skatthagræðis vaxta af lánsfé í samræmi við reglugerð nr. 960/2001, eins og áður hefur komið fram.

Míla fer fram á að tekið sé tillit til fjárbindingar í birgðum félagsins. Fjárbinding í veltufé og tímamismunur tekna og gjalda er að mati PFS ekki grundvöllur fyrir sérstakri ávöxtunarkröfu fjárbinding í veltufjármunum þar sem rauntölur Mílu styðja ekki slíka kröfu.

PFS styðst við upplýsingar Mílu um rekstrarkostnað aðgangsnetsins á árinu 2008 að upphæð tæplega [...] millj. kr., en þó með fyrirvara um skiptingu kostnaðar milli sviða. PFS telur rétt að draga frá framangreindum rekstrarkostnaði aðgangsnetsins tekjur vegna stofngjalda, en kostnaður vegna þeirra er ekki aðgreindur frá öðrum kostnaði aðgangsnetsins. Tekjur af stofngjöldum námu rúmlega [...] millj. kr. á árinu 2008 og er Míla sammála PFS um að þessar tekjur dragist frá metnum árlegum heildarkostnaði aðgangsnetsins. Af stofngjöldunum dragast [...] millj. kr. frá rekstrarkostnaði ársins, en [...] millj. kr. frá árgreiðslu fjárfestingar. Því er það niðurstaða PFS að meta rekstarkostnað aðgangsnetsins [...] millj. kr. á árinu 2008 eða sem nemur 29% hækkun frá árinu 2001.

Tekjur aðgangsnetsins hafa aukist umfram rekstrarkostnað á tímabilinu 2001 til 2008. Skýringin er að stærstum hluta auknar tekjur vegna skipts aðgangs og 4,5% hækkun gjaldskrár á árinu 2005.

PFS er ljóst að ekki er hægt með nákvæmum hætti að skipta heildarkostnaði aðgangsnetsins á milli markaða 11 (heimtaug) og 13 (lúkning leigulína), enda er í grunninn um sama kostnað að ræða að mestu. Gera verður þó ráð fyrir að kostnaður vegna leigulína sé að einhverju leyti hærri vegna búnaðar o.fl., en með umreikningsstuðlum yfir í línuígildi er lögð til nálgun til að vega inn þennan viðbótarkostnað vegna leigulína. Þegar heildarkostnaði aðgangsnetsins er skipt niður eftir meðalfjölda línuígilda ársins 2008 þá tilheyrir 95,4% markaði 11 og 4,6% markaði 13.

Í samræmi við eftirfarandi útreikninga hefur PFS í hyggju að ákvarða grunnverð heimtaugar 916 kr. á mánuði, verð fyrir skiptan aðgang 302 kr. á mánuði og því er verð fyrir fullan aðgang að heimtaug 1.218 kr. á mánuði, byggt á kostnaðargrunni ársins 2008, sbr. eftirfarandi útreikninga:

[...] ³⁹

Í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá mun PFS meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni hvort kostnaðargreining byggð á sögulegum kostnaði sé fullnægjandi grunnur að ákvörðun gjaldskrár eða hvort þörf sé fyrir notkun LRIC aðferðar.

Það er mat PFS að óbreytt kostnaðargreining Mílu sé ófullnægjandi grunnur að gjaldskrá. Því gæti verið þörf sé fyrir beitingu LRIC aðferðar. Hins vegar er það álit PFS að framangreind kostnaðargreining Mílu með þeim breytingum sem PFS hefur gert sé fullnægjandi grundvöllur að gjaldskrá að svo stöddu.

³⁹ Tafla felld brott vegna trúnaðar. Fram kemur útreikningur á árgreiðslu fjárfestinga auk rekstrarkostnaðar ársins 2008, ásamt fjölda línueininga. Niðurstaðan er sú að grunnverð fyrir heimtaug skuli vera 916 kr. og verð fyrir skiptan aðgang 302 kr. Samtals 1.218 kr. Áðurgildandi verð var 1.147 kr. og er því um að ræða 6,18% hækkun.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir uppfærða kostnaðargreiningu Mílu ehf., dags. 10. júní 2009, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari. Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug skal vera kr. 1.218 á mánuði án vsk.. Þar af skal grunnverð (neðra tíðnisvið) vera kr. 916 og verð fyrir skiptan aðgang (efra tíðnisvið) vera kr. 302.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. september 2009, enda tilkynni félagið leigutökum um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 30 daga fyrirvara, sbr. 3. kafla viðmiðunartilboðs félagsins fyrir opinn aðgang að heimtaugum, dags. 1. apríl 2009. Að öðrum kosti frestast gildistaka verðskrárbreytingarinnar þar til félagið hefur uppfyllt umrætt ákvæði viðmiðunartilboðsins.

Míla skal uppfæra viðmiðunartilboð fyrir opinn aðgang að heimtaugum eigi síðar en við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 17. júlí 2009.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson